

DRV



**25 ára
afmælis-
tilboð**



Hirzlan

**25
ára**

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN - MEÐ ÞÉR Í 25 ÁR



**Ódýrustu
rafmagnsborðin
á Íslandi!**

**-30%
af öllum
vörum**



25 ára afmælistilboð Hirzlan



A7 RAFMAGNSBORD
með 2 móturum og
minnisstýringu. Fjöldi
stærða og lita í boði.

Áður frá 101.700 kr.
Nú frá 71.190 kr.

30% afsláttur af öllum vörum
... og meira af sumum allan afmælistímanninn!

MYNDFORM GRAFIK



ERGOMEDIC 100-2
með 360° Dondola
Áður 169.900 kr.
Nú 118.930 kr.



HEADPOINT
Áður 71.900 kr.
Nú 49.900 kr.



-30%

TENTO MÖPPUSKÁPAR
Mikið til á lagar í eik, hvítu, beiki og svörtu.

ERT ÞÚ MEÐ
VERKEFNI?

Leitaðu tilboða því
við viljum allt fyrir þig
gera á afmælistíminum

Hirzlan ^{25 ára}

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN - MEÐ ÞÉR Í 25 ÁR

Síðumúla 37,
108 Reykjavík
Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is
www.hirzlan.is

MAGNI JÁTAR MORÐ

„Ég veit þú gerðir ekki það sem þú ert sakaður um pabbi



12-13


13. APRÍL 2018 / 14. TBL. 108. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

DV

Naustavör sagði Svövu upp leigunni

„Ég ligg kannski, en ekki í fyrsta höggi“

■ 89 ára gömul og á götunni



4

JÓN VIÐAR

Í RÚMINU SVO VIKUM SKIPTI VEGNA ÞUNGLYNDIS

„Ég tel að þjóðfélag án trúar muni að endingu eyða sjálfu sér



■ Fékk opinberun níu ára ■ Glímt við kvíða frá barnæsku ■ Íslenskt leikhús að verða ruslahaugur meðalmennsku ■ Margir geðlæknar hættulegir

26-30

Tímavélin:

Vændi við Ránargötu

■ Bjarni Benediktsson var sakaður um linkind



„Þetta var heilmikið áfall



Kristinn og Þorsteinn hurfu sporlaust

54-55

Heyrst hefur ...

- ➔ Sigmar og Bryndís skilin
- ➔ Bryndís og Gísli kaupa glæsihýsi
- ➔ Gísli taldi sig sjá innbrotspjóf



Snappar á Kleppi

■ Endaparmssigið varð Erlu Kolbrúnu um megn 51

ÍSLANDS APÓTEK

Sjálfstætt starfandi apótek sem býður persónulega þjónustu og hagstæð verð á lyfjum og öðrum heilsutengdum vörum.



Ellí- og örorkulífeyrisþegar njóta sérkjara hjá Islands Apóteki

OPNUNARTÍMAR:

Virka daga 09.00-19.00
Laugardaga 10.00-16.00
Sunnudaga 12.00-16.00

LAUGAVEGI 46 / S: 414 4646

RECARO

Barnabílastólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



LOF & LAST

– Björg Kristín Oddviti Höfuðborgarlistans

Lofid fær bæjarstjórn Kópavogs fyrir að láta byggja brú til Reykjavíkur og láta aðra greiða fyrir hana. Kópavogur beitir klókendum til að ná fyrir tækjum og einstaklingum frá Reykjavík. Kópavogur fær unga fólkid, fyrirtækin og fjármagnid.

Lastid fær öll borgarstjórn Reykjavíkur, bæði þeir sem eru við völd og hinir valdalausir sem sitja aðgerðarlausir hjá. Ekkert heyrir í þessu fólki. Framkvæmdastjórn Reykjavíkur borgar fela sig í turnum og bak við vatnshana og í fjöllum borgarinnar. Nú þurfum við að vaða yfir lækinn og ná í snillingana sem láta greiða allt fyrir sig. Núverandi valdhöfundur og þeim valdalausum dettur ekkert í hug annað en greiða allt fyrir Kópavog hvort sem það er brú eða samgöngur.



Síðustu orðin

„Ég var eitt sinn spurður – ég man ekki af hverjum – hvort einhver leið væri að stöðva kynferðisbrota-menn. Ég svaraði nei. Ég hafði rangt fyrir mér.“

– Barnaníðingurinn Westley Allen Dodd, 5. janúar 1993, rétt áður en hann var hengdur

Á þessum degi, 13. apríl

1204 – Konstantínópel, nú Istanbúl, er hertekin af krossförum í Fjórðu krossferðinni og markaði það tímabundin endalok Býsansríkis.

1870 – Metropolitan Museum of Art í New York-borg er stofnað.



1943 – Fjöldagrafarnir í Katyn-skógi finnast. Þær geymdu líkamsleifar þúsunda pólskra stríðsfanga sem myrtir voru af sovéskra hernum.



1964 – Sidney Poitier vinnur Óskarsverðlaunin sem besti karleikarinn, fyrstur bandarískra blökkumanna, fyrir hlutverk sitt í *Lilies of the Field*.

1997 – Tiger Woods er yngstur kylfingur til að bera sigur úr býtum á Masters-gölmótinu.

Vilja ekki upplýsa hvenær leigusamningur var gerður

Engar verklagsreglur til 500 á biðlista eftir húsnæði

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Inga Sæland, formaður Flokks fólksins, og Björn Arnar Magnússon, framkvæmdastjóri Brynju, hússjóðs Öryrkjabandalagsins, neita að upplýsa hvenær samkomulag milli Ingu og sjóðsins um tvöfalda húsaleigu hennar var handsalað. Inga svarar ekki fyrirspurn DV um málið og það tók blaðið tæpar tvær vikur, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, að fá viðbrögð frá Birni Arnari. Þegar það tókst loks sagðist framkvæmdastjórnin neita að tjá sig um mál einstakra leigjenda. Aðspurður hverjar verklagsreglur væru almennt þegar breytingar yrðu á tekjum eða eignastöðu leigjenda hjá Brynju sagði Björn Arnar: „Það eru engar verklagsreglur til varðandi svona mál enda koma þau aldrei upp.“ Þá sagði hann að samningur yrði ekki þinglýst á eignina eins og gert er með alla aðra leigusamninga félagsins.

Sakar DV um illgírni

Eins og kom fram í frétt DV á dögunum hefur Inga leigt íbúð af Brynju í sjö ár. Íbúðin er skráð fjögurra herbergja og er 148 fermetrar að stærð, þar af 28 fermetra bílskúr. Húsaleigan sem Inga hefur greitt hefur verið afar hagstæð. Samkvæmt þinglýstum

leigusamningi var leigan um 110 þúsund krónur á mánuði og var þeim upplýsingum slegið upp í frétt blaðsins. Eins og áður svaraði Inga ekki spurningum blaðsins um málið en nokkrum dögum eftir að fréttin birtist gaf hún út þá yfirlýsingu á Facebook-síðu sinni að leigan væri í raun tvöföld. „Eftir að ég varð þingmaður varð það samkomulag milli mín og Brynju hússjóðs ÖBÍ að á meðan ég starfaði sem slíkur myndi ég greiða 100% hærri húsaleigu þegar ég hefði náð þeim hámarksviðmiðunartekjum sem þeir miða við“, skrifði Inga og sagði að samkvæmt heimabanka sínum ætti hún að borga 235.418 krónur í leigu fyrir apríl mánuð. „Já, hann er misjafn skíturinn sem flæðir með allri sinni illgírni“, bætti Inga við.

Í viðtali við Stöð 2 skömmu síðar sagði Inga að samningurinn hefði verið gerður „fyrir stuttu“ og að hún væri þakklát fyrir þann velvilja sem hússjóðurinn sýndi henni og þeim breyttu aðstæðum sem hún væri í. „Ég get ekki fullþakkað það, þetta er náttúrulega mitt friðhelgi, mitt heimili og eina öryggið sem ég á“, segir Inga.

Árslaun uppá 20 milljónir króna Brynja, hússjóður Öryrkjabandalagsins, á og rekur um 860 íbúðir sem leigðar eru út á hagstæðu verði til Öryrkja. Eftirspurn eftir húsnæði á vegum félagsins hefur aldrei verið meiri en umsækjendur geta vænst þess að biðtíminn eftir íbúð sé um fjögur ár. Til þess að eiga rétt á einstaklingsíbúð hjá Brynju verða árstekjur umsækjanda að vera undir 4.749.000 króna á ári, sem eru mánaðarlaun upp á rúmlega 395 þúsund krónur á mánuði. Hámarkið fyrir hjón og sambúðarfolk er 6.649.000 krónur á ári, sem eru mánaðarlaun upp á rúmlega 554 þúsund krónur.

Mánaðarlaun Ingu Sæland á Alþingi eru tæplega 1,7 milljónir króna á mánuði auk fastra mánaðarlegra kostnaðargreiðslna upp á 70 þúsund krón-

ur. Það gera árslaun upp á rúmar 20 milljón króna. Laun hennar eru því rúmlega fjórföld hámarksárslaun einstaklinga og tæplega þreföld hámarksárslaun hjóna eða sambúðarfólks sem hefur í hyggju að sækja um íbúð hjá Brynju.

Í áður nefndu viðtali við Stöð 2 sagði Inga að sjóðurinn hefði horft til þess að ekki væri „alveg þar með sagt að hún væri komin til þess að vera öryrki á ofurlaunum lengi.“ DV myndi gjarnan vilja spyrja Ingu, ef hún svaraði spurningum blaðsins, hvort starfsöryggi hennar sem þingmanns væri virkilega minna en annarra einstaklinga á vinnumarkaði. Kjörtímabilid er fjögur ár og ef þingi yrði slitið fyrir og boðað til kosninga þar sem Inga myndi missa þingsæti sitt þá má ekki gleyma því að hún fengi greidd biðlaun í þrjá til sex mánuði eftir atvikum. ■



Íbúðin sem Inga Sæland leigir af Öryrkjabandalaginu er 148 fermetrar að stærð. Íbúðin er á jarðhæð og fylgir rúmgóður sólfallur með eigninni.

5 fréttir sem DV sleppti í vikunni

Lesendur hafa lengi haft á orði að fátt ef eitthvað sé DV óviðkomandi og hefur í ófá skipti verið spurt hvort „þetta sé frétt“ í athugasemdakerfinu. Svo er ekki og líkt og aðrir fjölmiðlar sleppir DV stundum því að segja frétt þegar það er metið svo að ekki sé tilefni til. Því til sönnunar hefur DV tekið saman fimm fréttir sem DV sleppti í vikunni.



Guðmundur Franklín sakar RÚV um að vega að Simpson-fjöl-skyldunni

Stjórnmalamaðurinn fyrrverandi Guðmundur Franklín Jónsson vandaði Ríkisútvarpinu ekki kveðjurnar vegna innslags í þættinum *Víðsjá* þar sem talað er um að Simpsons-persónan Apu Nahasapeemepetilon sé tímasekkja.



Vinstri græn gagnrýnd vegna „R“ í póstsendingum

Vinstrireyfingin – grænt framboð sendi tölvupóst á félagsmenn þar sem nafn flokksins var „Vinstri grænir“. Flokkurinn var gagnrýndur í Feministaspjallinu fyrir að kalla sig ekki „Vinstri græn“. Framboðandi flokksins baðst afsökunar og sagði að „R-id“ yrði fjarlægð.

Þetta er það sem gerist þegar þú prumpar um borð í smábíl

Myndin skýrir sig sjálf.



Jónas kallar Sjálfstæðismenn bófa


Jónas Kristjánsson, fyrrverandi ritstjóri, fer ófögurum orðum um Sjálfstæðismenn á blogg síðu sinni eins og svo oft áður. Kallar hann Sjálfstæðismenn bófa og oddvita flokksins í Reykjavík „billegan braskara“.

Laddi á Krúsku

Spéfuglinn Laddi, Þórhallur Sigurðsson, sást úti að borða á veitingastaðnum Krúsku við Suðurlandsbraut í vikunni. Ekki er vitað hvað hann pantaði sér.



IRI REYKJAVIK
1-17 JÚN



2018

**DAGSKRÁIN
ER KOMIN**

LISTAHÁTIÐ

LISTAHATIÐ.IS

BUBBI FALINN

„Míning. Hótel. Vakna við að hótelstjórinn stendur fyrir framan mig. Opnar skyrtna. Húðflúr blasir við. Páfagaukur. Hann segir viltu sjá hann stökkva niður á prikið og benti á klofið. Ég sagðist brjóta prikið en fyrst myndi ég rota hann. Hann fór.“ Þessu minningarbroti deildi Bubbi Morthens með þjóðinni á Twitter-síðu sinni í vikunni. Bubbi var falinn á blaðsíðu fjögur í síðasta blaði. Sá sem fann Bubba og var dreginn út sem vinningshafi heitir Stefán Steingrímur Bergsson. Sendir DV honum innilegar hamingju-óskir.

Nú sem endranær er ásjóna Bubba falin í blaðinu. Ef lesendur finna kappann þá geta þeir sent lausnirnar á bubbi@dv.is. Verðlaunin að þessu sinni eru árituð bók eftir rithöfundinn Ágúst Borgþór Sværissón og afhendast í eigin persónu.

Finndu Bubba í blaðinu



Það er staðreynd að ...

Skjaldbökur eru gæddar þeim eiginleika að geta andað í gegnum rassinn.



Í Michigan-fylki í Bandaríkjunum er giftum konum óheimilt að klippa sjálfar á sér hárið án þess að fá leyfi til þess frá eiginmönnum sínum. Í Vermont-fylki þurfa konur skriflegt leyfi eiginmannsins ef þær vilja ganga með falskar tennur.



Bananar flokkast sem ber. Jarðarber flokkast hins vegar ekki sem ber.



Charlie Chaplin tók einu sinni þátt í keppni um „Besta tvífara Charlie Chaplin.“ Hann lenti í þriðja sæti.



Hægt er að brenna 150 hitaeiningum með því að lemja höfðinu í vegg í eina klukkustund.

Árið 2015 létu fleiri lífið í tengslum við sjálfa („selfie“) myndatökur heldur en í hákarlaársum.



89 ára gömul og á götunni:

„Ég ligg kannski, en ekki í fyrsta höggi“

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Þessi óvissa fer ekki vel í mig. Það kys enginn að vera í hrakningum með húsnæði á þessum aldri,” segir Svava Gunnlaugsdóttir, leigjandi í Bodaþingi í Kópavogi. Húsið er í eigu Naustavara ehf. sem er félag í eigu Sjómannadagsráðs og er ætlað einstaklingum sem eru 60 ára eða eldri. DV fjallaði á dögunum um þá staðreynd að fimm leigutakar hefðu fengið bréf þess efnis að þeim væri gert að yfirgefa leiguíbúðir sínar fyrir 1. október næstkomandi. Þar á meðal er Svava, sem verður níræð í október á þessu ári. Staða hennar er þó enn verri því á meðan aðrir leigjendur þurfa að yfirgefa íbúðir sínar í haust þá átti Svava að yfirgefa húsnæðið sitt fyrir 1. apríl. „Ég fékk eins mánaðar frest því ég fór til útlanda til þess að vera viðstödd brúðkaup dóttursonar míns. Ég veit ekkert hvað tekur við,” segir Svava. Hún segir að vegna mistaka hafi hún í raun verið leigusamningslaus í mörg ár og að það hafi Naustavör nýtt sér til að henda henni fyrr á götuna en ella.

Fékk 570 þúsund krónur í skaðabætur

Upphaf málsins má rekja til deilna varðandi innheimtu húsaleigu sem hófust árið 2011. Naustavör á og leigir 95 íbúðir í Bodaþingi 22 og 24. Um árabil innheimti félagið húsaleigu að viðbættu sérstöku húsgjaldi. Húsgjaldið átti aðeins að fara í að greiða kostnað við rekstur sameignar húsanna en í ljós kom að ýmis annar kostnaður, meðal annars stjórnunarkostnaður, var greiddur með húsgjaldinu. Það fór illa í leigjendur sem kröfðust úrbóta.

EKKI náðist sátt í málinu milli deiluaðila. Það endaði með því að fjölmennur fundur íbúafélagsins ákvað að leita réttar síns fyrir dómstólum. Fimm stjórnarmenn fóru í mál fyrir hönd annarra félagsmanna og svo fór að þeir unnu málið í héraði. Niðurstaðan varð sú að Naustavör bar að endurgreiða leigutökum sínum hundruð þúsunda króna á hverja íbúð.

„Ég fékk endurgreiddar um 570 þúsund krónur,” segir Svava. Nokkrum dögum eftir að dómurinn féll þá var henni, eins og öðrum leigutökum, boðið að skrifa undir nýjan leigusamninginn. Þar kom fram að húsaleigan myndi hækka sem næmi húsgjaldinu ólöglega og að leigjendur yrðu að afsala sér skaðabótunum.

„Það gat enginn með sjálfsvirðingu skrifað undir slíkan samning,” segir Svava. Skömmu síðar hafi starfsmaður Naustavara haft samband og spurt

hana hvort hún hefði lesið samninginn. „Ég sagðist ekki hafa lesið neitt enda væri ég með öllu sjónlaus,” segir Svava. Nágranni hennar hafi þó lesið fyrir hana skilmálana og sagði hún að ekki kæmi til greina að skrifa undir. Þá fékk hún þau skilaboð frá starfsmanninum að samningnum yrði sagt upp og hún yrði að leita sér að öðru húsnæði. „Ég sagði henni þá að það myndi ekki gerast þegjandi og hljóðalaust,” sagði Svava.

Valdbeiting og niðurlægning

Í fyrri frétt DV um málið lýsti Ólafur Guðmundsson, einn þeirra leigutaka Naustavara ehf. sem neitaði að skrifa undir hinn nýja samning, að íbúar hafi upplifað mikla valdbeitingu og niðurlægningu. „Það vill enginn vera í húsnæðishrakningum á gamals aldri, að leita sér að nýrri íbúð til þess að leigja með tilheyrandi óvissu og raski. Það voru margir íbúar grátandi hérna á göngunum því fólk vissi ekki sitt rjúkandi ráð. Það er erfitt að sætta sig við að einhver hafi brotið á manni í mörg ár og þegar dómur er kveðinn upp þá hafi viðkomandi ekki meiri sómakennnd en svo að hann hótar manni húsnæðismissi nema maður skrifi undir skjal þar sem maður afsal-

ar sér skaðabótunum. Þetta er ekkert annað en fjárkúgun,” sagði Ólafur. Hann og eiginkona hans, Súsanna O. Jónmundsdóttir, hafi haft of ríka réttlætiskennnd og neitað að skrifa undir þennan víðauka við leigusamninginn, líkt og Svava.

Eins og áður segir er staða Svövu verst af þeim sem senn missa húsnæði sitt. Hún flutti upphaflega inn í Bodaþingi 24 árið 2012 en nokkru síðar skipti hún um íbúð og fluttist yfir í hús númer 22. „Ég vildi fá meira sólarljós inn til mín,” segir Svava. Aldrei var gerður við hana nýr leigusamningur vegna flutningsins. „Það uppgötvadist bara nýlega þegar hringt var í dóttur mína og hún spurð af hverju ég væri ekki að sækja um húsaleigubætur,” segir Svava. Auk þess að hafa verið snuðuð um húsaleigubætur þá nýttir Naustavör ehf. nú þá staðreynd að hún sé samningslaus til þess að henda henni fyrr úr íbúð sinni.

Liggur ekki í fyrsta höggi

Þrátt fyrir óréttlætið og óvissuna sem yfir henni vofir þá ber Svava sig nokkuð vel. Hún getur ekki treyst á aðstoð fjölskyldu sinnar í þessum hremmingum en dóttir hennar býr erlendis og dóttur-

Svava á að yfirgefa leiguíbúð sína hjá Naustavör ehf. í þessum mánuði. Hún fagnar 90 ára afmæli sínu í október á þessu ári.

sonur hennar, sem er henni afar nær, býr í Malasíu. „Dóttir mín er sjálf elliðfeyrisþegi,” segir hún og skellihlær. Dóttursonur hennar kvæntist í Malasíu í marsmánuði og það hana um að vera viðstadda brúðkaup. „Ég samþykkti það strax. Ég sagðist hafa neit að honum einu sinni og myndi aldrei gera það aftur,” segir Svava. Hún var afar ánægð með ferðina sem reyndi þó afar mikið á hana.

Hún segist hafa sagt dóttursyni sínum frá hremmingunum þó að hún hafi ekki viljað varpa skugga á hátíðarhöldin. „Hann vildi að ég yrði bara eftir hjá sér og það gæti vel verið að ég fari bara aftur til hans. Ég kunni ágætlega við mig í Kúala Lúmpúr,” segir Svava.

Það eru því ekki aðrir fjölskyldumeðlimir hérlendis til að hjálpa henni í yfirvofandi flutningum. Það er þó engan bilbug að finna á Svövu. „Fyrir mörgum árum var ég afar hrifin af manni. Hann var heljarmenni að burðum og þess vegna voru strákarnir í sveitinni alltaf að reyna að slást við hann. Hann sagði þá hlýlega við þá að kannski myndi hann liggja, en það yrði ekki í fyrsta höggi. Ég ætla að gera hans orð að mínum. Ég ligg kannski, en ekki í fyrsta höggi,” segir Svava. ■

nettoline
STYRKUR - ENDING - GÆÐI



HÁGÆÐA DANSKAR ELDHÚSINNRETTINGAR

★★★★★
TRUSTPILOT
Nettoline fær 5 stjörnur frá
dönskum gagnrýnendum



PITT ER VALIÐ

Þú velur að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsgöðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska.



GOTT SKIPULAG

Það getur verið mikil kúnt að nýta pláss á sem bestan máta. Með fjölbreyttum skápalausnum frá Fríform á hver hlutur sinn stað. Gott skipulag léttir þér lífið og sparar bæði tíma og fyrirhöfn.



VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM

Komdu með eða sendu okkur málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherberginu - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki og vönduð raftæki á vægu verði.

OPIÐ:

Mán. - fim. kl. 09 til 18
Föstudaga kl. 09 til 17
Laugardagar kl. 11 til 15

 **Friform**
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is



Tvífarar vikunnar

Tvífarar vikunnar eru stór-söngvarinn Egill Ólafsson og skoski leikarinn Graham MacTavish sem fer með hlutverk Dougal MacKenzie í sjónvarpsröðinni Outlander. Margir hafa haft orð á líkindunum, bæði á Twitter og Facebook, svo ljóst er að almennt þyki þeir ansi líkir. Í gervi MacKenzie ber Graham í þokkabót forláta hálsklút, en Egill sést einmitt ósjaldan með slíkan um hálsinn.

Hver er hann?



■ Fæddur og upp-alinn í Keftavík

■ Á langan tónlistarferil, var meðal annars í hljómsveitum Þú og ég, Póker og Change

■ Skartar oft myndarlegu yfirvaraskeggi

■ Kynntist samstarfsmanni sínum, Magnúsi Sigmundssyni, í klóakvinnu

■ Höfðaði mál gegn norskum lagahöfundum vegna stuldar á laginu Sóknudur

SVAR: JÓHANNA HELGASON



„Reyndi að fá mig til þess að hringja ekki á löggunna“

■ Bílprófslaus sendill frá Domino's lenti í árekstri við Ástu Kristínu

Björn Porfinnsson
bjornth@dv.is



Ég veit ekki hvenær þeir ætla að kippa þessu almennilega í liðinn. Kannski þegar einhver lætur lífið," segir Ágústa Kristín Jónsdóttir í samtali við DV. Undir lok árs 2016 keyrði pítsusendill frá Domino's inn í hlið bifreiðar hennar við Fitjar í Reykjanesbæ. Bifreið Ágústu Kristínar var kyrrstæð þegar áreksturinn átti sér stað og var hún í fullum rétti. Á vettvangi kom í ljós að pítsusendillinn var próflaus. „Hann reyndi ítrekað að fá mig til þess að hringja ekki á löggunna. Að það væri brjálað að gera og hann þyrfti að fara aftur að vinna. Við gætum fyllt út tjonaskýrsluna síðar," segir Ágústa Kristín.

Þegar að hún lét sér ekki segjast þá viðurkendi hann fyrir henni að hann væri próflaus. „Ég varð alveg fokreið en ákvað að segja ekki neitt fyrir en lögreglan kom," segir Ágústa Kristín. Þegar laganna verðir mættu á vettvang þá sagði hún þeim allt af léttu og í kjölfarið var bílstjórinn yfirheyrður. „Ég fór síðan í skoðun á sjúkrahúsi en ég veit ekki hvernig mál sendilins þróaðist," segir Ágústa Kristín. Hún varð fyrir meiðslum í slysinu sem ágerðust eftir annað bílslys

sem hún lenti í stuttu síðar og hefur verið óvinnufær síðan. Lögfræðingur er að vinna í málinu fyrir hennar hönd.

Aldrei spurður um ökuskirteini

Í síðustu viku greindi DV frá því að bílprófslaus sendill frá Domino's hefði verið rekinn eftir að hafa valdið tjóni á bíl sem fyrirtækið var með á leigu. Starfsmaðurinn sagðist hafa sótt um og fengið vinnu hjá fyrirtækinu og talið sig vera að fara að baka flatbökur. Þegar á hólminn var komið var honum skipað að keyra veitingarnar út og þá voru góð ráð dýr enda pilturinn hvorki með réttindi né kunnáttu til þess. „Ég fór inn á klósett til að læra hvernig á að keyra beinskiptan bíl, svo fékk ég líka hjálp frá hinum sendilunum," sagði sendillinn fyrirverandi í samtali við DV. Hann var ráðinn af vakstjóra staðarins og kvaðst aldrei hafa verið spurður um ökuskirteini í því ferli. Hann var ósáttur við þá óbilgírni fyrirtækisins að rukka hann um tæplega 500 þúsund krónur vegna tjónsins.

Treysta á samvisku starfsmanna

Í skriflegu svari til DV segist Snorri Jónsson, mannaútsstjóri Domino's, ekki kannast við ofangreint slys við Fitjar frá 2016 en tekur

Á síðustu tveimur árum eru að minnsta kosti tvö tilvik þar sem bílprófslausir sendlar fyrirtækisins hafa valdið tjóni.

fram að þýði ekki að það hafi ekki átt sér stað. „Við lendum því miður í nokkrum tjónum á ári en sem betur fer verða sjaldan slys á fólki. Atvikin eru að sjálfsögðu afgreidd af tryggingafélagi okkar, ávallt," skrifar Snorri.

Hann sagði að ekki væri að finna upplýsingar í skráum fyrirtækisins um að bílprófslausir sendlar fyrirtækisins hefðu valdið fleiri slysum en þeim sem áður er lýst. „Nei, það er ekki að finna í okkar skráum en við greinum öll tjón með tryggingafélagi okkar og vinnum markvisst að því, meðal annars með námskeiðum í samstarfi við tryggingafélagið, til að takmarka tjón og hegðun sem getur leitt til tjóna," skrifar Snorri.

Snorri segir að nýlega hafi fyrirtækið lenti í því að sendill, sem hafði gilt ökuskirteini þegar hann byrjaði, lét fyrirtækið ekki vita

þegar hann missti það. „Ég hafði í kjölfarið samband við lögreglu til að athuga hvort við gætum fengið úr því skorið hjá yfirvöldum hvort starfsmenn okkar hefðu enn gild ökuréttindi en fékk þau svör að það væri ekki hægt. Við stólum því algjörlega á samvisku starfsmanna um að láta okkur vita ef þeir missa ökuréttindi sín. Við höfum fært starfsmenn til í starfi tímabundið sem hafa einhverra hluta vegna misst ökuréttindi sín og látið okkur vita," segir Snorri.

Í starfsúmsóknarferli fyrirtækisins er boðið upp á að umsækjendur skili inn mynd af ökuskirteini sínu. „Reglan er að biðja um ökuskirteini. Það myndi flokkast undir mannleg mistök ef sá sem ræður inn bílstjóra biður viðkomandi ekki um að framvísa ökuskirteini. Eins og ég hef áður sagt þá getum við ekki verið viss um að starfsmaður, sem er með ökuréttindi þegar hann byrjar, haldi þeim. Þar erum við orðin háð siðferðismati starfsmannsins og löghlýðni," segir Snorri. Hann segir að starfsmenn fyrirtækisins beri ábyrgð þegar þeir séu í umferðinni á þeirra vegum. „Langflestir standa undir þeirri ábyrgð og eru til fyrirmyndar. Við leggjum höfuðáherslu á að lögum sé fylgt og fyllsta öryggis sé gætt." ■

Smyglaði sér úr landi og slapp við áratuga dóm

Ótrúlegur flótti Ágústs Guðmundssonar úr fangelsi í Taílandi

Ágúst Guðmundsson stóð nýverið frammi fyrir því að sitja næstu áratugi inni í alræmdu fangelsi í Taílandi vegna árásar á starfsfólk verslunar í borginni Pattaya á suðurströnd Taílands. Svo fór ekki því hann mútaði yfirvöldum og náði að smygla sér til Íslands. Ágúst segist í samtali við DV vera nýkominn heim til Íslands og má heyrja á honum að hann sé þakklátur að vera laus.

Hann gerir ekki lítið úr glæpum sínum en ljóst er að vistin í fangelsinu hefur ekki verið góð. Hann hafi lenti í gengjum og innfæddir hafi ráðist á hann. Óhætt er að segja að gróf mannréttindabrot hafi átt sér stað í fangelsinu og þurfti hann til að mynda að sofa á gólfinu ásamt nærri 30 öðrum fögnum.

Atviknið átti sér stað síðastliðið sumar og fjölluðu erlendir fjölmiðlar, svo sem breska dagblaðið Daily Mail, um það. Ágústi var



neitað um afgreiðslu á áfengi sem varð til þess að hann beitti piparúða á starfsmennina og stal sigarettum og freyðivíni. Atviknið

náðist á upptöku og birtu taílenskir miðlar hana á netinu.

Aðstoðarverslunarstjórinn lýsir atburðarásinni á þessa leið: „Við

sáum hann á rölti fyrir utan búðina. Síðan kom hann inn og bað um fá að kaupa áfengi. Hann var dónalegur og við létum hann vita

að við mættum ekki selja honum áfengi á þessum tíma dags. Hann brást illa við og spreypaði á okkur. Mig sveið í augun, þetta var virkilega sárt. Við höfðum samband við lögreglu en þann brást skjótt við og handtók hann."

Ágúst segir að árásin hafi verið framin í algjöru ölæði og hann sjái mikið eftir henni. „Ég átti að fá 20 til 30 ára dóm, lágmark 20 ára, en mér tókst að komast út úr landi með mútum. Félagar mínir náðu að borga tryggingargjaldið tveimur vikum áður en ég átti að mæta fyrir dóm. Ég komst í samband við mann sem er snillingur í því að koma fólki út úr landi. Hann bara mútaði yfirlögregluþjóni og landamæraeftirlitinu og ég náði að komast í burtu," segir Ágúst. Hann segist nú vera stórskuldugur þar sem frelsið kostaði hann um þrjár milljónir króna. „Ég skil ekki hvernig ég fór að þessu, bæði heppni og tilviljun." ■

hjalmar@dv.is

Enn meira úrval af tilbúnum römmum!

Við skerum kartonið
á meðan þú bíður!



**INNÖMMUN
SIGURJÓNS**

Fákafeni 11
Sími 553 1788
www.innrommun.is

Mæðgurnar Ingibjörg og Arna eru báðar brotapolar:



„Munum komast í gegnum þetta“

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Mæðgurnar Ingibjörg Helga Halldórsdóttir og Arna Sjöfn Ævarsdóttir hafa báðar upplifað vanmátt gagnvart réttarkerfinu, með einungis tveggja mánaða millibili. Í lok seinasta árs hlaut fyrrverandi eiginmaður Ingu, Ævar Freyr Eðvaldsson, tólf mánaða fangelsisdóm, þar af

nú mánuði skilorðsbundna, fyrir gróf ofbeldisbrot gegn henni. Í niðurstöðu dómsins koma fram hroðalegar lýsingar á verknaði Ævars en hann ýtti Ingibjörgu meðal annars inn í skáp og hótaði að brjóta á henni andlitið. Tveimur mánuðum síðar féll dómur yfir 21 árs gömlum karlmanni í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir kynferðisbrot gegn Örnunni þegar hún var á barnsaldri. Maðurinn vingaðist

**„Hann ýtti
Ingibjörgu
meðal annars inn
í skáp og hótaði
að brjóta á
henni andlitið.“**

við Örnunni árið 2015 á viðkvæmum tíma í lífi hennar. Hann misnotaði traust hennar og fékk hana til að eiga við sig mök en hún var þá 14 ára gömul og maðurinn 18 ára. Héraðsdómur taldi rétt að dæma hann í 12 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn barni. Mæðgurnar gagnrýna báðar meðferðina á brotapolum í dómkerfinu en þær standa þétt saman í gegnum erfiðleikana.

**Hótaði að brjóta
á henni andlitið**

DV ræddi við Ingibjörgu Helgu í marsbyrjun. Ævar Freyr var, sem fyrr segir, dæmdur fyrir kynferðislega áreitni, líkamsárás, húsbrot, hótanir, ærumeiðingar og ólögmæta nauðung en þarf þó í mesta lagi að sitja í fangelsi í þrjá mánuði, haldi hann skilorð.

Ákæran gegn Ævari Frey var í mörgum liðum og varðaði fjöl-

VERÐUR AÐ LAGA ÞETTA SEM FYRST

Þórdís Lóa ætlar að eyða bilinu á milli fæðingarorlofs og leikskóla



Breiðhlytingur alla leið Þórdís Lóa eyddi fyrstu 25 árum sínum í Breiðholti, fyrst í skóla og síðan starfaði hún með unglíngum. MYND HANNA

Ari Brynjólfsson
ari@dv.is



Þórdís Lóa Þórhallsdóttir er ekki mörgum kunn og margir klóruðu sér í höfðinu þegar hún steig fram í sviðsljósið fyrir stuttu sem borgarstjóraefni Viðreisnar. Sama dag og tilkynnt var um að hún myndi leiða listann í komandi borgarstjórnarkosningum í Reykjavík mætti hún í viðtal í fréttatíma Stöðvar 2 þar sem segja má að henni hafi verið ýtt út í pólitísku djúpu laugina strax á fyrsta degi. Þórdís hittir blaðamann DV á heimili sínu í Árbæ til að upplýsa hver hún er og hvers vegna hún vill verða borgarstjóri Reykjavíkur.

Breiðhlytingur í húð og hár

„Þetta borgarstjóraefni kemur úr báðum heimum, ég starfaði hjá Reykjavíkurborg í tuttugu ár áður en ég fór í viðskipti og hefðlast reynslu sem stjórnandi hjá stórum fyrirtækjum í nærri tuttugu ár.“ Segir Þórdís Lóa og tekur fram að hún sé ávallt kölluð Lóa. „Ég er borgarstelpa alla leið og Breiðhlytingur í húð og hár. Það má segja að ég hafi eytt fyrstu 25 árum ævi minnar í Breiðholti,“ segir hún, en út um stofugluggann hjá henni má einmitt sjá blokkirnar í Hólahverfinu. „Ég var ótrúlega heppin að fá búa þar þegar Breiðholt var að byggjast upp, þetta var ævintýrlega skemmtilegt hverfi. Allt morandi í krökkum, byggingum og ævintýrum. Ég er mikill ÍR-ingur, æfði handbolta og skíði.“

Eftir stúdentspróf úr Fjölbautaskólanum í Breiðholti fór hún að vinna með unglíngum á vegum borgarinnar. „Ég var að vinna í Fellahelli og sem afleysingakennari í Fellaskóla. Það sem mér finnst svo gaman við svona hverfi í Reykjavík er hverfisvitundin. Við sem borg erum ein heild og við byggjum þjónustu þvert yfir borgina. Svo förum við inn í hverfin þar sem fólk býr og á að fá sína þjónustu. Fólk á ekki að þurfa að keyra langar leiðir til að fá það sem þarf. Það er einmitt svo

skemmtilegt við þessa hverfisvitund, ef þú spyrð Reykvíking hvaðan hann kemur þá nefnir hann hverfið sitt. Það segir manni að fólk vill þessar tengingar.“

Árið 2003 tóku Þórdís Lóa og eiginmaður hennar, Pétur Jónsson, yfir rekstur Pizza Hut á Íslandi og ráku þau þrjá veitingastaði á höfuðborgarsvæðinu og bættu við sig Pizza Hut í Finnlandi árið 2006. Tveir staðir hér á landi fóru í þrot eftir hrunið, þau Lóa og Pétur seldu svo Pizza Hut-staðinn í Smáralind árið 2015. Árið 2013 varð Lóa formaður Félags kvenna í atvinnulífinu og árið 2016 varð hún forstjóri Grey Line á Íslandi.

Kominn tími á breytingar

Þórdís lærði fjölmiðlafræði í New Orleans í Bandaríkjunum og eftir að hún lauk félagsfræði með BA-gráðu fór hún í framhaldsnám í félagsráðgjöf. Hún starfaði síðan hjá Reykjavíkurborg í tuttugu ár, fyrst með unglíngum og síðan með öldruðum á velferðarsviði. „Ég stýrði öldrunarmálum í Reykjavík í nokkur ár, síðan stýrði ég allri þjónustu á vegum velferðarsviðs borgarinnar áður en ég fór í viðskipti. Þetta var tímabil mikilla breytinga hjá borginni og ég er mjög ánægð með margt sem borgin er búin að vera að gera.“

Það voru Sjálfstæðismenn sem stýrðu borginni í sextíu ár og gerðu það ágætlega að mörgu leyti, þeir byggðu upp ákveðinn grunn sem er gott að byggja ofan á. Núna hafa vinstriflokkar verið við völd í nánast 24 ár og það er kannski kominn tími á breytingar hérna,“ segir Lóa og hlær. „Grunnur vinstriflokkanna er líka mjög góður, en nú er kominn tími til að færa þetta áfram og við erum með sterkar skoðanir á hvernig eigi að gera það.“

Myndir þú vilja færa meirihlutann til hægri?

„Ég vil halda stjórnmalunum í borginni á miðjunni. Grunnurinn að skilaboðunum okkar í Viðreisn er að við staðsetjum okkur algjörlega á miðjunni. Við nálgumst borgarmálin út frá ákveðinni heildarhugsun, við ætlum að

„Sem miðjuflokkur er markmiðið að nota það besta frá hægri og vinstri vængjum stjórnmalanna.“

skapa góða borg fyrir atvinnulíf. Atvinnulífið byggist upp á litlum og meðalstórum fyrirtækjum, þar vinna Reykvíkingar. Það er grunnurinn að búa til skattfé fyrir samneysluna. Það er lykillinn að góðum leikskólum, grunnskólum, velferðarþjónustu og húsnæði.“

„No comment!“

Sem miðjuflokkur er markmiðið að nota það besta frá hægri og vinstri vængjum stjórnmalanna, hjá Viðreisn er það byggingar- og samgöngustefna núverandi meirihluta, og að straumlínulaga stjórnkerfið. „Það er vegasalt að vera á miðjunni. Við erum mjög fylgjandi þéttingu byggðar innan borgarmarkanna eins og áætlanir standa til um núna, en ekki síður að byggja þá líka upp þau hverfi sem þyrjað hefur verið á, ég nefni þá sérstaklega Úlfarsárdalinn.“

Viðreisn styður núverandi samgönguáætlun sem Sjálfstæðismenn, Miðflokksmenn og fleiri hafa gagnrýnt. „Við styðjum borgarlínuverkefnið og þéttingu byggðar. Fólk spyr hvers vegna, en svarið er einfalt, samgönguáætlunin er langtímaverkefni sem hefur farið í gengum tvær kosningar og er samstarfsverkefni sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Það er ekki okkar að koma inn í það samtal og skemma verkefnið.“

Hún segir hins vegar að tími sé til kominn að laga stjórnkerfið í borginni. „Við þurfum að hafa allar gáttir einfaldari og aðgengilegri á netinu, en þeir eru auðvitað alltaf til sem vilja ekki hafa samskiptin við borgina rafræn en þeir eru miklu færri en hinir. Þjónusta

á vegum borgarinnar á ekki að vera neitt mál, þá á ekki að þurfa að taka lengri tíma en fimm mínútur að sækja um heimaþjónustu.“

Þarf að skera niður borgarkerfið?
„Það finnst mér ekki sanngjörn nálgun. Kerfið er stórt, einföldum það og straumlínulögum það. Markmiðið er ekki að skera niður, borgin á að vera í heilbrigðum rekstri og ef það þarf að skera niður þá gerum við það. En að skera niður til að skera niður, það ætlum við ekki að gera.“

Svo ég skilji þig rétt, þú ætlar ekki að slást í lið með Vigdís Hauksdóttur, oddvita Miðflokksins, og fara niður í skrifstofur borgarinnar í Borgartúni og rýma skrifstofurnar sem víðast ekki þjóna neinum tilgangi?

„No comment!“ segir Lóa og hlær hátt.

Ætlar að ganga lengra en að hækka launin

Lóa forðast að koma með stórrætur yfirlýsingar um einstök atriði og er fljót að átta sig á að blaðamaður er að reyna að fá hana til að segja hvort hún hallist frekar að samstarfi með núverandi meirihluta eða Sjálfstæðisflokknum. „Við erum ekki flokkur sem kemur inn með skyndilausnir eða fyrirsagnarir eða eitthvert eitt mál. Það er enginn einn sem stýrir borginni, það er alltaf samstarf og samtal. Þarf að byggjast á virðingu og gagnkvæmum skilningi á sjónarmiðum.“

Viðreisn hefur gefið sig út fyrir að vilja jafna kjör kynjanna á landsvísu, því verkefni ætlar Þórdís Lóa að halda áfram á sveitarstjórnarstigi. „Það liggur þingsályktunartillaga frá okkur fyrir þinginu þar sem við viljum sátt um að leiðrétta kjör kvennastétta. Þarna göngum við miklu lengra en bæði hægri- og vinstriflokkarnir. Þetta er hluti af heildarhugsuninni sem við erum alltaf að tala um.“

Ertu þá að tala um að eyða bilinu á milli fæðingarorlofs og leikskóla, og hækka laun leik- og grunnskólakennara?


„Já. Það er algjörlega óásættanlegt að árið 2018 sé ungt fólk með börn í sömu stöðu og ég var í fyrir 24 árum þegar ég var að eignast börn. Það hefur vissulega eitthvað breyst í fæðingarorlofsmálum og með feðraorlof en það er algjör óvissa með þetta stóra bil. Það er ekki boðlegt að fólk sé að bíða í mörg ár eftir plássu og öll fjölskyldan sé í limbói á meðan. Auðvitað eru hindranir til að laga þetta en það einfaldlega verður að laga þetta og það sem fyrst.“

Varðandi launahækkanir kennara segir Þórdís Lóa að það þurfi að ganga lengra en að hækka launin. „Það þarf líka að laga vinnuástöðu barna og kennara, það er fyrir löngu búíð að skoða hvað þarf að gera, það þarf bara að gera það og til þess þarf kjark og þor sem við höfum. Það er enginn hugmyndfræðilegur grundvöllur fyrir því að kvennastéttit séu með lægri laun en karlar og það þarf að laga það.“

Hressandi innkoma í pólitíkina

Þórdís Lóa vakti mikla athygli þegar hún mætti í sjónvarpsal á Stöð 2 þann 20. mars síðastliðinn, daginn sem hún var kynnt sem oddviti Viðreisnar. Sindri Sindrason tók ekki á henni með silkihönskum og sakaði hana um að gefa óljós svör og segja lítið um hvað flokkurinn ætlaði að gera í borgarstjórn. Margir komu henni til varnar á meðan aðrir sögðu að þetta væri sönnun þess að hún ætti ekkert erindi í borgarstjórn. Hvernig blasti þetta við henni?

„Ég var aldrei að koma í þetta viðtal til að henda inn einhverri reyksprengru. Þetta var tveggja mínútna innslag í fréttatíma og ég mætti þarna til að kynna listann og okkar sýn. Þannig vinnum við. Ég vildi reyndar ræða menntamálin en Sindri vildi ekki ræða þau, hann stoppaði mig,“ segir Lóa og hlær. „Mér leið nú bara vel þarna hjá Sindra en það fór ekki fram hjá mér að samfélagsmiðlar loguðu. Þetta var hressandi innkoma í pólitíkina.“ ■



Normx ehf. hefur sett framleiðslu sína á smáhýsum í sérstakt fyrirtæki sem hlotið hefur nafnið Húseining ehf. Húseining mun framleiða smáhýsi, sumarhús og einbýlishús í nýrri verksmiðju að Hraunholti 1. Vogum. Kynnið ykkur framleiðsluvörur okkar á vef fyrirtækisins: www.huseining.is

Við framleiðum:

Smáhýsi frá 14,99 - 39,9 m²

Sumarhús frá 67 - 111 m²

Einbýlishús frá 161 - 400 m²

Smart Einbýli 73 m²

Parhús frá 200 - 333 m²


Raðhús frá 55 - 120 m²

Forsteypta sökklá

Verð og gæði í fyrirrúmi, íslensk framleiðsla.



Húseining ehf. Hraunholti 1, 190 Vogum. Símar 770-5144 og 787-5144.
www.huseining.is kjartan@huseining.is soffia@huseining.is



MAGNI JÁTAR MORÐ

■ Dæmdur í 20 ára fangelsi ■ Skaut fórnarlambið í hjartað ■ Tvær fjölskyldur syrgja

Kristjón Kormákur Guðjónsson
kristjon@dv.is



Keflvíkingurinn Magni Böðvar Þorvaldsson hefur játað að hafa myrt Sherry Prather þann 12. október árið 2012. Hún var 43 ára þegar hún hvarf í Jacksonville í Flórída og lýst var eftir henni. Magni Böðvar sem er 43 ára situr í fangelsi í Bandaríkjunum. Hann var handtekinn fyrir tveimur árum og lýsti þá yfir sakleysi sínu. Þá tjáði unnusta hans, Sara Hatt, sig við íslenska fjölmiðla og kvaðst trúa á sakleysi hans. Einnig stofnuðu börn og unnusta Magna Facebook-síðu og biðluðu til yfirvalda um að láta föður þeirra lausan.

Sherry Prather var 43 ára þegar Magni drap hana en gátan leystist ekki fyrr en sex árum síðar þegar Magni loks játaði að hafa myrt hana. Árið 2012 fundust líkamsleifar í skógi við Jacksonville sem erfitt reyndist að bera kennsl á en ljóst var að dýr höfðu leikið líkið grátt.

Eftir nákvæmar rannsóknir kom í ljós að líkið var af hinni 43 ára gömlu Sherry Prather sem hafði verið saknað í mánuð. Niðurstaðan var að hún hefði verið drepin með skotvopni og morðinginn hæft hana í brjóstið. Sara var



Seinasta sólarlagið sem Magni sá sem frjáls maður.

tveggja barna móðir og hafði farið út á lífið með vinkonum sínum hið orlagaríka kvöld. Hún fannst 31 einum degi eftir að lýst var eftir henni.

„Ég leitaði hennar á hverjum degi,“ sagði móðir hennar, Norma Ellis. „Ég sagði við alla sem vildu heyra: „Ég mun aldrei gefast upp fyrir en ég finn þig barnið mitt. Þú ert barnið mitt og ég er staðráðin í að þú fái frið og hvíld áður en ég hrekk upp af.“ Ég meinti hvert orð.“

Magni var fyrst yfirheyrdur skömmu eftir að lík konunnar fannst. Sést hafði til þeirra yfirgefa krá saman þann 12. október og sást á eftirlitsmyndavélum að hún hafði fengið far með Magna

á bifhjóli hans. Við yfirheyrslur viðurkenndi Magni að hafa gefið henni far en neitaði að hafa skaðað hana. Yfirvöld tóku útskýringu Magna trúanlega og var honum sleppt að loknum yfirheyrslum. Árið 2012 steig eitt vitni fram og sagði Magna bera ábyrgð á morði Sherry og fjórum árum síðar steig fram vitni með mikilvægar upplýsingar en um var að ræða fyrrverandi eiginkonu



Magna. Sagði hún að Magni hefði játað fyrir henni glæpinn. Magni var handtekinn en sem fyrr neitadi hann sök. Móðir Sherry sagði við fjölmiðla eftir handtökuna:


„Ég og tvær dætur hennar höfum syrgt og beðið til æðri máttarvalda að réttlætinu yrði fullnægt.“

Síðan talaði Norma beint til dóttur sinnar:

„Við elskum þig af öllu hjarta og biðjum þess að réttlætinu verði fullnægt svo þú getir hvílt í friði. Ég sendi þér alla mína ást á hverjum einasta degi. Ekki gleyma hversu mikið þú ert elskuð. Við tölum um þig á hverjum degi. Ég elska þig svo mikið. Ástar-kveðjur,



Sherry ásamt dætrum sínum, Mandy og Britney, sem sakna móður sinnar á hverjum degi.



Sherry

þín mamma.“

Fæddur í Bandaríkjunum

Magni Böðvar er með tvöfaldan ríkisborgararétt en hann fæddist árið 1974 í Bandaríkjunum. Hann á íslenskan föður en bandaríska móður. Í frétt á Stundinni var greint frá því að fimm ára gamall hafi Magni Böðvar flutt til Keflavíkur og búið hjá afa sínum og ömmu.

Starfaði Magni meðal annars við vöruflutninga og bjó af og til á Íslandi til ársins 2010 en settist það ár að í Bandaríkjunum eftir að faðir hans lést.

Fyrirverandi í hefndarhug

Magni hafði ávallt haldið fram sakleysi sínu. Unnusta hans, Sara, taldi að



Norma ásamt dóttur sinni en Sherry var hennar eina barn.

ákæran væri hefndaraðgerð af hálfu fyrirverandi eiginkonu hans. Fullyrti Sara að eiginkonan fyrirverandi og besti vinur hennar hafi þegið þrjú þúsund Bandaríkjadali fyrir að bendla Magna við morðið.

„Hún kom einungis fram þegar verðlaun voru boðin fyrir upplýsingar sem myndu leiða til handtöku, ekki sakfellingar, í málinu,“ sagði Sara í samtali við Fréttablaðið í nóvember 2016. Í samtali við Stundina sagði hún:

„Þeir tóku DNA af fötunum hans, mótórhjólinu og rúminu sem hann svaf í. Hann var yfirheyrdur tvisvar þá og síðan sleppt því lögreglan hafði engin sönnunargögn sem tengdu hann við morðið.“

Í gögnum lögreglu kemur fram að Magni hafi smám saman breytt smáatriðum í sögu sinni frá því að hann var yfirheyrdur fyrst árið 2012. Sara sagði enn fremur:

„Ég veit í hjarta mínu að hann er saklaus [...] Ég hef verið með honum í þrjú ár og aldrei fundist ég vera órugg. Hann setur þarfir annarra framar sínum eigin og trúir ekki á ofbeldi gegn konum. Hann er verndari. Hann styrkir þurfandi fjölskyldur og heldur dyrum opnum fyrir öðrum. Hann reynir alltaf að fá fólk til að brosa

og elskar að verja tíma með börnunum.“

Elskaði hana af öllu hjarta

Norma tjáði sig ítrekað við fjölmiðla fyrir dómupplýsinguna. Felldi hún tár í samtali við fréttamann en léttirinn var mikill.

„Á hverri einustu nóttu hugsaði ég um hver örlög dóttur minnar hefðu verið. Lá hún þarna og þjáðist. Hefði ég getað bjargað lífi hennar hefðum við fundið hana fyrir,“ sagði Norma og bætti við:

„Hún var einkabarnið mitt og ég elskaði hana af öllu hjarta. Ég mun aldrei komast yfir þetta. Ég vona að Magni fái þungstu refsingu sem er í boði vegna þess að hann rústaði fjölskyldunni minni. Hann reif úr okkur hjartað.“

Játning

Magni Böðvar hefur nú játað að hafa myrt Sherry Prather. Var hann dæmdur í rúmlega 20 ára fangelsi án möguleika á reynslulausn.

„Loks get ég hvílst og sagt að dóttir mín sé hjá æðri máttarvöldum,“ sagði Norma Ellis, móðir Sherry, eftir að dómur var kveðinn upp:

„Þú getur ekki fyllt upp í tómarúmið í hjartanu.“

Norma segir ástæðu þess að Magni drap Sherry enn vera óljósa. „Hann hefur sagt svo margar mismunandi sögur að yfirvöld vita ekki enn hvaða útskýring er sú rétta. Ég tel að hann hafi ætlað að myrða einhvern þetta kvöld og hún varð fyrir valinu.“

Prátt fyrir að vita ekki að fullu hið sanna í málinu er fjölskylda Sherry sáttt og getur nú horft fram á veginn. Strax eftir uppkvaðninguna hélt Norma á staðinn þar sem jarðneskar leifar dóttur hennar fundust til að kveðja hana í síðasta sinn:

„Ég sagði henni að nú gæti hún loks hvílst og það yrði allt í lagi með okkur,“ sagði Norma og bætti við: „Og ég myndi hitta hana aftur síðar. Ég lét hana líka vita hversu mikið ég elskaði hana.“

Seinasta sólarlagið

Sara stofnaði Facebook-síðu til að vekja athygli á stöðu Magna. Þar er að finna skilaboð frá börnum hans en þau

eru fimm talsins. Þá deildi Sara myndum frá heimili þeirra, af dýrum og börnum. Þar var einnig að finna ljósmynd af síðasta sólarlaginu sem Magni sá sem frjálts maður. Áður en Magni Böðvar játaði glæpinn birtu Sara og börn Magna hvatningarorð á síðunni.

„Hundarnir okkar geta ekki beðið eftir að fá þig heim. Þau annaðhvort bíða fyrir utan eða við bílskúrsdyrnar. Börnin okkar sakna þín og elska þig. [...] Við munum aldrei gefast upp við að reyna að sanna sakleysi þitt. Vertu jákvæður ástin mín. Ég elska þig,“ segir í einum skilaboðunum.

„Ég veit þú gerðir ekki það sem þú ert sakadur um pabbi,“ skrifaði ungur sonur Magna á stuðningssíðuna. „Þú ert ekki þannig manneskja. Þú ert góður og ástríkur. Ég veit að þú myndir aldrei myrða aðra manneskju vitandi að þú ættir fimm börn og myndir ekki vilja missa okkur. Ég elska þig pabbi,“ bætti hann við.

„Pabbi, við styðjum þig öll og við vitum að þessar ásakanir eru kjaftæði. Þeir vilja koma sökinni á þig en þegar þú kemur heim getum við öll gleymt þessu máli,“ skrifaði annar sonur Magna.

Loks réttlæti

Fjölskylda Sherry stofnaði einnig síðu á Facebook en markmið hennar var af öðrum toga – réttlæti fyrir hina tveggja barna móður. Sex árum síðar fagnaði fjölskyldan að Magni hefði verið dæmdur.

„Loksins réttlæti eftir löng sex ár,“ sagði önnur dóttir Sherry.

„Nú getur hann ekki skaðað neinn annan,“ bætti amma hennar við.

„Við söknum þín mamma og við munum aldrei gefast upp á að réttlætinu verði fullnægt,“ sagði dóttir Sherry.

„Mæðradagurinn hefur síðustu ár reynst erfiður fyrir fjölskylduna,“ sagði önnur dóttir Sherry. Amma átti eina dóttur og hún var tekin frá okkur og ég missti mömmu mína. Verið þakklát fyrir að mamma ykkar sé til staðar til að nölðra í ykkur, hafa áhyggjur og styðja ykkur í gegnum það sem þið eruð að kljást við. Það eru litlu hlutirnir sem ég sakna þegar hún er farin. Metið mömmu ykkar að verðleikum og elskið hana skilyrðislaust líkt og hún elskar ykkur. Sum okkar eigum enga mömmu lengur og myndum gera allt til að fá hana aftur. Til hamingju með mæðradaginn, mamma.“ ■

Ég veit þú gerðir ekki það sem þú ert sakadur um pabbi



Sara bardist fyrir því að að frelsa Magna Hefur hún alltaf haldið fram sakleysi hans.

Kristín gerðist dagforeldri þegar hún fékk ekki pláss fyrir dóttur sína

■ „Það er svo sorglegt að geta ekki hjálpað öllum“



Kristín Ómarsdóttir og tíu mánaða gömul dóttir hennar Kristín fékk ekki pláss fyrir hana hjá dagforeldri þannig að hún ákvað að gerast dagforeldri sjálf. MYNDAR

Ari Brynjólfsson
ari@dv.is



framkvæmdir til að gera heimilið klárt til að taka á móti börnum en Kristín bíður nú eftir að fá starfsleyfi frá Reykjavíkurborg.

Setið um plássin

„Ég ákvað bara að gerast dagmóðir sjálf fyrst ég hafði tækifæri til. Þetta er búinn að vera gamall draumur þannig að ég ákvað að slá til, þetta verður mjög spennandi,“ segir Kristín. „Ég var í atvinnuleit og í leit að pláss fyrir barnið. Ég gat valið á milli vinnustaða en ég fann hvergi pláss fyrir hana.“ Kristín er ekki enn formlega skráð með leyfi sem dagforeldri en hún er strax búin að fá

Kristín Ómarsdóttir er í hópi fjölmargra foreldra sem gripu til þess ráðs að gerast dagforeldri vegna þess að ekki var til pláss fyrir þeirra barn. Kristín, sem er íþróttafæðingur með kennsluréttindi að mennt, var komin með vinnu eftir fæðingarorlof en þurfti frá að hverfa þar sem hún fékk hvorki pláss fyrir dóttur sína á ungbarnaleikskóla né hjá dagforeldri í Reykjavík. Kristín tók á móti blaðamanni á heimili sínu í Laugardal, þar standa nú yfir

fleiri umsóknir en hún getur talið. „Ég setti inn auglýsingu á Facebook og það rigndi yfir mig skilaboðum. Það voru komnar vel yfir 60 beiðnir þegar ég hætti að telja. Ég vissi að þörfin væri mikil en mig grunaði ekki að hún væri svona mikil. Mér skilst á öðrum að þetta sé svipað hjá þeim. Það er setið um plássin.“

Kristín segir augljósan skort á úræðum fyrir foreldra ungra barna. „Margir sem hafa haft samband við mig eru að bíða eftir að komast í vinnuna sína, en komast ekki því þeir hafa engan stað fyrir barnið. Líka starfsmenn leikskóla, eins kaldhæðnislegt og það hljómar. Það sem mér finnst sorglegast er að fólk virðist vera til í hvað sem er. Fólk getur ekki valið dagforeldrið sem því líst best á, það verður bara að stökkva á eitthvað ef það býðst. Ég vil gefa fólki færi á að kynnst mér, koma í heimsókn, skoða þær aðstæður sem ég býð upp á og ákveða hvort það treysti mér fyrir barninu sínu áður en það þiggur pláss fyrir það, en fólk hefur fáa valkosti í dag. Börnin eru það dýrmætasta sem við eigum og það er mjög sorglegt að fólk sé í þeirri stöðu að þurfa að stökkva á hvað sem er.“

Heimilið lagt undir

Ferlið við að gerast dagforeldri kostar bæði mikinn tíma og fjárútlát. Verðandi dagforeldrar þurfa að sækja sex vikna námskeið, skila læknisvottorði og sakaskrá, láta slökkvilið gera úttekt á húsnæðinu, fara í viðtal hjá dag-gæslufulltrúa, fá skóla- og frístundaráð í heimsókn fyrir frekari úttekt á búnaði, standa straum af stjórnsýslukostnaði við að fá starfsleyfið og kaupa útbúnað. „Mér finnst að það mætti ekki vera auðveldara að gerast dagforeldri. Þetta er samt tímafrekt og smá vesen. Síðasti mánuðurinn minn í fæðingarorlofinu hefur farið í að snúast í þessu. Maður er að leggja heimilið undir, þetta er meira en bara að fá leyfi og byrja.“

Dagforeldrar heyra undir sveitarfélögum og því getur maður að ansi miklu á milli sveitarfélaga þegar kemur að niðurgreiðslum eins og sjá má í tölum ASÍ frá 2017 í meðfylgjandi dálk. „Dag-

foreldrar eru að hjálpa sveitarfélögum, það mætti alveg vera einhver styrkur einhvers staðar til að mæta útgjöldunum. Til dæmis er ekki skylda að kaupa fjölbúrakerru en ég ætla að gera það, hún kostar um 100 þúsund krónur. Miðað við mína gjaldskrá þá munu fyrstu tveir mánuðirnir fara í að mæta stofnkostnaðinum.“

Varla dropi í hafði

Eins og áður segir hefur Kristín fengið ótal beiðnir frá foreldrum. Hún segir óþægilegt að vera sett í þá stöðu að þurfa að velja á milli fólks sem er gjarnan í miklum vanda. „Ég lagði mig fram við að svara öllum beiðnunum sem ég fékk eftir að ég auglýsti, það tók þrjú kvöld. Sumir biðja einfaldlega um pláss á meðan aðrir eru grátbiðjandi. Það er svo sorglegt að geta ekki hjálpað öllum. Stundum langar mig að geta opnað leikskóla og taka á móti öllum, en það er ekki þannig. Þetta er örlítið ósanngjörn staða, að þurfa að heyra margar sorglegar sögur og þurfa að velja úr.“

Kristín segir marga sem hún hafi kynnst á námskeiðinu vera í sömu stöðu og hún. „Um það bil helmingurinn af okkur á lítil börn sem fá hvergi pláss.“ Hún er með heimild fyrir fjórum börnum sem þýðir að hún er með pláss fyrir þrjú börn fyrir utan sitt eigið. „Það verður enginn ríkur af því að vera dagforeldri. Mánaðarlaunin mín verða ekki þau sömu og ef ég væri úti á vinnumarkaðnum. En hvað gerir maður ekki fyrir sjálfan sig og aðra,“ segir Kristín og brosir. „Það er gaman að fara út fyrir þægindarammann og aðstoða þrjú foreldra í viðbót, þá er markmiðinu náð. Það er verst að það er varla dropi í hafði.“ ■

Ég lifði af

Skjót fyrstahjálp, hjartahnoð og hjartastuðtæki björguðu lífi mínu



HeartSine



Ný vefverslun: www.donna.is
Erum nú á Facebook: [donna.ehf](https://www.facebook.com/donna.ehf)

Donna


Sími 555 3100 www.donna.is



Hrím 2. hæð
Kringlunni



www.hrim.is




Nýjir litir og munstur



BRITA SWEDEN



H
D
F
X
S
A
O
V
E
D
L
3



Laugavegi 25 / Kringlunni 1. & 2. hæð / 553-3003

DV í fjórum heimsálfum: Frétt um Nöru Walker sem beit af tungu eiginmanns síns vekur athygli

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

Pað er óhætt að segja að DV sé á ferð og flugi um heiminn þessa dagana en frétt blaðsins frá 28. mars síðastliðnum um listakonu að nafni Nara Walker, sem beit af tungu eiginmanns síns, hefur fengið mikla athygli í erlendum fjölmiðlum. Stórir jafnt sem smáir miðlar í að minnsta kosti fjórum heimsálfum hafa fjallað um málið á fréttasíðum en ljósmynd DV hefur einnig ratað á forsíðu erlends dagblaðs.

Sagði tungubitið hafa verið ósjálfráð viðbrögð
Nara hlaut eins árs fangelsisdóm í

Héraðsdómi Reykjavíkur þann 13. mars fyrir líkamsárás og stórfellt ofbeldisbrot í nánu sambandi.

HIPLÆK

ÖRUGGAR VEGGFESTINGAR MEÐ LÆSINGU



HJÓLALAUSNIR

hjólalausnir.is



Málsatvik voru þau að í nóvember árið 2017 veittist hún að eiginmanni sínum og beit tungu hans í sundur. Einnig veittist hún að konu sem var gestur

á heimili hjónanna. Nara hyggst áfrýja dómnum og segir að bitað hafi verið ósjálf-ráð viðbrögð. Jafnframt segist hún hafa verið beitt heimilisofbeldi af hálfu eiginmanns síns um áralangt bil.

DV ræddi við Nöru, sem er fædd árið 1990 og frá Ástralíu, sem sagðist hafa sannanir fyrir máli sínu. Hún flutti til Íslands árið 2016 þegar eiginmanni hennar, sem er franskur, bauðst tímabundið starf. Hún lýsti sinni hlið og sagðist vera í mjög slæmri félagslegri stöðu á Íslandi nú og hafa verið heimilislaus um tíma. „Ég ætlaði aldrei að meiða neinn, þetta voru bara mín viðbrögð. Ég hafði ekki hugmynd um að það væri hægt að bíta tunguna úr einhverjum.“

Fyrst Ástralía, svo heimurinn
Ástralískir fjölmiðlamenn kveiktu á perunni þegar frétt um samlanda þeirra birtist. Fyrsti ástralíski miðillinn til að segja frá var The Courier Mail sem á sér 172 ára sögu og er fjórði mest lesni miðillinn í landinu. Sunshine Daily Coast sem er staðbundið dagblað í Queensland, heimafylki Nöru, birti frétt degi síðar og þar var hún sett á forsíðu. Í báðum tilvikum var vitnað í frétt DV sem heimild. Fleiri ástralískir miðlar birtu fréttina um Nöru, þar á meðal vefmiðlarnir Nine, SBS og The Sydney News.

Síðan fór fréttin á frekara flug. Í Bretlandi fjallaði The Daily Mail um málið en miðillinn er einn

sá rötgrónasti í þarlandri fjölmiðlaflóru, með næstmest lesna dagblað og þriðja mest lesna vefinn. Kínverjar fengu einnig að frétt af raunum Nöru og eiginmanns hennar í gegnum miðilinn Apple Daily sem starfar bæði í Hong Kong og Taívan. Ítalir fengu fréttirnar í Libero, einu af stærstu dagblöðum landsins. Þá birti kanadíska vefritið Vice, sem er mikið lesið um allan heim, frétt um málið 11. apríl, þar sem sjö sinnum var vitnað í DV. ■



Glæsilegt
happdrætti

Brúðkaupskynning

Í Kúnígúnd Kringlunni, laugardaginn 14. apríl frá kl. 13-17

Glæsilegt happdrætti fyrir verðandi brúðhjón sem stofna gjafalista. Þrjú pör verða dregin út og hljóta veglegan vinning: KitchenAid hærirvél, hnifaparasett fyrir 12 frá Georg Jensen eða hágæða sængurföt fyrir tvo frá Georg Jensen Damask.



Starfsfólk Kúnígúnd veitir faglega ráðgjöf um samsetningu brúðargjafalista. Kynning og ráðgjöf frá Mekka Wines & Spirits.



Fagurkerinn Linda Benediksdóttir dekkar borð og gefur hugmyndir að fallega uppsettum matarborðum fyrir hin ýmsu tilefni.



Kökusérfræðingur frá 17 sortum sýnir glæsilegar brúðartertur, veitir ráðgjöf og býður upp á girnilegt smakk.

ROYAL COPENHAGEN

Mf

GEORG JENSEN
DAMASK

stelton

KOSTA
BODA

GEORG JENSEN

WÜSTHOF

FREDERIK
BAGGER

eb
erik bagger

LINDDNA

Villeroy & Boch
1724

LE CREUSET

KitchenAid

15% kaupauki
til brúðhjóna
sem stofna
gjafalista

KÚNÍGÚND

SÉRVERSLUN MEÐ VANDAÐAR GJAFAVÖRUR

Laugavegur - Kringlan - Glerártorg - kunigund.is

MEIRIHLUTINN STÆRSTUR NEMA

Samfélagsmiðlavísitala flokkanna í Reykjavík



Ari Brynjólfsson
ari@dv.is



Sjálfstæðisflokkurinn er vinsælastur allra flokka í Reykjavík á samfélagsmiðlum en flokkarnir þrír úr núverandi meirihluta sem bjóða fram í borgarstjórnarkosningum í vor ná til fleiri. Allt stefnir í spennandi kosningabaráttu í borginni, allt bendir til að tólf eða jafnvel fleiri flokkar verði í framboði. Samkvæmt nýjustu könnunum er mjög tvísýnt hvort núverandi meirihluti haldi velli eða ekki. DV fór yfir fylgi flokkanna, Reykjavíkurfélaga flokkanna og oddvita á samfélagsmiðlum og reiknaði út í samfélagsmiðlavísitölu til að fá annars konar yfirlit yfir stöðu flokkanna í borginni.

Til að fá út samfélagsmiðlavísitöluna voru reiknaðir saman fylgjendur flokkanna á Facebook og Twitter, fjöldi þeirra sem eru í hópum flokkanna í Reykjavík og hversu margir fylgja oddvitum flokkanna. Sjálfstæðisflokkurinn er með rúmlega 14 þúsund fylgjendur á Facebook en oddvitinn, Eypór Arnalds, er einnig sterkur á bæði Facebook og Twitter. Samfylkingin er öllu veikari á Facebook en vísitalan tekur stórt stökk þegar tekið er mið af þeim rúmlega 10 þúsund sem fylgja Degi B. Eggertssyni á Twitter.

Þíratar eru mjög sterkir á samfélagsmiðlum, þá sérstaklega Twitter miðað við Samfylkinguna og Sjálfstæðisflokk. eru það helst tiltölulega fáir fylgjendur oddvitan, Dóru Bjartar Guðjónsdóttur, sem draga flokkinn niður. Staðan er öfug hjá Miðflokknum þar sem oddvitinn, Vigdís Hauksdóttir, er með fleiri persónulega fylgjendur en flokkurinn sjálfur. Sósíalistar

koma vel út, byggir það aðallega á þeim rúmlega 9 þúsund manns sem eru í Facebook-hópnum Sósíalístaflokkur Íslands. Þess má geta að sá hópur var upphaflega stofnaður í kringum hugmyndina um að gera Ísland að fylki í Noregi. Ef ekki væri fyrir fjöldann í hópnum væri vísitala Sósíalístaflokksins talsvert lægri.

Framsóknarflokkurinn, Viðreisn og Flokkur fólksins eiga mest að þakka miklum fjölda sem fylgir flokkunum á Facebook en þær síður hafa verið mikið notaðar í tíðum þingkosningum síðustu misseri. Höfuðborgarlistinn er með nýja Facebook-síðu og er ekki virkur á Twitter, það skýrir lága samfélagsmiðlavísitölu framboðsins. Íslenska þjóðfylkingin er með rúmlega 1.300 manns í Facebook-hópi flokksins og fáa fylgjendur á samfélagsmiðlum, oddviti flokksins er heldur ekki virkur á samfélagsmiðlum. Þess má geta að Facebook-síðunni Getur þessi slitni skór fengið fleiri læk en íslenska þjóðfylkingin? hefur tekist sitt ætlunarverk og er með tvöfalt hærri samfélagsmiðlavísitölu en Íslenska þjóðfylkingin og rúmlega það.

Samkvæmt samfélagsmiðlavísitölunni er meirihlutinn í borginni fallinn ef Framsóknarflokkurinn nær inn í borgarstjórn og þarf því að reida

síð á stuðning Viðreisnar eða Flokks fólksins til að ná yfir sam-anlagt fylgi Sjálfstæðisflokks, Miðflokks og Framsóknarflokks. En ef Framsóknarflokkurinn nær ekki inn í borgarstjórn snýst dæmið við og meirihlutinn heldur velli, að minnsta kosti þegar kemur að samfélagsmiðlum. ■

Samfylkingin

861 fylgir Reykjavíkurfélaginu á Facebook

566 fylgja Reykjavíkurfélaginu á Twitter

6.702 fylgja flokknum á Facebook

1.757 fylgja flokknum á Twitter

Dagur B. Eggertsson

4.999 vinir á Facebook

2.900 fylgjendur á Facebook

9.690 fylgjendur á Twitter

Heiða Björg Hilmisdóttir, 2. sæti

2.479 fylgjendur á Facebook

Sjálfstæðisflokkurinn

3.115 fylgja Reykjavíkurfélaginu á Facebook

14.522 fylgja flokknum á Facebook

2.501 fylgir flokknum á Twitter

Eypór Arnalds

4.905 vinir á Facebook

2.600 fylgjendur á Facebook

536 fylgjendur á Twitter

Hildur Björnsdóttir, 2. sæti

647 fylgjendur á Facebook



FRAMSÓKN NÁI INN



Samanlögð vísitala núverandi meirihluta: **29.691**

Samanlögð vísitala Sjálfstæðisflokks, Miðflokks og Framsóknarflokks: **25.660**

Spurningarmerkin, Viðreisn og Flokkur fólksins: **7.845**

Framsóknarflokkurinn

299 fylgja Reykjavíkurfélaginu á Facebook

1.240 fylgja Framsókn og flugvallarvinum á Facebook

7.565 fylgja flokknum á Facebook

1.307 fylgja flokknum á Twitter

Ingvar Jónsson

612 fylgjendur á Facebook
6 fylgjendur á Twitter



Sósíalístaflokkurinn

9.181 meðlimur í hóp flokksins á Facebook

1.060 fylgjendur á Facebook

38 í sveitarstjórnarhóp flokksins

Gunnar Smári Egilsson
4.996 vinir á Facebook



Höfuðborgarlistinn

351 fylgir flokknum á Facebook

Björg Kristín Sigþórsdóttir
1 fylgjandi á Twitter



Íslenska Þjóðfylkingin

1.306 meðlimir í hóp flokksins á Facebook

Getur þessi slitni skór fengið fleiri læk en Íslenska Þjóðfylkingin? er með **4,138** „læk“

Guðmundur Karl Þorleifsson
326 vinir á Facebook



Alþýðufylkingin

847 fylgja flokknum á Facebook

Þorvaldur Þorvaldsson
1.564 vinir á Facebook



Kvennaframboð

638 meðlimir í hóp á Facebook



Píratar

936 manns í Reykjavíkurbóllokksins á Facebook

12.431 fylgir flokknum á Facebook

4.922 fylgja flokknum á Twitter

Dóra Björt Guðjónsdóttir

1.889 vinir á Facebook
462 fylgjendur á Twitter

Vinstrihreyfingin – grænt framboð

914 fylgja Reykjavíkurfélaginu á Facebook

6.511 fylgja flokknum á Facebook

1.871 fylgir flokknum á Twitter

Líf Magneudóttir

3.781 fylgjandi á Facebook
1.345 fylgjendur á Twitter



Viðreisn

153 fylgja Reykjavíkurfélaginu á Facebook

6.677 fylgja flokknum á Facebook

949 fylgja flokknum á Twitter

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

2.013 vinir á Facebook
477 fylgjendur á Facebook
424 fylgjendur á Twitter



Miðflokkurinn

405 fylgja Reykjavíkurfélaginu á Facebook

5.333 fylgja flokknum á Facebook

77 fylgja flokknum á Twitter

Vigdís Hauksdóttir

5.000 vinir
3.168 fylgjendur á Facebook
1.433 fylgjendur á Twitter



Flokkur fólksins

43 í Reykjavíkurbóllokksins á Facebook

2.384 fylgja flokknum á Facebook

23 fylgja flokknum á Twitter

Kolbrún Baldursdóttir

1.662 vinir á Facebook



GÓÐ ÞJÓNU



**SVO ALLT
GANGI
SMURT**



KÍKTU Í KEMI OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!

STA Í 20 ÁR



kemi

Tunguhálsi 10 • www.kemi.is

GAGNLEGAR UM GRÆNAN LÍFSSTÍL



Lífgaðu upp á heimilið með plöntum sem gefa af sér allan ársins hring

Lærðu að nýta birtu og rými sem best

Myndræn og einföld framsetning



Allt um hefðbundna og lífræna ræktun

Hvað er unnt að rækta, hvar, hvenær og hvernig

Ræktun á svölum, í beðum og gróðurhúsum

 LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is
Opið alla virka daga 10-19 | Laugardaga 11-16



Sparkað úr Salnum í Kópavogi

■ „Munum krefjast skaðabóta og fara í mál“

Fyrirhugaður fyrirlestur breska aðgerðasinnans Tommys Robinson sem átti að verða í Salnum í Kópavogi þann 18. maí hefur verið tekinn af dagskrá Salarins og kippt úr miðasölu á Tix.is. Tommy Robinson er umdeildur vegna baráttu sinnar gegn íslamisma og hefur þurft að eyða miklu púðri í að verjast ásökunum um rasisma. Hann er engu að síður afar vinsæll og á mörg hundruð þúsund stuðningsmenn.

Það eru samtökin Vakur og nokkrir einstaklingar utan þeirra sem standa að komu Tommys Robinson til Íslands. Er verið að leita að öðru húsnæði til að hýsa væntanlegan fyrirlestur Englendingsins, en ljóst er að Tommy kemur ásamt fylgdarliði sínu (til dæmis kvikmyndatökumanni) til Íslands um miðjan maí.

Salurinn hefur gefið þá einu skýringu á ákvörðun sinni að misskilningur hafi orðið innan-

húss við bókun viðburðarins. Sigurfreyr Jónasson, talsmaður Vakurs, telur ákvörðunina eiga sér pólitískar ástæður, en hópur vinstri sinnnaðs fólks á landinu er mjög andsnúinn komu Tommys Robinson til Íslands og telur málflutning hans vera hættulegan.

Í tölvupósti sem Sigurfreyr sendi Aino Freyju Jarvela, forstöðumanni Salarins, í fyrradag, segir meðal annars:

„Ef þetta verður ekki dregið til baka og miðasalan kominn aftur í gang í dag, sé ég ekki aðra leið en að krefjast skaðabóta og fara í mál. Þú getur ekki hætt þegar búið var að ganga frá öllu. Salurinn var sjálfur búinn að skrá þetta inn í kerfið hjá sér og Tix.is. Miðasalan hafði verið í gangi í a.m.k. 3 klst.“

DV sendi Aino fyrirspurn vegna málsins sem hún svaraði:

„Það kom því miður upp misskilningur í bókun á þessum degi sem uppgötvaðist ekki fyrr en um leið og viðburðurinn var kominn í sölu. Þegar misskilningurinn kom í ljós var viðburð-

urinn snarlega tekinn úr sölu og viðkomandi beðnir velvirðingar. Salurinn er tónleikahús sem býður upp á hágæða tónlist á Íslandi og hefur enga pólitíska afstöðu.“

DV sendi Aino aðra fyrirspurn og það um frekari skýringu á ákvörðuninni, það er ef hún væri ekki pólitísk, hver væri þá ástæðan. Aino svaraði: „Þetta er misskilningur sem varð hér innanhúss og í sjálfu sér ekkert meira um það að segja.“

Sem fyrr segir er Tommy Robinson afar umdeildur vegna baráttu sinnar gegn ófgasinnuðum íslamistum á Bretlandi. Hefur hann verið sakaður um fordóma gegn múslímum sem hann sver af sér og segir að gera verða greinarmun á múslímum og íslam. Hann fordæmir hins vegar trúarbrögðin íslam og pólitíska hugmyndafræði þeirra og hefur verið gagnrýndur harðlega fyrir það. Tommy hefur lýst yfir ánægju með að vera boðið til Íslands og segist hlakka til koma til landsins. ■

39.900 KR.

ÁRSKORT Í LÍKAMSRÆKT & SUND

ENGIN BINDING

STINGDU ÞÉR TIL SUNDS Í KÓPAVOGI
Kortin fást í afgreiðslum sundlauga Kópavogs.
Salalaug · Kópavogslaug · reebokfitness.is

Reebok
FITNESS



Sudurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Frákvæmdastjóri: Karl Garðarsson Adalritstjóri og ábyrgðarmaður: Kristján Kormákur Guðjónsson
Aðstoðarritstjóri: Einar Þór Sigurðsson Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn



Þú skalt ekki ljúga

Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, virtist standa keik í drottningarviðtali í sjónvarpsþættinum Kveik sem sýndur var á RÚV í vikunni. Talaði Agnes hún meðal annars um að fara í átak til að byggja upp traust og fyrirbyggja árásir á sig og þjóðkirkjuna. „Ég kalla það árásir þegar það er verið að tala um eitthvað sem er ekki rétt, það er verið hreinlega að ljúga upp á biskupinn og kirkjuna,“ sagði Agnes. Í sama viðtali segir Agnes að hún hafi ekki beðið um launahækkun, sem eru athyglisverð ummæli því að í desember 2015 sendi Agnes bréf á kjararáð þar sem hún biður um launahækkun. Er það svona sem á að hefja átak kirkjunnar til að byggja upp traust? Með því að fella niður boðorðið „Þú skalt ekki ljúga“?

Fyrirsjáanleg læti

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra hefur hafið baráttu sína gegn einkarekstri í heilbrigðisþjónustu með því að hætta fjárveitingum til Hugarafis. Markmiðið er að færa geðheilbrigðisþjónustuna yfir til ríkisins, markmið sem andstæðingar einkareksturs í heilbrigðisþjónustu ættu að vera ánægðir með. Notendur þjónustunnar og aðstandendur eru skiljanlega hræddir við framtíðina enda miklu þægilegra að geta gengið hvenær sem er inn fyrir dyr Hugarafis í stað þess að bíða eftir tilvísununum og plássi hjá hinu opinbera. Ef þetta er staðan í dag, þá er vel hægt að sjá fyrir sér lætin sem verða þegar heimsóknir í Domus Medica, Orkuhúsið og á Læknavaktina verða ekki lengur niðurgreiddar.



Skipið var í íslensku eigu í rúm þrjú ár en lauk viðburðaríkum ferli sínum sem vettvangur sjóræningjaútvarpsstöðvar



Togaratilviljun

Leiðari

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Það getur verið fjórlegt verkefni að gefa út veglegt helgarblað í viku hverri. Markmið okkar er að blaðið sé stútfullt af fjölbreyttu efni og eins og gengur þá reynum við blaðamennirnir að skipta með okkur verkum. Ýmislegt kemur upp á í þessum bransa og því þurfa blaðamenn að bregða sér í allra kvikinda líki og skrifa um allt milli himins og jarðar. Á dögunum

brá blaðamaðurinn og sagnfræðingurinn Kristinn H. Guðnason sér í stutt frí og þá þurftu aðrir að skrifa í Tímavélina okkar sem hann hefur gert svo listilega vel undanfarna mánuði.

Gapandi auð síða blasti við þegar skil í prentsmíðjuna nálgust óðfluga. Ég hafði lofað að finna eitthvert efni og að sjálf-sögðu var ég gjörsamlega andlaus. Í örvæntingu minni mundi ég skyndilega eftir sögu sem tengdafaðir minn, Guðmundur Ásgeirsson, hafði sagt mér fyrir mörgum árum um íslenskan togara, Frey RE-1, sem varð vett-

vangur vinsællar útvarpsstöðvar í Bretlandi. Hann þekkti sögu skipsins vel enda hafði hann verið stýrimaður þess um tíma.

Á methraða fann ég nokkrar gamlar greinar á timarit.is sem og Wikipediu-síðu útvarpsstöðvarinnar og vann stutta grein um skipið upp úr því. Ég hafði engan tíma til að hringja í tengdafaður minn en var viss um að hann hefði gaman af því að lesa þessa stuttu grein þegar hún birtist á prenti.

Sama dag og blaðið kom út þá var tengdamóður minni, Ólöfu Guðfinnsdóttur, boðið í kvöldmat.

Hún var ein á ferð og ástæðan var sú að Guðmundur hafði brugðið sér í stutta helgarferð til útlanda með skömmum fyrirvara, eitthvað sem ég hafði ekki hugmynd um. „Það voru einhver samtök úti í Bretlandi sem vildu endilega fá hann út til þess að tala um frægt skip sem hann var stýrimaður á. Það verður víst allt kvikmynd- að í bak og fyrir til þess að varðveita sögu skipsins,“ sagði Ólöf við matarborðið. Ég sýndi henni þá nýprentað eintak blaðsins og það sem eftir var kvöldins ræddum við um tilviljanir og hvað þær geta verið stórkostlegar. ■

MEÐ OG Á MÓTI BANN VIÐ SNJALLSÍMUM Í GRUNNSKÓLUM

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, óháður borgarfulltrúi

Snjallsímanotkun barna er vaxandi vandamál hér á landi sem og annars staðar. Hér eru engar samræmdar reglur til um þetta hjá borginni, meðan skólar í Svíþjóð og Frakklandi eru þegar byrjaðir á slíkum bönnum. Notkun snjallsíma yfir undir kvíða og óörugg fjölda barna, við höfum dæmi um ljótt einelti þar sem snjallsíminn er notaður.



MEÐ

Halldór Auðar Svansson, borgarfulltrúi Pírata

Ég er alveg á móti algjöru banni við notkun snjalltækja í skólum þar sem ég tel það allt of harða og óþarfa aðgerð. Ég væri þó alveg til í að setja einhverjar viðmiðunarreglur til að takmarka notkun þessara tækja og kenna börnum að umgangast þau af ábyrgð. Mér finnst reyndar að við hin full-orðnu gætum lært það betur líka.



Á MÓTI

Spurning vikunnar

Hvað óttast þú mest?



„Köngulær“

Alexander Sigurðarson



„Ástvinamissi“

Guðrún Axelsdóttir





„Höfnun“

Alexander Þór Guðnason



„Ætli það sé ekki bara drukknun“

Elísabet María Ragnarsdóttir



HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA Á LAUGARDAGINN?

Glæsileg brúðkaups- kynning í Kúnígúnd

Laugardaginn 14. apríl verður haldin brúðkaupskynning í Kúnígúnd Kringlunni á milli 13 og 17. Verslunin í Kringlunni var flutt í lok síðasta árs og er nú á 1. hæð, Stjörnutorgsmegin í Kringlunni. Verslunin í Kringlunni er sú stærsta af verslunum Kúnígúndar og afar glæsileg. Þar má finna allt vöruúrval Kúnígúndar.

Þetta er í annað sinn sem brúðkaupskynning er haldin í Kúnígúnd og reyndist tilvonandi brúðhjónum afar vel þegar hún var haldin í fyrra. Nú verður kynningin með stærra sniði en áður og á nýjum stað.

Á brúðkaupskynningu verður boðið upp á faglega ráðgjöf á ýmsum sviðum er varða brúðkaupsundirbúning.

Glæsilegt happdrætti verður fyrir tilvonandi brúðhjón sem stofna gjafalista hjá Kúnígúnd og verða þrjú þör dregin út.

Í vinningu eru KitchenAid Artisan-hrærivél, hnífaparasett fyrir 12 frá

Georg Jensen og hágæða sængurföt fyrir tvo úr egypskri bómull frá Georg Jensen Damask. Mjög veglegir og vandaðir vinningar.

Í Kúnígúnd mæta góðir gestir. Kökusérfræðingur frá 17 sortum verður á staðnum og býður upp á smakk auk þess sem glæsilega skreyttar brúðartertur frá þeim verða til sýnis. Þannig geta tilvonandi brúðhjón kynnt sér hvað 17 sortir hafa upp á að bjóða en þar á bæ eru gerðar hágæða brúðartertur úr allra besta fánlega hráefni.

Mekka Wines & Spirits mun einnig vera með kynningu og veita ráðgjöf um rétta vinið fyrir veisluna.

Jafnframt verður Linda Benediktisdóttir, fagurkeri og lífsstílsbloggari, á staðnum en hún mun dekka borð og gefa fólki góðar hugmyndir um hvernig skuli setja upp veisluborð fyrir ólík tilefni. Lindu ættu flestir að þekkja sem fylgjast með samfélagsmiðlum en hún hefur vakið athygli

fyrir einstakar ljósmyndir og girnilegar uppskriftir á síðunni lindaben.is.

Starfsfólk Kúnígúndar verður til þjónustu reiðubúið við að kynna allt það helsta sem fæst í versluninni og hjálpa tilvonandi brúðhjónum við að stofna gjafalista. Gjafalistar eru frábær aðstoð fyrir brúðkaupsgesti þegar kemur að gjafavali ekki síður en fyrir brúðhjónin. Hjá Kúnígúnd fæst vönduð gjafavara í öllum verðflokkum svo allir ættu að finna eitthvað á listann við hæfi.

Erlendis tíðkast gjarnan að láta vita í boðskortum hvar brúðhjónin hafa skráð sig á gjafalista en minna hefur verið um það hérað. Þetta er þó afar góður síður og getur komið í veg fyrir að brúðhjón fái sömu gjöfina frá mismunandi aðilum eða brúðhjón fái t.a.m. hluti sem eru ekki í stíl við þeirra heimili. Kúnígúnd mælir með því að fólk velji út frá sem fjölbreyttustu verðbili á gjafalistana því oft vilja margir vinir eða stórar

fjölskyldur leggja saman og kaupa eina veglega gjöf en það er einnig gott að hafa minni hluti á listanum sem vantar á heimilið.

Það er auðvelt að setja upp gjafalista á kunigund.is en starfsfólk í verslunum Kúnígúndar getur aðstoðað við uppsetningu sé þess óskað. Einnig er þar starfsfólk með margra ára reynslu sem getur aðstoðað við valið og veitt ráðgjöf þegar velja á réttu sængurfötin eða matarstellið svo dæmi séu tekin. Það getur reynst mörgum erfitt að velja á milli, enda er úrvalið gífurlegt. Þá er oft stór ákvörðun að byrja að safna í matarstell og þá getur verið gott að tala við fagfólkið sem finnur út með brúðhjónunum hvað hentar þeim best.

Á www.kunigund.is má finna leiðbeiningar og flotta netverslun með miklu úrvali.

„Íslenskt leikhús að verða einn allsherjar ruslahaugur meðal- mennsku og sjálfsdýrkunar

Jón Viðar Jónsson er frægur, sumir segja alræmdur, fyrir skrif sín um íslenskar leiksýningar. Ólíkt flestum öðrum gagnrýnendum segir hann skoðanir sínar umbúðalaust og hefur sú hreinskilni oft og tíðum valdið úlfabyt í leikhúsheiminum, sem hann telur ekki hátt risið á í dag. Kristinn hjá DV ræddi við Jón um æskuna, leikhúsið, trúna á Jesú Krist og baráttu Jóns við kvíða og þunglyndi.

Jón Viðar er fæddur árið 1955 og Reyk-
víkingur í húð og hár. Fyrstu þrettán
árin bjó hann með fjölskyldu sinni á
Sjafnargötu 1 á Skólavörðuholtinu. En
þó var stutt að rekja ættirnar út á land, í
Skaftafellssýslur í föðurætt og Vestmanna-
eyjar í móðurætt.

„Ég stærði mig einu sinni af því að það
væri ekki dropi af norðlensku blóði í mín-
um æðum. Svo kom þessi Íslendingabók
og þá komst ég að því að ég á víst forfeður
norður í landi frá 18. öld og ég varð að una
því,“ segir Jón hálfbrosandi. „En þessi norð-
lenska ætt er aftur á móti Schevingarnir
svokölluðu og þeir hafa getið af sér margt
fræðimanna og listafólks, að minnsta kosti
segja sumir afkomendanna það.“

Foreldrar Jóns, Jón Adalsteinn Jónsson,
ritstjóri og yfirmaður Orðabókar Háskóla
Íslands, og Vilborg Guðjónsdóttir hús-
freyja, eru nú báðir látnir. Jón Viðar er
elstur í röð þriggja systkina.

Var þetta menningarheimili?

„Já, það var það. Pabbi og mamma
fóru mikið á tónleika og í leikhús og fóru
snemma að taka mig með á þær leiksýn-
ingar sem þau töldu mig hafa þroska til að
sjá. Nú svo lá ég í bókum, lærði að teikna

og leika á píanó. Ég fékk uppörvun til að
skapa, bæði frá heim og afa mínum, Jóni
Ormssyni, sem ég átti margar samveru-
stundir með. Hann var annar af stofnend-
um Bræðranna Ormsson en starfaði öll síð-
ari árin sem sjálfstæður rafvirkjameistari.“

Hvernig barn varst þú?

„Ég hef sjálfsagt verið nokkuð krefjandi
og var kannski svolítill einfari en ég var
skapandi barn, orti ljóð og skrifaði sögur.
Allir héldu að ég yrði rithöfundur en það
rann af mér á unglingsárunum. Ég vissi þó
alltaf að framtíðinni lægi í því sem ég hafði
unun af, listunum, en ekki í líkamlegri erf-
iðisvinnu sem ég hef aldrei verið verulega
hneigður til.“

Varð fyrir opinberun níu ára

Fyrsta leiksýningin sem Jón sá var upp-
færsla Þjóðleikhússins á Kardemommu-
bænum árið 1960 sem situr enn þá í fersku
minni hans. Árið 1964 markaði hins vegar
mikil tímamót í lífi Jóns því þá voru verk
Williams Shakespeare sett á svið í tilefni af
400 ára afmæli skáldsins. Leikfélag Reykja-
víkur sýndi Rómeó og Júlíu, Þjóðleikhúsið
Hamlet og Ríkisútvarpið flutti Óþelló, Of-
viðrið og nokkur fleiri verk.

„Ég á erfitt með að lýsa þessum kyn-
num mínum af Shakespeare öðruvísi
en einhvers konar opinberun, ég fann
að þarna var eitthvað stórkostlegt á
ferðinni. List sem var engu öðru lík. Allar
þýðingar á leikritunum, bæði Matthíasar
Jochumssonar og Helga Hálfðanar-
sonar, las ég upp til agna. Þeim sem
sáu mig handfjatla þessar
bækur, ekki síst ef þeir voru
ókunnugir, þótti ég að sjálf-
sögðu afar einkennilegt
barn. En Shakespeare
gagntók mig og hann
hefur fylgt mér alla
tíð. Á seinni árum
er hann farinn að
skipta mig enn
meira máli því
hann lýsir svo
mörgu sem
maður hef-
ur kynnst
um ævina.
Fyrir mér
er Shake-
speare
fyrst og



fremst einhvers konar andlegur sjáandi, hann fékk gáfu til að sjá allt, nákvæmlega allt, ef maður leitar þá mun maður alltaf sjá eitthvað nýtt í þessum verkum, eitthvað sem varpar jafnvel nýju ljósi á ýmsa lífsreynslu manns.“

Jón segir að til þess að kynna Shakespeare sé nauðsynlegt að lesa hann. Uppsetningarnar séu margar og misjafnar og þar komist ekki allt til skila.

Skilja Íslendingar Shakespeare líkt og enskumælandi fólk?

„Við erum svo lánsöm að eiga mjög góðar þýðingar Helga Hálfðanarsonar á næstum öllum verkunum. Ég hef áður skrifað um og botna ekkert í því að leikhúsin skuli ekki nota þær meira en þau gera. Þau hafa látið gera nýjar þýðingar en ég get ekki séð að þær bæti neinu við þýðingar Helga, sem eru ákaflega trúar frumtextanum. Sumum þykja þær of bóklegar en það er fólk sem hefur ekki unnið með þær. Innan leikhússins ríka ákaflega miklir fordómar og ég vil leyfa mér að segja vanþekking á þessum textum.“

Jón nefnir sérstaklega uppfærslu Borgarleikhússins á Hamlet árið 2014.

„Það var hræðileg sýning. Þá tóku þeir texta Helga og blönduðu inn í hann alls kyns slanguryrðum og götumáli. Þetta var þvert brot á hans höfundarrétti og óskiljanlegt að börn hans skyldu ekki stöðva svona fruntahátt.“

Hann segir að þetta sé sérstaklega sorglegt í ljósi þess að Íslendingar séu að miklu leyti betur í stakk búnir til að skilja texta Shakespeare. Venjulegur Breti skilji til dæmis ekki nema hluta þess sem sagt er en að þýðingar Helga séu ljósari.

„Stóri dómur“ ruddi veginn

Jón gekk í Menntaskólann í Reykjavík og hélt svo til Svíþjóðar til að nema leikhúsfraði við Stokkhólmsháskóla. Náminu lauk árið 1996 með doktorsgráðu en fram að því starfaði hann hér heima, meðal annars við blaðaskrif, kennslu við Leiklistarskóla Íslands og Háskólann, dagskrárgerð fyrir útvarp og leikstjórn.

Árið 1978, þegar Jón var aðeins 23 ára gamall, var hann fenginn til að skrifa leikhúsgagnrýni fyrir Þjóðviljann og nokkru síðar fór hann að skrifa í Helgarpóstinn. Árið 1982 varð hann leiklistarstjóri Ríkisútvarpsins og gegndi hann þeirri stöðu til ársins 1991. Hann ruddi brautina fyrir leikhúsgagnrýni bæði í útvarpi og síðar í sjónvarpi og olli strax miklu fjáðrafoki fyrir hreinskilin og hispurslaus skrif.

„Því var hreint ekki vel tekið á æðstu stöðum í leikhúsinu og kostaði talsverða baráttu.

Fólki fannst eins og Ríkisútvarpið ætti að vera hafið upp yfir allt og alla líkt og forsetaembættið.

Að þar kæmi

Hún útskrifar leikara sem eru ekki hæfir til að leika á stærstu sviðum Þjóðarinnar.

fram gagnrýni fannst fólki ekki við hæfi. Ríkisútvarpið var enn eini ljósvakamiðillinn og menn töldu að ég hefði svo mikil völd. Ég var kallaður „stóri dómur“ um tíma og þáverandi Þjóðleikhússtjóri taldi að ég hefði líf og dauða sýninga í hendi mér.“

Hefur þú stigið sjálfur á svið?

„Já. Þegar ég var fimmtán ára gamall fékk ég hlutverk á fjöllum Þjóðleikhússins í leikriti sem hét Allt í garðinum eftir Edward Albee. Þá kynntist ég leikhúsinu innan frá og bjó að þeim kynnum þegar ég fór að skrifa krítk nokkrum árum síðar.“

Hjá Ríkisútvarpinu fékkst Jón bæði við þýðingar á leikritum og leikstjórn. Þegar þeim tíma lauk ákvað hann að snúa sér að fræðimennskunni og rannsaka sögu íslenskrar leiklistar. Jón skrifaði þá ævisögur Stefaníu Guðmundsdóttur leikkonu og Jóhanns Sigurjónssonar skálds. Árin 2003 til 2013 starfaði hann hjá Leikminjasafni Íslands.

Ruslahaugur meðalmennsku og sjálfsdýrkunar

Jón hikar þegar spurt er um styrkleika íslensks leikhúss.

„Mig setur eiginlega hljóðan þegar ég fæ svona spurningu því að íslenskt leikhús er í mínum augum að verða einn allsherjar ruslahaugur meðalmennsku og sjálfsdýrkunar. Íslensk leiklist stendur mjög illa núna.“

Hvað veldur því?

„Ein af ástæðunum er sú að leiklistardeild Listaháskólans gerir minna gagn en ekkert. Hún útskrifar leikara sem eru ekki hæfir til að leika á stærstu sviðum Þjóðarinnar enda hefur það verið stefna ráðamanna skólans undanfarin tuttugu ár eða svo að höggva á öll tengsl milli starfandi leikhúsa og stofnunarinnar. Þessi leiklistardeild starfar í einhverju algeru tómarúmi og útskrifar ekki fagfólk af því tagi sem íslenskt leikhús þarf á að halda. Nú þegar er komið allt of mikið rof milli kynslóða.“

Að sögn Jóns ætti leiklist aðeins að vera kennd af reyndum leikurum, líkt og þegar lærlingur í iðngrein nemur hjá meistara. Þannig gangi þekkingin og færnin frá manni til manns þó að vitaskuld þurfi meðfæddir hæfileikar að vera til staðar.

„Vandamálið er að kennararnir eru flestir, sýnist mér, sjálfir tiltölulega nýútskrifaðir nemendur úr skólanum. En af hverju eru elstu og reyndustu leikararnir, til dæmis Arnar Jónsson, Hilmir Snær, Kristbjörg Kjeld og Guðrún Gísladóttir, svo örfáir séu nefndir, ekki



„Ég tel að Þjóðfélag án trúar muni að endingu eyða sjálfu sér



að kenna þarna? Í þessum kennarahópi eru margir sem ég veit ekki til að hafi sýnt fram á neina sérstaka færni sem skapandi leikhúsfólk. Það vill verða svo að í stofnanir af þessu tagi safnist undirmálsfólk sem hefur ekki plumað sig. Það hefur dottið út eða ekki komist áfram í bransanum sjálft en kemst svo í fastar stöður og situr pikkfast í þeim árum og jafnvel áratugum saman. Svo eru nemendurnir nánast ótalandi þegar þeir út-skrifast. Þeir kunna ekki að beita röddinni og standa vanmáttugir gagnvart stórum rýmum Þjóðleikhússins og Borgarleikhússins. Og þá skortir líka tilfinnanlega bókmenntalega þekkingu og skilning á texta.“

Er þetta nýtilkomið vandamál?

„Ég myndi segja að þetta hafi farið versnandi síðustu tuttugu árin. Það voru stjórnendaskipti þarna í kringum 2000 og eftir það hefur þetta farið hríðversnandi.“

Þessi hnignun leiklistarnámsins skilar sér út í leikhúsin að mati Jóns. Enn séu þó starfandi leikarar sem valdi hlutverkum sínum vel.

„Við eigum vissulega góða leikara en nýliðunin er ekki að takast sem skyldi. Við höfum hins vegar aldrei átt framúrskarandi leikstjóra. Upp úr 1970 fóru að koma fram sérhæfðir leikstjóra en áður höfðu leikarar skipst á að setjast í leikstjórastólinn. Þetta var að vissu leyti góð þróun en engu að síður hafa okkar leikstjóra verið yfirleitt veikari og mistækari en þeir skárrí í nágrennalöndunum.“

Vidbrögð Clausen-systra dæmigerð

Jón hefur lengi bent á vankanta menningarumfjöllunar Ríkisútvarpsins. En efling menningar og íslenskrar tungu er ein af frumskyldum þeirrar stofnunar. Hann segir að tíminn sem ætlaður sé undir leikhúsgagnrýni í lok Kastljóssins sé allt of stuttur og ekkert alvöru samtal komist á flug.

„Leikhúsfólk vill að gagnrýnandinn fái meiri tíma til að rökstyðja mál sitt og á hverju hann byggir mat sitt, jákvætt eða neikvætt. Stjórnendur Ríkisútvarpsins virðast líta á þetta sem einhverja neytendapjónustu þar sem áhorfendur fá hraðsodið mat á því hvort sýningar vekja áhuga gagnrýnandans eða ekki og svo stjórnugjöf. Þarna eru heilu málstofurnar um fótbolta þar sem menn sitja kannski í klukkutíma og greina leiki sundur og saman af mikilli djúpvísku. Af hverju geta menn ekki greint leiksýningar, kvikmyndir og bækur á sama hátt? Ég hef aldrei fengið neitt svar við því.“

Ég hef sjálfsagt verið nokkuð krefjandi og var kannski svolítill einfari en ég var skapandi barn, orti ljóð og skrifaði sögur.

Hvernig standa leikhúsgagnrýnendur sig almenn?

„Þetta er eflaust ágætisfólk sem vill vel, en mér finnst skrif þeirra einkennast of mikið af dekki við ákveðnar tegundir leiklistar. Sumir eru mjög uppteknir, og, er hræddur um, jafnvel dálítið snobbaðir, fyrir því sem kallast framúrsteftuleikhús sem mér skilst að sé allt sem fer út fyrir hinn hefðbundna raunsæisramma. Þeir dásama það í bak og fyrir en gagnrýna ekki. Ég hef gaman af tilraunaleikhúsi ef ég finn að það er eitthvert vit í því. En því miður finnst mér það sem er borið fram undir þessum merkjum hér á landi mestallt vera undanrenna af gamaldags framúrsteftum sem maður var að sjá úti í Evrópu, ekki síst í Þýskalandi, á árunum í kringum 1970.“

Talið berst nú að því sem hefur verið kallað óðaverðbólga í stjórnugjöf, það er að gagnrýnendur hlaði verkin lofi frekar en að gagnrýna þau. Jón telur þetta sérstaklega áberandi í heimi bókmenntanna í jólabókafloðinu.

„Þetta er ekkert annað en þjónkun við útgefendur og partur þeirra sölumennsku. Þetta er ekki þjónusta við lesendur, hvað þá höfundu.“

Þessi þrýstingur kemur einnig innan úr listaheiminum sjálfum og nýverið hafa raddir þaðan verið háværar um að fjölmiðlar fjalli ekki nægilega mikið og nægilega jákvætt um listsköpun. Jón telur hið síðarnefnda mikinn misskilning.

„Því miður er tilhneiging í nútímanum til að hampa öllu sem fólk er að gera. Krúttkynslóðin er ansi illa farin af slæmu uppeldi og hana skortir of oft auðmýkt gagnvart skoðunum þeirra sem búa yfir raunveru-

legri þekkingu og þjálfaðri dómgreind. Nýlegt dæmi er í umræðu um framlag okkar til Eurovision-söngvakeppninnar.“

Um er að ræða þátt Felix Bergssonar, Alla leið, þar sem söngkonan Helga Möller gaf íslenska laginu Our Choice ekki háa einkunn. Sagði hún lagið leiðinlegt, óeftirminnilegt og ætti nánast enga möguleika á að komast áfram. Þórunn Clausen, höfundur lagsins, og systir hennar, Ragnheiður Elín Þula, brugðust harkalega við „dómhörkunni og neikvæðinni.“ Það væri einkennilegt að einhver setti sig í dómarasæti gagnvart listsköpun fólks og vinnu. Jón Viðar segir:

„Það er barnaskapur og heimiska að láta svona og sýnir mikinn hroka. Auðvitað má fólk bara þakka fyrir að einhver taki verkið nógu alvarlega til að hafa skoðun á því. Þessi umræða sem skapaðist þarna er dæmigerð fyrir þann tíðaranda sem er ríkjandi núna. Öllu er hrósað og hampað, sama hversu lélegt það er og fjölmiðlarnir taka þátt í þessum dansi, til dæmis með vali á gagnrýnendum, því þeir kæra sig ekki um ófriðinn sem fylgir því þegar listamenn taka gagnrýni illa.“

Í þrígang sviptur frumsýningarmiðum

Jón Viðar er þekktur fyrir að liggja ekki á skoðunum sínum í leikhúsgagnrýni og hann hefur komið við kaunin á mörgum á fjórtíu ára ferli. Gagnrýni hans í Dagsljósi á Don Juan, jóla-leikriti Þjóðleikhússins árið 1996, vakti mikið umtal. Jón sagðist ekki sáttur við túlkun leikstjórans litháiska, Rimas Tuminas, á verki Moliere. Sýningin hefði verið allt of löng, leiðinleg, tónlistin væri hávaði og aðalleikarinn Jóhann Sigurðarson „henglaðist um á sviðinu eins og dópisti.“

Hvernig tekur leikhúsfólk þinni gagnrýni?

„Það er allur gangur á því. En ég hef verið svo lánsamur að alveg frá upphafi hefur verið hlustað á mína gagnrýni. Ég er nú ekki að segja að ég hafi haft óskaplega mikil áhrif á þróun leikhússins en áhorfendur, áhugafólk um leikhús og leikhúsfólk fylgist með umfjöllun minni og hefur brugðist við henni. Það er ekki alltaf sammála mér, mikil ósköp, en þekkir mín viðhorf. Ég hef séð fólk í athugasemdakerfum segja að ef Jóni þyki sýningin vond þá þyki því hún góð. Það er gott því þá er fólk að skoða leikhúsið með gagnrýnum huga og hefur sinn smekk. Gagnrýnandinn hefur sinn smekk og hefur leyfi til að vera huglægur í mati sínu. Fólk veit að ég er ekki að þjónusta neinar stefnu

ur eða klíku. Ég tek afstöðu á mínum eigin forsendum.“

Hefur gagnrýnin haft áhrif á persónuleg vinasambönd þín við leikhúsfólk?

„Ég hef aldrei misst venskap við fólk út af krítík. En þó að það komi snúður á fólk og það hætti að tala við mig tímabundið eftir neikvæða gagnrýni þá er það gleymt eftir nokkurn tíma. Og alltaf eftir jákvæða gagnrýni. Sumir eru langræknari en aðrir en ég get ekki verið að hafa áhyggjur af viðbrögðum annarra. Mín skylda er gagnvart lesendum og áhorfendum. Ég get verið beittur og orðað hlutina þannig að þeim sem gagnrýnin beinist að getur sárnað en það verður bara að hafa það. Gagnrýni er partur af listsköpuninni og sá listamaður sem beitir sjálfan sig ekki gagnrýni er dauðadæmdur. Bestu listamennirnir eru þeir sem meðtaka gagnrýni og beita henni á sjálfa sig á meðan meðalmennin baða sig í ljóma sjálfsdýrkunarinnar.“

Jón segir þó að beinskeytt gagnrýni hans hafi bitnað á honum í starfi að því leyti að leikhússtjórar hafi klagð í ritstjóra. Á þetta reyndi til dæmis eftir harðorðan dóm um uppfærslu Þjóðleikhússins á Óþelló eftir gagnrýni í Fréttatímann undir yfirskriftinni „Úrkynjað pakk í plasti“ með vísun í sérstaka búninga og leikmynd. Jón segist þó ávallt hafa verið þeirrar blessunar aðnjótandi að ritstjórar hans hafi staðið með honum og Gunnar Smári Egilsson í þessu tilviki var þar engin undantekning.

„Ég hef stundum fengið slíkar gusur yfir mig að ég hef hugsað um hvort það sé þess virði að standa í þessu. En mesta og dýrmætasta stuðninginn hef ég ávallt fengið innan úr leikhúsinu sjálfu. Ég veit að gáfadasta fólk, það fólk sem raunverulega skiptir máli, skilur nauðsyn gagnrýni og hefur í reynd staðið með mér þegar lætin hafa orðið mest. Leikhússtjórnarnir eru hins vegar í viðkvæmstu stöðunni og það hefur gerst að minnsta kosti í þrígang að þeir hafa blessaðir reynt að leggja stein í götu mína og fjölmiðilsins með því að taka af mér frumsýningarmiða. En nú er það allt gleymt og samskipti okkar í dag, þau litlu sem þau eru, hin þægilegustu.“

Kristur er sannleikurinn, endanlegur og algildur

Á sínum yngri árum, þegar Jón skrifaði fyrir Þjóðviljann, adhylltist hann sósíalisma ▶

Það er ekkert *þægilegt* við beinu bananana



Gómsætir veislubakkar,
sem lífga upp á öll tilefni.
Er kannski heilsuátak
framundan?

Ávextir í áskrift kosta um
550 kr. á mann á viku
og fyrirhöfn fyrirtækisins
er engin.



www.avaxtabillinn.is • avaxtabillinn@avaxtabillinn.is • 517 0110



en í dag hefur hann gerbreytt um lífs-skodun. Hann lýsir sér sem íhaldssömum jafnaðarmanni sem vill blandað hagkerfi, öflugt velferðarkerfi en jafnframt að einstaklingar þurfi að taka ábyrgð í lífinu. Spilling og sérhagsmunagæsla eitri hins vegar alla íslenska pólitík í dag. Grunnurinn að hans lífsskodun er hins vegar kristin trú hans.

„Ég tel að þjóðfélag án trúar muni að endingu eyða sjálfu sér. Kristin trú skapar ákveðinn ramma utan um okkar líf og það góða við kristnina er að hún virðir frelsi einstaklingsins og kennir okkur að taka ábyrgð á okkar eigin lífi en um leið á meðbræðrum okkar. Hún er í raun mjög félagslega sinnuð.“

Jón fann sig ekki innan íslensku þjóðkirkjunnar heldur gekk í kaþólska söfnuðinn fyrir um tuttugu árum. Hvað kom til?

„Eftir að hin sósíalíska víma rann af mér fannst mér ég leiddur áfram til að taka þetta skref. En það var líka meðvitund ákvörðun að trúa á Jesú Krist. Mér finnst rómversk-kaþólska kirkjan vera eðlilegur staður til að vera á. Lútherska svokölluð er í raun bara ómerkileg villutrú, komið á með miklu ofbeldi í hinni svokölluðu siðbót á sextánda öld. Þessu var troðið upp á heilu þjóðirnar af gráðugum furstum sem vildu komast yfir auðæfi kirkjunnar. Auðvitað var kirkjan spillt á þessum tíma og þurfti siðbót en þarna var hróflað við hlutum sem átti alls ekkert að hrófla við. En svo er eins gott fyrir okkur að muna, eins og Halldór Laxness sagði, að sannleikurinn er ekki í bókum, ekki einu sinni í góðum bókum, heldur

í fólki sem hefur gott hjartalag og slíkt fólk er vitaskuld til í öllum söfnuðum og trúarbrögðum.“

Önnur ástæða fyrir því að Jón gekk í kaþólsku kirkjuna er hversu vel í stakk búin hún er til að taka á málefnum samtímans, sér í lagi afstæðishyggunni.

„Við höfum ákveðnar grunnviðmiðanir sem við höldum okkur við og byggjum utan á þær. Kristindómurinn og kaþólskan hefur kennt mér þetta. Ég trúi því að það sé til sannleikur, endanlegur og algildur, sem er Jesús Kristur og virðing fyrir helgi einstaklingsins sem hann kennir.“

Þó að trúin skipti Jón miklu máli þá segir hann að sér leiðist fólk sem sé mjög upptekið af trúmálum og sé sífellt að lýsa skodun sinni á þeim. Að mörgu leyti hafi hin alþýðlega afstaða forfeðranna, sem leit á tilveru guðs og nærveru í mannlegu lífi sem eitthvað alveg sjálfsgagt, verið sú eðlilegasta.

„Það sem skiptir máli er að lifa samkvæmt trúnni og þeim siðferðilegu mælikvörðum sem Kristur setur. Ef við gerum það ekki endar samfélagið í óreiðu og upplausn.“

Gedlyfin björguðu

Jón hefur frá barnæsku þurft að glíma við kvíða og hefði að eigin sögn verið greindur með kvíðaröskun á sínum tíma ef hugtakið hefði verið til. Þá voru börn annaðhvort sögð ofvirk eða bara óþæg. Fyrir tólf eða þrettán árum var kvíðinn kominn á það stig að hann þurfti að gera eitthvað í málinu og í kjölfarið var þunglyndi einnig farið að gera vart við sig. Jóni er hins vegar illa við að nota

mun betur. Jón segir að það hafi tekið hann langan tíma að setta sig við að hann þyrfti að gefa lyfjunum tækifæri.

„Að mínu mati eru gedlæknar margir hverjir stórhættulegir, einkum ef þeir eru útblunnir og áhugalausir. Einn þeirra, þekktur maður í bransanum, sagðist telja að engin lyf dygðu á mínar gedlægd. En að lokum fann ég alvöru lækni og ég hef verið undir hans handleiðslu í fimm eða sex ár. Ég er einn af þeim lánsömu sem lyfin hafa hjálpað og þau hafa í raun gefið mér nýtt líf. Ef ég hefði ekki gefið lyfjunum tækifæri veit ég ekki hvar ég væri í dag og ég vil eiginlega ekki hugsa út í það. En ég hef líka reynt að temja mér að lifa í núinu og taka einn dag í einu. Láta hverjum degi nægja sína þjáningu, eins og þar stendur.“

Hvað finnst þér um þessa neikvæðu umræðu um gedlyf?

„Það er gríðarlegur ábyrgðarhluti þegar fólk með takmarkaða þekkingu er að predika gegn lyfjum. Einn góður vinur minn sem hefur líka glímt við „svarta hundinn“ sagði einu sinni svolítið við mig sem ég hef stundum vitnað í. Allir teldu sig geta haft skoðanir á gedlyfjum. Ef þú sest í leigubíl, sagði hann, þá telur bílstjórinn sig vita allt um gedlyf, en ef talið berst að lyfjum við til dæmis sykursýki, krabbameini eða Parkinsonsveiki, þá er vissan ekki eins mikil. Fólk telur sig dómþætt án þess að hafa nokkrar forsendur til að tjá sig um þetta. Heldur jafnvel að það sé allsherjar samsæri milli lyfjaiðnaðarins og læknanna. Þessi vísindi eru ekki fullkomin en nýju gedlyfin hafa skilað vísindalegum, marktækum árangri, til dæmis á mér.“

Hvernig líður þér í dag?

„Ég er orðinn 63 ára gamall og þakka guði fyrir hvern dag sem ég vakna og þakka sönsu, get sinnt mínu starfi og dagsins önnum og einnig notið lífsins. Ég hef horft upp á jafnaldra mína og miklu yngra fólk kljást við og falla fyrir hræðilegum sjúkdómum. Hvað morgundagurinn ber í skauti sér veit maður auðvitað aldrei en ég er þakklátur fyrir að vera heill og hress í dag.“

Börðust fyrir hugsjón

Jón er nú að skrifa bók, sem mun bera titilinn Stjörnur og stórveldi á íslensku leiksviði 1925 til 1970, byggða á margra ára rannsóknarvinnu og mun hún koma út á haustmánuðum. Þetta verður nokkurs konar ævisaga annarrar kynslóðar íslenska leikhússins sem starfaði á umræddu tímabili. Fólk eins og Lárus Pálsson, Haraldur Björnsson, Indriði Waage, Arndís Björnsdóttir, Regína Þórðardóttir og Þorsteinn Ö. Stephensen kemur þar mest við sögu. Leikararnir hófu ferilinn í áhugamennsku og lærðu margir hverjir aldrei í skólum heldur á fjöllumum. Undir lokin voru þau þó orðin atvinnumenn í faginu.

„Þetta voru góðir listamenn, hvert með sínum hætti, og ég segi sögu þessa hóps í bókinni. En í rauninni er ég að reyna að lýsa sögu leikhússins eins og hún horfir við mér í gegnum líf þeirra.“

Munt þú bera þennan tíma saman við nútímann?

„Þarna eru óhjákvæmilega ýmsir snertipunktur við nútímann án þess að það sé endilega aðalatriðið. Auðvitað þætti mér ekkert verra að bókin yrði tekin inn í þá leiklistarumræðu sem hér þarf að fara fram en það verður bara að koma í ljós.“

Var þetta gullöld leikhússins?

„Mér finnst það hættulegt orð. Okkur hættir til að fegra eitt og annað í fortíðinni en einnig að vera of gagnrýnin. Eins og við séum komin á eitthvert æðra stig nú. Þetta fólk var að berjast fyrir þeirri hugsjón að hér yrði rekið atvinnuleikhús með sama listræna metnaði og bestu leikhúsin í nágrennalöndum okkar. Þau settu markið hátt en hópurrinn var svo lítil að það var alltaf erfitt að manna stór og kröfuhörð leikrit. Þar að auki var leikhúsið háð tekjum af miðasölu og varð þess vegna að sýna alþýðleg kassastykki á borð við Ævintýri á gönguför og Skugga-Svein sem alltaf trektu. En þau höfðu metnað til að sýna Shakespeare, Ibsen, Chekov og fleiri slíka og náðu ótrúlega langt miðað við aðstæður. Leikhópur Þjóðleikhússins var orðinn virkilega fær á áttunda áratugnum og sumar þeirra sýninga sem þá komu upp að minnsta kosti það góðar að barnungur strákur á Sjáfnargötunni fékk þessa bakteríu sem hefur stýrt lífi hans síðan.“ ■

Ég hef ekki farið jafn djúpt niður og margir aðrir en ég samt orðið svo slæmur að ég hef lagst í rúmið

þetta orð, þunglyndi. Depurð eða gedlægd er eigi betur við.

„Ég hef tilhneigingu til þess að fara niður í gedlægd. Þá verð ég mjög óvirkur og vil einangra mig, helst loka mig alveg af. Starfsorka mín hefur einnig skerst við þetta.“

Hvenær varstu í mestri lægð?

„Þetta hefur gengið í tímabundnum sveiflum. Ég hef ekki farið jafn djúpt niður og margir aðrir en ég hef samt orðið svo slæmur að ég hef lagst í rúmið. Stundum dögum saman, jafnvel einu sinni í nokkrar vikur. Árið 2012 var ég einnig búinn að keyra mig út í vinnu og í hálf ár var ég eiginlega alveg uppgefinn. Þá hafði ég ekki orku til að halda áfram, hætti að hreyfa mig og vildi helst ekki vera innan um fólk. En þá fékk ég loksins þá hjálp sem ég þurfti.“

Umræðan um lyfjagjöf við þunglyndi og öðrum geðsjúkdómum hefur verið töluverð á Íslandi undanfarin ár. Margir eru ósáttir við að Ísland eigi heimsmet í notkun slíkra lyfja og telja að samtalsmeðferðir virki

Vorverkin

13. apríl 2018

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is Umsjón: Ágúst Borgbór Sverrisson / agustb@dv.is



BJÖRK GARÐAÞJÓNUSTA:

Þegar garðeigandinn er ánægður er verkið gott


Björk garðaðjónusta er í eigu Jóhannesar S. Guðbjörnssonar, skrudgarðyrkjumeistara. Hann hefur starfað við garðyrkju frá árinu 1968. Fyrirtækið sér um alla almenna garðaumhirðu.

Jóhannes segir mikilvægt að huga vel að vali á plöntum sem henta aðstæðum og því hvernig hellur, grjót, skjólveggir eða sólpallur passi garðinum. Hann segir jafnframt:

„Fólk áttar sig stundum ekki hversu lítið þarf að gera til að gera góðan garð betri. Verk eru margþætt og nauðsynlegt að útskýra fyrir garðeigendum þætti sem liggja ekki í augum uppi. Samskiptin okkar á milli eru skemmtilegt og ögrandi lærdómsferli.“

Öll verk eru unnin fagmannlega eftir óskum viðskiptavina og megináhersla er lögð á góðan frágang á hverju verki, hvort sem um er að ræða verk fyrir einstaklinga, húsfélög, fyrirtæki eða sendiráð.

„Gott verk er þegar garðeigandinn



er ánægður og garðyrkjumaðurinn er stoltur af verkinu,” segir Jóhannes.

Verkþættir

Viðhald og umhirða: Runnaklipping, trjásnyrting, trjáfelling, sláttur, mosatæting, bedagerð, áburður og eitrun.

Nýframkvæmdir: Garðahönnun, landmótun, jarðvegsskipti, hellulögn, hleðsla, kantsteinn, þrep, náttúrugrjóthleðsla, túnpökulögn, bedagerð, gróðursetning, sólpallar, girðingar og heitir pottar.



Allar frekari upplýsingar má finna á heimasíðu Bjarkar garðaðjónustu, gardyrkjumeistari.is, og í síma 846-

8643/856-9600. Fyrirtækið hefur 40 ára reynslu og getur prýtt sig af fjölda vel unninna verka.



Alhliða garðþjónusta – hellulögn, pallasmíði og skjólveggir

GARÐAÞJÓNUSTA KÓPAVOGS

Garðþjónusta Kópavogs er rótgróið fyrirtæki sem sérhæfir sig í alhliða garðþjónustu. Kópavogsbúar þekkja vel til vandaðra verka fyrirtækisins sem hefur um árabil séð um að prýða garða, hreinsa beð og helluleggja. Helgi Bersi Ásgeirsson garðyrkjumaður segir að aðaláhersla fyrirtækisins sé lögð á almennt viðhald á gördum sem og gerð nýrra garða.

„Við sérhæfum okkur meðal annars í að helluleggja en það er einmitt mikið um að fólk sé að helluleggja um þessar mundir. Við aðstoðum einnig viðskiptavinum við hönnun og skipulag á gördum,“ segir hann.

Einnig smíðar Garðþjónusta Kópavogs palla og skjólveggi.

Hvers kyns garðþjónusta


„Garðþjónusta Kópavogs sinnir einnig tyrfingu, jarðvegsskiptum, trjáfellingu og trjáklippingu. Þótt fyrirtækið sé eyrnamerkt Kópavogi þá förum við gjarnan yfir bæjarmörkin og vinnum víðs vegar um höfuðborgarsvæðið, ef því er að skipta. Við leitumst líka við að hagræða verkefnum og vinnutíma eftir þörfum viðskiptavina hverju sinni.“


Garðþjónusta Kópavogs er með áratuga reynslu í hvers kyns garðþjónustu og leggur mikinn metnað í að þjónusta fjölda einstaklinga, fyrirtækja



og húsfélaga í almennum garðaviðhaldi yfir allt sumarið.

Garðþjónusta Kópavogs
Austurkór 63, Kópavogur
Sími: 859-7090
www.facebook.com/gardakop





GARÐAÞJÓNUSTA KÓPAVOGS

Alhliða garðaðþjónusta – hellulögn, pallasmíði og skjólveggir

Garðaðþjónusta Kópavogs er rótgróið fyrirtæki sem sérhæfir sig í alhliða garðaðþjónustu. Kópavogsbúar þekkja vel til vandaðra verka fyrirtækisins sem hefur um árabil séð um að prýða garða, hreinsa beð og helluleggja. Helgi Bersi Ásgeirsson garðyrkjumaður segir að aðaláhersla fyrirtækisins sé lögð á

almennt viðhald á gördum sem og gerð nýrra garða.

„Við sérhæfum okkur meðal annars í að helluleggja en það er einmitt mikið um að fólk sé að helluleggja um þessar mundir. Við aðstoðum einnig viðskiptavinum við hönnun og skipulag á gördum,“ segir hann.

Einnig smíðar Garðaðþjónusta Kópavogs palla og skjólveggi.

Hvers kyns garðaðþjónusta

„Garðaðþjónusta Kópavogs sinnir einnig tyrfingu, jarðvegsskiptum, trjáfellingu og trjáklippingu. Þótt fyrirtækið sé eyrnamerkt Kópavogi þá förum við gjarnan yfir bæjarmörkin og vinnum víðs vegar um höfuðborgarsvæðið, ef því er að skipta. Við leitumst líka við að hagræða verkefnum og vinnutíma eftir þörfum viðskiptavina hverju sinni.“

Garðaðþjónusta Kópavogs er með áratuga reynslu í hvers kyns garðaðþjónustu og leggur mikinn metnað í að þjónusta fjölda einstaklinga, fyrirtækja og húsfélaga í almennu garðaviðhaldi yfir allt sumarið.

Garðaðþjónusta Kópavogs
Austurkór 63, Kópavogur
Sími: 859-7090

www.facebook.com/gardakop

ÖLL ALMENN GARÐVINNA

Hellulagnir, Þökulagnir, Jarðvegsskipti, Beðahreinsun, Trjáfellingar, Trjáklippingar og margt fleira.



Austurkór 63, Kópavogi
Sími: 859 7090

Garðaðþjónusta Kópavogs

facebook.com/gardakop
gardakop@gmail.com



Laugin ehf

CalderaSpas®

Heiti potturinn og allt fyrir hann

Laugin ehf. hefur starfað frá árinu 2012 og er í dag einn helsti sölu- og þjónustuaðili í heitum pottum og skyldum vörum. Jafnframt býður Laugin ehf. upp á alhliða viðgerða- og viðhaldsþjónustu fyrir eigendur allra heitra potta og sundlauga, gildir einu hvar pottarnir hafa verið keyptir. Viðgerðar- og viðhaldsvinnu sinna eingöngu fagmenn en hjá fyrirtækinu starfa þjónustumeistarar og rafeindavirki.

Laugin sinnir viðtækri þjónustu fyrir einka- og almenningsundlaugar með hreinsiefni, dælur, sandsiur, varahluti og fleira, jafnframt því að sinna breytingum og viðhaldsvinnu fyrir sundlaugar.

Laugin býður upp á gott úrval fylgi- og varahluta í flestar gerðir potta, meðal fylgihluta má nefna: Tröppur, lokalyftur, siur, hitamæla, háfa, klórskammtara, fljótandi glasabakka og ýmislegt fleira. Og meðal varahluta eru t.d. dælur, hitaelement, barkar, nuddstútar, kúlulokar og margt fleira.

Úrvalið er mikið og fróðlegt að skoða það í vefversluninni á laugin.is eða í versluninni sjálfri að Smiðjuvegi 4. En hér er vert að nefna annars vegar hina rómuðu heitu potta Caldera Spas frá Bandaríkjunum. Þetta er eitt þekktasta merkið í bransanum og hafa pottarnir verið fánlegir á Íslandi í hátt í 15 ár, en þeir voru áður seldir í Byko. Caldera Spa-pottarnir eru mjög hátt metnir í erlendum fagritum.

Laugin býður upp á mikið úrval hreinsiefna en þar ber helst að nefna Aqua Finesse Hot Tub, umhverfisvæna hreinsiefnið frá Special Water Europe. Vinsældir Aqua Finesse stafa af því hversu árangursríkt og einfalt það er í notkun.

Góð umhirða og viðhald eru mjög mikilvægir þættir fyrir góða endingu heitra potta. Ef þú hefur verið að eignast heitan pott eða ert ekki alveg klár á hvernig best er að sinna umhirðu, þá er hægt að kíkja við í Lauginni eða bara hringja og fá ráðgjöf.

Laugin rekur öflugna vefverslun á vefsvæðinu laugin.is sem kemur sér vel fyrir þá sem búa á landsbyggðinni og geta keypt sér á netinu heita potta, rekstrarvörur og varahluti

á hagstæðu verði, og ef þeir eru á ferðinni í Kópavogi er um að gera að kíkja við og versla og fá góð ráð í kaupbæti. Flestir viðskiptavinir fyrirtækisins á höfuðborgarsvæðinu koma hins vegar í verslunina og gera sín innkaup þar og fá í leiðinni góða, faglega ráðgjöf.

Meðal umboða: Caldera Spas, Fantasy Spas, Aqua Finesse, Bayrol, Pleatco, Waterway, ACC, Procopi, Poolmaster, o.fl.

Laugin er sem fyrr segir til húsa að Smiðjuvegi 4 og er opið virka daga frá kl. 9 til 17.30.





Litríkur
... gefum lífinu lit!

Toppgæði og persónuleg þjónusta

Litríkur er málningarþjónustufyrirtæki sem hefur starfað frá árinu 2011. Litríkur kappkostar að bjóða upp á gæðarþjónustu sem jafnast á við stór fyrirtæki í greininni en getur jafnframt veitt mun persónulegri þjónustu þar sem fyrirtækið er lítið.

„Við erum bara sex sem störfum hér, allt ýmist málrameistarar eða -sveinar, og við erum allir íslenskir. Það eru nánast engin takmörk fyrir því hvað við tökum að okkur stór eða smá verkefni því í stærri verkefnum eigum við gott samstarf við aðra málrameistara. Við getum líka veitt heildarlausnir þar sem þarf að gera fleira en að mála, aðallega múrverk og smíðar, því við erum í góðu samstarfi við mjög trausta málrameistara og húsmiðameistara. En skilyrði fyrir þessu er þó að verkefnið í heild sé að meirihluta málun,“ segir Gísli Guðmundsson, málrameistari og annar eigandi Litríks, en hinn eigandinn er Daði Már Ingvarsson.

Fagfélögin vernda verkkaupanda

Gísli segir mikilvægt að þeir sem þurfa á málningavinnu

að halda leiti til fagmanna og sem tryggi gæði og sé trygging gegn tjóni. „Við hvetjum fólk eindregið til að hafa samband við meistarafélögin sjálf, þau eru öll með heimasíður og bjóða verkkaupendum að óska eftir tilboðum. Málrameistarafélagið er með yfir 100 fullgilda meðlimi með meistaraáráttindi sem eiga tilkall til ábyrgðarsjóðs félagsins sem í raun styður við bakið á verkkaupanda. Ef verkkaupi er ósáttur við vinnubrögð löggilds félaga getur hann leitað til meistarafélagsins og fengið úttekt á vinnunni. Eftirfylgni innan félagsins er því mjög sterk og menn verða að standa sig.“

Litríkur tekur að sér allt frá málun einbýlishúsa og sumarhúsa einstaklinga upp í þjónustu við húsfélög og lítil og stór fyrirtæki. „Við höfum meðal annars unnið stór verkefni fyrir björgunarsveitirnar og Símann en við vinnum einna mest fyrir húsfélög,“ segir Gísli.

Það er mikið að gera hjá Litríkur allt árið en eðlilega er meira um innanhúsmálun á veturna og utanhúsmálun

á sumrin. Brátt rennur upp tími utanhúsmálunar og nú er verið að vinna úr tilboðum. „Við áskiljum okkur rétt til að ganga úr opnum tilboðum ef við fáum ekki svar innan nokkurra vikna og bóka okkur annars staðar. Frá þessum tímamarki er það síðan „fyrstur kemur, fyrstur fær,“ segir Gísli en ljóst er að annarsamt sumar er framundan hjá Litríku við að fegra húsin í bænum með fyrsta flokks málningavinnu.

Litríkur gerir ávallt föst tilboð í verkefni þannig að verkkaupandi hefur heildarupplýsingar um kostnað áður en verk hefst. Tilboðin eru tilboðsbeiðanda að kostnaðarlausu. Áhugasamir hafa ýmist samband í gegnum vefsíðuna litrikur.is eða hringja í síma 554-5544. Ef áhugi er enn fyrir hendi eftir þessi fyrstu kynni mæla Litríkur og verkaupandi sér yfirleitt mót og verkefni er tekið út og metið. Þannig hefst farsælt samstarf sem endar á því að húseign hefur verið máluð eða henni gerð önnur skil af fagmennsku.





Flest sem lýtur að smíði og garðvinnu

MATTI SMÍÐUR

Matthías Pétursson húsgagna-smíður er með þrjátíu ára reynslu af smíði og vinnur með Matthíasi syni sínum, sem er að ljúka námi í húsgagna-smíði, og mun taka við rekstri föður síns þegar fram líða stundir. Þeir feðgar taka að sér flest það sem lýtur að smíði, nýsmíði og lagfæringum. Matthías segist lengi vel hafa unnið við sérsmíði á innréttingum: „Undanfarið ár hefur sérsvið mitt hins vegar verið garðar og hellulögn. Ég tek að mér fjölbreytt verkefni eins og sumarhús, einkalóðir, lóðir undir nýbyggingar og eins eldra húsnæði. Að auki sé ég um nýja garða og endurgerð eldri garða.“

Sólpallar, skjólveggir og hellulögn

„Þegar líða fer að vori fara margir að huga að sólpöllum enda eru þeir ekki bara til þess að njóta sólarinnar heldur nýtast einnig sem frábær framlenging á sjálfri stofunni,“ segir Matti. „Það er einnig annatími í hellu-

lögn og girðingum. Skjólveggir, bekkir, kofar og geymslur spretta upp eins og gorkúlur í gördum landsmanna með hækkandi sól,“ bætir hann við og nefnir að fátt sé skemmtilegra en vorverkin.

Heitir pottar – framlenging á stofunni

„Fjölmargir hafa fengið sér heitan pott í garðinn á undanförunum árum. Það skiptir meginmáli að pallurinn við pottinn sé vel úthugaður og huga þarf vel að staðsetningu og umhverfi pottsins. Best er að pallurinn sé á tveimur hæðum og smíða tröppur á snyrtilegan hátt upp á efri pallinn til þess að auka rýmið umhverfis pottinn. Tröppurnar geta svo einnig nýst fyrir blómápotta og luktir sem gera umhverfið mun hlýlegra við pottinn. Á efri pallinum myndast þá líka rými fyrir borð og stóla. Þegar sólpallar eru ekki stórir eins og í þessu tilfalli er mikið atriði að fella pottinn inn í um-

hverfið til þess að skapa rými. Rýmið umhverfis pottinn er t.d. hægt að nota fyrir glös og diska þegar hann er í notkun.“

Finna einnig fallegar lausnir fyrir landsbyggðina

„Við Mattarnir smíðum líka utan um sorptunnur á faglegan hátt og búum til falleg blómabeð til skrauts og ofan á hleðslur. Við notum ýmsar viðartegundir við smíðina eins og t.d. lerki, eik, furu og jafnvel tekk. Við tökum glaðir við verkum á landsbyggðinni og höfum sinnt verkefnum um land allt, eins og t.d. á Flúðum, Þingvöllum, Snæfellsnesi og í Skorradal. Við Mattarnir smíðum í raun allt sem hugsast getur – innandyra sem utan. Við getum séð um parketlögn, parketslipun, milliveggjasmíði, uppsetningu innréttinga, uppsetningu hurða, þakviðgerðir og fleira,“ segir Matti.

Matti smíður, netfang: mattismidur@mattismidur.is, sími: 893-3300 og 691-0621 www.mattismidur.is



Þúsundþjalasmíður Matti er með yfir 30 ára reynslu í faginu og hefur í gegnum árin smíðað nokkur hundruð sólpalla með öllu tilheyrandi.





TÍMARITIÐ SUMARHÚSIÐ OG GARÐURINN:

Ástríða fyrir sumrinu og garðrækt

Vorið er annatími hjá Auði I. Ottesen, framkvæmda- og ritstjóra tímaritsins Sumarhúsið og garðurinn. Hún er í önnum við að forsa í gróðurhúsinu þessa dagana auk þess að halda námskeið í ræktun og sýningarhaldi. Í gróðurhúsinu hennar eru vorlaukar og smáplöntur af ýmsu kryddi og maturtum auk fjölda sumarblóma sem teygja sig upp úr moldinni og það er augljóst að garðyrkja er hennar hjartans mál og ástríða. Bæði í útgáfunni og garðinum að Fossheiði 1 á Selfossi.

Tímaritið Sumarhúsið og garðurinn er glæsilegt 100 síðna blað sem kemur út fimm sinnum á ári og er sneisafullt af fróðleik og hagnýtum ráðum, öllu sem viðkemur sumarhúsálifinu og garðrækt. „Við höfum alltaf verið lánsóm með samstarfsmenn, ég er afar þakklát stórum hópi fagmanna sem hafa unnið blaðið með okkur. Með góðum pennum hefur blaðið alltaf verið fjölbreytt og höfðar til afar stórs hóps, langt út fyrir þá sem eiga bústað eða garð,“ segir Auður og bætir við að hún sé einnig afar þakklát tryggum áskrifendum og kaupendum blaðsins.

Hundraðasta tölublað væntanlegt í haust

Auður hefur ritstýrt tímaritinu Sumarhúsið og garðurinn í 18 ár en saga blaðsins nær aftur til ársins 1993. Í haust verður útgáfa tölublaðs númer 100 fagnað með viðeigandi hætti. „Við erum búin að vera í þessu lengi, Sumarhúsið og garðurinn byrjaði sem

dreifirit undir nafninu Sumarhúsið og varð að áskriftariti þegar ég tók við ritstjórn þess. Síðan þá hefur starfsemin í kringum útgáfuna aukist og auk blaðsins höfum við gefið út alls níu bækur um garðyrkju og garðahönnun.“ Samhliða útgáfu hefur Sumarhúsið og garðurinn staðið að sýningum og útgáfu bóka sem eru skyldueign fyrir hvern þann sem vill sinna garðinum af metnaði, vandlega myndskreyttar og kafað djúpt ofan í viðfangsefnið.

Hafa kennt um 1.800 manns að rækta

Árið 2009 bættist svo við metnaðarfullt námskeiðahald hjá Sumarhúsinu og garðinum og hafa um 1.800 manns sótt námskeiðin þeirra í mat- og kryddjurtarækt, ræktun ávaxta-trjáa og berjarunna, moltugerð og garðaskipulagi svo eitthvað sé nefnt. „Við byrjuðum með námskeiðin strax eftir kreppu og urðum fljótlega vör við að áhugi á garðrækt, og sérstaklega matjurtarækt, hafði aukist töluvert. Við erum í dag með góða aðstöðu til námskeiðahalds á Selfossi, kennum verklega þáttinn í gróðurhúsunum. En ég hef farið um allt land og kennt og haldið erindi á fundum og veitt ráðgjöf.“

Upplýsingar um námskeiðin er hægt að nálgast á heimasíðu Sumarhússins og garðsins, rit.is, og Fésbókarsíðunni Sumarhúsið og garðurinn. „Næstu námskeiðin okkar eru kryddjurtanámskeið, annað haldið í samvinnu við Kaffi Lauglæk í

Reykjavík, 16. apríl, og hitt á Selfossi, 22. apríl. Í maí erum við með matjurtanámskeið og námskeið í ræktun ætra plantna og hraukhaugagerð.“

Auður flutti á Selfoss fyrir sex árum ásamt manni sínum, Páli Jökli Pétursyni, og þaðan ritstýrir hún blaðinu. „Undanfarin ár höfum við verið að útbúa aðstöðu til námskeiða og sýningarhalds á Selfossi. Er við keyptum húsið í Fossheiðinni 2011 var garðurinn í órækt, grasflötur framan við húsið en illgresisfláki fyrir aftan. Nú erum við komin með flottan garð sem ég nota á námskeiðunum og þar er aðstaða til að gera tilraunir með mismunandi tegundir og ræktunaraðferðir. Ég er með tvö gróðurhús í bakgarðinum, annað er upphitað, þar sem ég forrækta og er með tómplöntur á sumrin. Í hinu eru berjarunnar og ávaxtatré sem eru í blóma núna og góð aðstaða fyrir nemendur til að athafna sig,“ segir hún.

Fyrir fjórum árum hafði Auður frumkvæði að stofnun grenndargarðs á Selfossi þar sem bæjarbúar rækta saman grænmeti. „Ég held utan um grenndargarðinn en bæjarfélagið sér um skráningu og rúkkar. Við erum nokkur sem ræktum



saman og er félagsskapurinn og sköpunin þar mér mikils virði. Þar er ég að gera ýmsar tilraunir í vistrækt (permaculture) og alltaf að prófa nýjar tegundir.“

Boðið í garðinn og upp á ástarpunga

April er einn annamesti mánuðurinn hjá Auði. Sumarhúsið og garðurinn

tekur þátt í fyrirtækjasýningu sumardaginn fyrsta í Garðyrkjuskólanum og er með í Vorgleði í Garðheimum helgina 21.–22. apríl. Svo býður Auður áskrifendum og velunnurum heim í Fossheiðargarðinn sunnudaginn 22. apríl. „Ég tek á móti gestum fyrsta sunnudaginn á komandi sumri. Verð með plöntusýningu, frá til sölu og býð upp á spjall um ræktun yfir kaffibolla. Vinkona mín bakar fyrir mig ástarpunga sem ég býð með kaffinu. Á þessum tíma eru ávaxtatréni í stærra gróðurhúsinu í blóma og gróskulegt í því upphitaða þar sem hundruð smáplantna af matjurtum og blómplöntum eru að vaxa. Ég vil hlúa að áskrifendum blaðsins og velunnurum okkar með því að bjóða þeim í garðinn og um leið koma hugmyndum og þekkingu á framfæri.“

Sjá nánar á rit.is



Steinar Smári Guðbergsson er Meindýraeyðir Íslands

Fyrir allöngu síðan bjó Steinar Smári Guðbergsson með fjölskyldu sinni á sveitabæ. Honum blöskraði músa- og köngulóamergðin á heimilinu og tók að halda ófögnuðinum í skefjum með meindýravörnum. Efni sem aðgengileg eru almenningi nægðu ekki í þessi verk og því leitaði Steinar sér menntunar á sviði meindýravarna. Allt frá árinu 2005 hefur hann starfað sem meindýraeyðir og starfsemin er í sífelldri þróun en fyrirtæki hans ber heitið Meindýraeyðir Íslands ehf.

Margir vita ekki að starf meindýraeyðis snýst ekki bara um að farga fyrirbyggjandi meindýrum heldur einnig að sinna forvörnum: „Fyrirtækjum í matvælagæiranum, bæði þeim sem framleiða og framreiða mat, ber skylda til að vera með meindýraeyði á samningi sem setur upp meindýravarnir og heldur uppi eftirliti, sem miðar að því að halda meindýrum frá framleiðslu fyrirtækja. Það er réttur neytandans að neysluvaran sé sem best á allan máta,“ segir Steinar.

„Margir Íslendingar hugsa sjálfkrafa að ef minnst er á meindýraeyði þá sé eitthvað að. En það er alls ekki þannig. Forvarnirnar eru einn mikilvægasti þáttur í starfinu. Ef þú ert með meindýraeyði þá þýðir það að þú sért með hlutina í lagi. Þú ert að fyrirbyggja að meindýr komist í matinn sem þú ert að framleiða eða framreiða fyrir neytandann.“

Starfsemin er því tvíþætt, annars vegar tilfallandi útköll og hins vegar meindýraeftirlit og forvarnir. „Það eru ekki endilega bara matvælafyrirtæki og veitingastaðir sem þurfa á svona forvörnum og eftirliti að halda. Flugfélög, skólar, stofnanir og margs konar önnur fyrirtæki sem eru með viðkvæman og dýran búnað þurfa líka að fá eftirlitsþjónustu hjá meindýraeyði til að koma í veg fyrir að nagdýr skemmi leiðslur og þess hátt-

ar. Hótel og gistinguheimili hafa einnig þurft að eiga við veggjalús (bed bugs) og eru því oft með Meindýraeyðir Íslands á hraðvali í símanum sínum.“

Almenningur getur líka þurft á forvörnum meindýraeyðis að halda: „Til dæmis er ágætis vani að láta eitra húsnæðið sem fólk ætlar að flytja í, því það veit ekki hvaða óæskilegu sambýlingar biða spenntir eftir því. Einnig er sniðugt að láta meindýraeyði eitra á nýja staðnum, sérstaklega ef meindýra varð vart á gamla staðnum, því það kemur í veg fyrir að meindýrin sem flytjast með, nái sér á strik í nýja húsnæðinu.“

Óvelkomnum gestum fer fjölgandi

Steinar Smári segir að skordýrum hafi fjölgað hér á landi, bæði í tegundum og magni, með auknum fjölda ferðamanna. „Veggjalús hefur fjölgað mikið, sem fyrir segir. Kakkalökkum hefur líka fjölgað og það er reglulega hringt í mig út af þeim. Þá hafa bæst við gestir sem hafa jafnvel ekki fengið íslenskt nafn ennþá. Fyrir ekki löngu fannst hér í fyrsta skipti svokallaður „ghost ant“ og fékk heitið draugamaur,“ segir Steinar.

Enn fremur hefur köngulóm fjölgað á Íslandi, sérstaklega krossköngulónni, en með hlýrra veðri og auknu skjóli frá stærri trjágróðri hefur henni fjölgað mikið.

„Það eru 84 tegundir af köngulóm á Íslandi. Hins vegar eru geitungategundirnar bara tvær,

holugeitungur og trjágeitungur.

Holugeitungurinn er minni en búin þeirra eru stærri og þeir eru mun árásargjarnari,“ segir Steinar

Smári og kveður

síðan niður al-genga bábilju um köngulær:

„Það er oft sagt að þar sem mikið sé um köngulær sé lítið um flugur. En þar sem ég kem til að eitra fyrir köngulóm er yfirleitt mikið um flugur líka, það fara nefnilega ekki allar flugur í vefina.

„Og svo þegar údað hefur verið fyrir köngulómum þá hverfa flugurnar líka því eitrið virkar líka á þær.“

Rottur upp úr röri

Það gefur auga leið að meindýraeyðar lendi í mörgu eftirminnilegu og stundum er það tengt rottugangi. Steinar segir okkur eina slíka sögu. „Þar sem eldri hús eru liggja oft rör frá þakrennum niður að jörðu og stingast svo ofan í gömlu steypu rörin sem notuð voru mikið hér áður fyrr. Oft fer álrorið neðan úr rennuni að ryðga og tærast og steypurörið mólnar, þá myndast gat sem rottur komast upp úr. Á einu heimili voru tveir Bengal-kettir og þeir ákváðu að gleðja húsbændur sína með því að draga fjórar spriklandi rottur inn í hús. Húsbændunum leist hins vegar ekki betur en svo á gjöfina að þeir hringdu í ofboði í meindýraeyðinn! Þegar ég hafði náð veiði kattanna, fór ég að kanna ástæður þess af hverju þessi ófögnuður hafði borist inn. Þar sem mig grunaði að fráfallsrör frá þakrennu væri ástæðan ásamt veiðigleði

kattanna, fór ég út fyrir til að kíkja á, grunur minn reyndist réttur því ég sá tvo aðra ketti sem biðu við rörið, tilbúnir að hremma meiri bráð sem upp úr gatinu kæmi.“ – Var strax farið í það að setja fyrir gatið.

Góður tækjabúnaður og óreglulegur vinnutími


Meindýraeyðir Íslands leggur metnað sinn í að hafa ávallt nýjasta og besta tækjabúnað sem til er á markaðnum og er því ávallt vel tækjum búinn, ásamt því að halda menntun sinni við og fylgjast með öllum nýjungum á sviði meindýravarna hjá einstaklingum og fyrirtækjum.

„Sem dæmi um töl sem ég þarf að beita eru til dæmis gufubysa, hitabyssa og skammbysa annars vegar og hins vegar alls konar ferómón, gildrur og límspjöld. Límbúnaðurinn er á undanhaldi og ég beiti honum bara í neyð og þá undir stöðugu eftirliti. Ég er með mjög góðar dætur til notkunar bæði inni og úti.“

Eins og nærri má um geta er vinnutími meindýraeyðis mjög óreglulegur en í grundvallaratriðum má segja að Steinar sé alltaf til taks: „Ég loka nú oftast ellefu eða tólf á kvöldin. En ef það er neyðartilvik, til dæmis rotta í svefnherberginu, þá kem ég á vettvang á hvaða tíma sólarhringsins sem er. En það er óþarfi að bregðast það hratt við ef þú sérð silfurskottu, því það þarf meiri undirbúning ásamt því að enginn má vera inni við án öndunargrimu.“

Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni www.eydir.is og í síma 897-5255. Einnig er hægt að finna Meindýraeyði Íslands á Facebook.





Hurðir og gluggar í hálföld

SB GLUGGA- OG HURÐASMIÐJA

Gluggar og hurðir eru okkar ær og kýr, við erum ekki í innréttinum heldur sérhæfum okkur í þessu. Einhvern veginn hefur þetta þróast þannig að við vinnum mest fyrir einstaklinga og algengustu verkefni eru hurða- og gluggasmíði í einbýlishús eða lítil fjölbýlishús," segir Jónas Sigurðsson, eigandi SB Glugga- og hurðasmiðju. Starfsemi byggir á afar traustum grunni en fyrirtækið stofnaði faðir Jónasar, Sigurður Bjarnason, árið 1974, og starfaði Jónas í fjölskyldufyrirtækinu frá unga aldri en keypti fyrirtækið af föður sínum árið 1991.

„Við erum mikið í að smíða mjög vandaðar og dýrar hurðir þar sem fólk vill fá öðruvísi útlit og leggja mikið í anddyri hússins. Fjölbreytnin hefur aukist mikið í þessum efnunum," segir Jónas en fyrirtæki hans leggur áherslu á sérsmíði og gæði.

Gluggar og hurðir láta mikið á sjá með tímanum í íslenski veðráttu og raunar hvar sem er í heiminum en SB Glugga- og hurðasmiðja leggur

þunga áherslu á vönduð efni og traust vinnubrögð í þessum efnunum.

„Regn og vindur slitur gluggum og hurðum en langverst er samt sólin. Með tímanum eyðileggja útfjólubláir geislar timbur, járn og hvað sem er. Það er nefnilega ekki til neitt sem er viðhaldsfrítt og það fer mjög í taugarnar á mér að sjá yfirlýsingar um slíkt í auglýsingum," segir Jónas en fyrirtæki hans smíðar glugga og hurðir ávallt með langtímaendingu í huga:


„Þetta er allt hágæðavara sem við framleiðum. Við erum ekki að elta við þetta ódýrasta og sem dæmi erum við eingöngu með ryðfriar lamir á hurðum og svo framvegis. Við keyrum á gæðum en ekki á lægsta verðinu og til lengri tíma er það alltaf hagstæðast fyrir kaupandann."

Starfsmenn hjá SB Glugga- og hurðasmiðju eru um tíu talsins og það er ávallt nóg að gera. Það gefur hins vegar auga leið að verkefni stórukast á vorin og sumrin. Fyrir þá sem þurfa að endurnýja útihurðir eða



glugga á næstunni hlýtur SB Glugga- og hurðasmiðja að vera áhugaverður kostur, eða eins og Jónas segir: „Það hlýtur að segja sitt að maður hafi unnið í sama faginu í yfir 40 ár."

SB Glugga- og hurðasmiðja er til húsa að Hvaleyrarbraut 39, Hafnarfirði. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 565-4151 og heimasíða er sbgluggar.is.



FLÚÐASVEPPIR:

Lífræn mold úr svepparæktun er frábær gróðurmold og áburður

Flúðasveppir hafa lengi framleitt framúrskarandi sveppi og annað grænmeti á matarborð landsmanna. Moldin sem þessar heilnæmu matvörur eru ræktaðar í nýtt líka sem frábær gróðurmold og áburður.

„Þessi mold er sérstök vegna þess að hún er meðhöndluð eftir svepparækt. Þess vegna er moldin svona góð. Þegar við erum búin að rækta sveppina í massanum þá hitum við hana upp í 80 gráður og sjóðum hana út, eins og við köllum það. Þá sótthreinsast hún algjörlega, við

látum hana moltast hérna úti á plani upp á nýtt og þá verður þetta frábær molta.“ segir Georg Ottósson, framkvæmdastjóri Flúðasveppa.

Í öllum betri gróðurbúðum og einnig í Bónus eru til sölu Flúðamold, Lífrænn massi og Heklu-Vikur, allt gróðurvörur í neytendaumbúðum frá Flúðasveppum.

„Flúðamoldin er blönduð með hreinni mómold frá okkur sem við tökum úr jörðinni hjá okkur. Þetta er algjörlega íslensk mold sem verður til með þessari aðferð, að blanda

massanum saman við mómold.“ segir Georg.

„Lífræni massinn er alveg hreinn, alveg eins og hann kemur af bedinu. Hann er nokkuð sterkur og hægt að nota hann sem áburðarefni. Þá þarf engan tilbúinn áburð. Massinn er mjög góður á bed sem áburður eða blandaður við góða mold.“

Íslenskur vikur er mjög gott ræktunarefni og Flúðasveppir hafa sett vöruna Heklu-vikur á markað í handhægum og smekklefum neytendaumbúðum. „Heklu-vikur er

ræktunarefni sem við notum mikið í gróðurhúsunum okkar til að létta moldina. Við notum hann mikið við eigin ræktun á tómötum og papriku.“ segir Georg.

Gífurlegt magn af mold verður til hjá Flúðasveppum og er hún endurunnin með því að setja á túnin á landareign fyrirtækisins. Endurunnin er þessi mold afbragðsefni í ræktun og áburð. „Við erum stolt af þessari vöru því við þekkjum hvað hún hefur nýst okkur frábærlega við okkar eigin ræktun.“ segir Georg að lokum.

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu





Sælandsgarðar: Liðsmenn þínir í vorverkunum



Vorið er á næsta leiti og því ekki seinna vænna að huga að garðinum, hellulögn, hreinsun og fleiru," segir Eiríkur Sæland, garðyrkjufræðingur og stofnandi fyrirtækisins Sælandsgarðar. Eiríkur er menntaður garðyrkjufræðingur frá Garðyrkjuskóla ríkisins og sótti sér frekari menntun í faginu til Noregs og Danmerkur. Hann hefur frá árinu 2008 rekið eigið fyrirtæki, Garðþjónustuna E. Sæland, sem hefur skipt um nafn og heitir nú Sælandsgarðar ehf. Tílfni nafnbreytingarinnar er það að sonur Eiríks, Kolbeinn Sæland vélstjóri, er kominn inn í rekstur fyrirtækisins, en hann lýkur námi sem skrudgarðyrkjufræðingur frá Landbúnaðarháskóla Íslands í vor.

Auk þeirra feðga starfa við fyrirtækið skrudgarðyrkjumeistari og fleiri mjög reyndir starfsmenn.

Hellulögn og hleðslur

Á þessum árstíma viðrar oft vel til að vinna í hellulögn og hleðslu. Til dæmis að rífa upp og endurnýja gamla hellulögn í heimkeyrslum, á bílastæðum og göngustígum, og leggja nýja. Oft þarf líka að endurnýja gamlar hleðslur eða gera nýjar, hvort heldur er með forsteyptum einingum eða náttúrulegu grjóti. Hellur og náttúrulegt grjót geta verið skemmtileg lausn í garðinum til að minnka garðslátt og gera ásýnd garðsins léttari, nútímalegri og flottari. Þarna þarf síðan líka að koma við sögu ráðgjöf

og undirbúningur á borð við jarðvegsskipti og uppsetningu snjóbræðslukerfa eftir því sem við á og óskað er eftir.

Tímabært er einnig orðið að hreinsa beðin, kantskera og semja um garðslátt en um mánuður gæti nú verið í fyrsta slátt í garðinum. Sælandsgarðar ehf. tekur að sér öll þessi verk og hefur síðustu ár séð um garðslátt, beðahreinsun og alla umhirðu garða fyrir húsfélög, fjölbýlishús, stór og lítil fyrirtæki og stofnanir.

Sælandsgarðar ehf.

Starfsmenn Sælandsgarða mæta á svæðið, skoða umfang verksins,



gera áætlanir um lausn með húseigendum og leysa í kjölfarið verkið af fagmennsku, fljótt og örugglega, á hagkvæman hátt.

Sælandsgarðar ehf. er vaxandi fyrirtæki sem tekur að sér verkefni allt árið um kring. Eiríkur og hans menn eru með öll nauðsynleg tæki og búnað í garðþjónustu og hellulögn – eru fagmenn sem leggja áherslu á persónulega þjónustu og vandaða vinnu.

Hægt er að hafa samband við Eirík hjá Sælandsgörðum í síma 680-9903, með tölvupósti á netfangið eirikur_omar@hotmail.com og á Facebook-síðunni Garðþjónustuna E. Sæland ehf.



Brynja Björg Halldórsdóttir

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ:

Fyrir betra umhverfi

Umhverfisfyrirtækið Íslenska Gámafélagið var stofnað 1999. Tilgangurinn með stofnun fyrirtækisins var að auka samkeppni á því sviði atvinnulífsins sem snýr að sorphirðu en með árunum hefur sífellt meiri áhersla verið lögð á flokkun og endurvinnslu. Hjá Íslenska Gámafélaginu starfa um 300 manns víða um land.

Íslenska Gámafélagið leitast við að bjóða viðskiptavinum sínum upp á heildarlausn á flestum sviðum umhverfisþjónustu. Það getur verið allt frá því að bjóða upp á ráðgjöf á sviði flokkunar og endurvinnslu, losun úrgangs, gámaleiga, sölu flokkunarláta og máispoka, götusópun, snjómokstur, garðsláttur ásamt því að reka öflugustu véla- og tækjaleigu landsins.

Ein tegund þeirrar umhverfisþjónustu sem Íslenska Gámafélagið veitir er götusópun og götupvottur: „Við

tökum að okkur hreinsun bilastæða, stiga og gangstétta, þ.e. bæði sópun og þvott. Við bendum á mikilvægi þess að þvo eftir að plan er sópað, til þess að ryk og drulla losni örugglega. Við erum bæði með götusópa, gangstéttsópa og vatnsbíla sem leysa slík verk af hendi. Eins tökum við að okkur grasslátt og erum með öll tæki og tól til þess, svo sem sláttutraktora og hallavélar. Við erum líka í samstarfi við trausta verktaka sem taka að sér málun og merkingar á bilastæðum,” segir Brynja Björg Halldórsdóttir, markaðsstjóri Íslenska Gámafélagsins.

Vorverkin allt frá krókgámum yfir í moltugerð

„Margir nýta vorin til þess að hreinsa út innréttingar, skipta um jarðveg og fella tré en við erum með krókgáma af öllum stærðum, bæði opna og lokaða, sem henta fullkomlega

undir slíkar framkvæmdir. Við komum með gáminn heim að dyrum, viðskiptavinurinn fyllir hann, hringir í okkur þegar hann er fullur og við komum og sækjum hann. Þetta gæti ekki verið þægilegra. Svo erum við auðvitað með allar stærðir af framhlaðningsgámum, tunnum og körum fyrir allar tegundir úrgangs,” segir Brynja.

Íslenska Gámafélagið býður síðan upp á sérstakar moltugerðartunnur fyrir heimili, eða eins og Brynja segir: „Fyrir þá sem vilja leggja sig alla fram í endurvinnslunni erum við með sérstakar moltugerðartunnur fyrir heimili. Í tunnuna fer allur matarúrgangur sem fellur til á heimilinu en hann verður með tímanum að moltu sem hægt er að nota sem áburð í garðinn. Vorin henta sérlega vel til allra garðverka og moltugerð er klár-



Gámafélagið

lega þar á meðal.“

Nánari upplýsingar er að finna á greinargóðri vefsíðu Íslenska Gámafélagsins, www.igf.is og á Facebook-síðu fyrirtækisins.



FANG-GARÐBEKKIR

Falleg hönnun úr íslenskum skógarvið með atvinnuþátttöku fanga

Pegar samstarfið við Litla-Hraun hófst var nokkur verkefnaskortur á verkstæðinu þar og var þessu tekið fagnandi. Þáverandi fangelsisstjóri, Margrét Frimansdóttir, var mjög jákvæð gagnvart þessu og fangarnir hafa sinnt þessu af ástriðu; þeir leggja mikið upp úr því að gera þetta vel og að bekkirnir endurspegli fagmennsku og gott handbragð,” segir Dagný Bjarnadóttir, landslagsarkitekt hjá DLD, en garðbekkir hennar undir vörumerkinu FANG eru stórmerk hönnun sem annars vegar hefur umhverfisverndarsjónarmið og hins vegar samfélagsleg markmið um atvinnuþátttöku fanga að leiðarljósi.

„Hönnunin hefur að markmiði að nýta betur skógarefnið sem til fellur og hins vegar að skapa atvinnu og verkþekkingu í fangelsum. Þetta nafn, FANG, er skammstöfun á Framleiðsla afurða úr nytjaskógi í grennd. Það vísar líka í framleiðslustaðinn fangelsi, en ekki síður til faðmlags, að taka eitthvað í fangið og umfaðma það, sem maður óskar að sé gert við fangana og umhverfið,” segir Dagný.

Nokkuð annarri nálgun er beitt við hönnun þessara garðbekkja en vanalega tíðkast við gerð sambærilegra skógarbekkja: „Margir kannast til dæmis við bekkir sem eru hálfur trjábólur og þess háttar. Í hönnun Fang-bekkjanna er leitast við að vinna út frá efniviðnum og framleiðslumöguleikum verkstæðanna á Litla-Hrauni, þar sem einfaldleiki og auðlært framleiðsluferli skiptir máli. Í hönnuninni er dregið fram náttúrulegt form efnisins með því að tefla því á móti öguðum og stílhreinum formum, með því móti næst spennu og dýnamík þar sem efniviðurinn fær notið sín til fulls. Við reynum að nýta efnið eins vel og hægt er, ef ég fæ nógu góðan trjából get ég sagað hann í tvennt og notað báða helmingana í efnivið. Ég læt tréð halda forminu að neðanverðu, sem gerir hvern bekk einstakan, þannig verða engir tveir bekkir nákvæmlega eins. Þeir standa á stálfótum sem eru

pólyhúðaðir og hægt er að bolta þá niður. Bekkurinn er fljótur að þorna þar sem vel loftar á milli borðanna. Í dag eru tvenns konar bekkir í framleiðslu, Drumbur, sem er beinn bekkur, og Sveifla, sem er í boga.”

Segja má að gerð bekkjanna sé samvinnuverkefni Dagnýjar, skógræktarfélaganna á Suðurlandi og vistmanna á Litla-Hrauni: „Skógræktarfélagin höggva viðinn og saga til efníð. Lokastig framleiðslunnar á sér stað á Litla-Hrauni, þar eru bekkirnir settir saman og fullkláraðir. Aðalhandverkið fer fram þar en hitt er aðallega skógarvinnsla. Fæturnir eru þó oftast aðkeypt vinna.”

Helstu kaupendur að bekkjunum hafa verið sveitarfélög en almenningur kaupir einnig þessa bekkir því þeir fara vel í garðinum eða við sumar-bústaðinn. „Svo spillir ekki fyrir að engir tveir bekkir eru eins því form trésins ræður útlitinu, því er hver og einn bekkur sérstakt handverk,” segir Dagný.

Fang-bekkina má nú sjá víða. Nýlega voru þeir notaðir á útsýnisstað við Godafoss, þá má finna í Vatnsmýrinni, í Hellisgerði í Hafnarfirði, á leiksvæðum á Klambratúni og við Árbæjarskóla, svo eitthvað sé nefnt. Fljótlega verða settir upp bogabekkir af þessu tagi við veitingastað í endurgerðum bragga í Nauthólsvík. Fang-bekkirnir falla vel að umhverfinu hvort sem það er borgarlandslag eða við náttúruperlur landsins.

Auk bekkjanna fæst DLD teiknistofa við margs konar verkefni á sviði landslagsarkitektúrs, frá skipulagsgerð til ýmiss konar hönnunar, og hefur stofan hlotið margs konar verðlaun á sínu sviði. Nánar má lesa um bekkina og verksvið DLD og fleira um framsækna hönnun Dagnýjar, á vefsíðunni dld.is. Einnig er fésbókar-síðan fangutihusgagn með myndir af bekkjunum við ýmsar aðstæður. Bekkirnir eru framleiddir eftir pöntun og er hægt að hafa samband við Dagnýju í gegnum samskiptaleið á vefsíðunni.



SPÁ DV FYRIR PEPSI-DEILD KARLA:

HVAÐA LIÐ VINNUR?

HVAÐA LIÐ FALLA?

Keppni í Pepsi-deild karla hefst 27. apríl með tveimur leikjum en 1. umferðin klárast svo degi síðar. Það stefnir í að keppnin í ár verði hörð, bæði á toppi og á botni. Valur hefur titil að verja í Pepsi-deildinni en liðið hafði mikla yfirburði á síðustu leiktíð, ekki eru nein merki á lofti um að keppnin verði öðruvísi í ár. Í Kaplakrika er Ólafur Kristjánsson nýr þjálfari og hann hefur gert miklar breytingar á leikmannahópi liðsins. Miðað við veturinn mun það taka einhverja leiki í sumar fyrir FH að verða að liði sem getur barist við Val. KR-ingar fara bjartsýnir inn í mótið þrátt fyrir að leikmannahópur liðsins hafi oft verið sterkari, heim er mættur Rúnar Kristinnsson sem er galdramaður í Vesturbænum. Seinast þegar hann stýrði liðinu var bikarfögnuður orðinn að hefð í Vesturbænum. Í Garðabæ og Kópavogi gera menn sér vonir um að liðin geti blandað sér í þessa baráttu, til að svo verði má lítið út af bregða. Keflavík og Fylkir eru nýliðar í deildinni í ár en liðin hafa bæði mikla reynslu úr efstu deild, hún gæti skipt miklu máli. Sumarið gæti orðið erfitt hjá þeim og sömu sögu má segja um Víking Reykjavík og ÍBV sem eru nokkuð óskrifuð blöð.

hoddi@433.is



Framhald á næstu opnu →





1. sæti VALUR

Spámenn 433.is spá því að Valur muni endurheimta Íslandsmeistarátítil sinn í sumar en liðið vann deildina með yfirburðum í fyrra. Valsmenn hafa ekki gert neitt annað í sumar en að styrkja liðið sitt. Liðið hefur fengið landsliðsmanninn Birki Má Sævarsson í sínar raðir og þá kom Kristinn Freyr Sigurðsson heim úr atvinnu-mennsku, hann var besti leikmaður Pepsi-deildarinnar sumarið 2016. Valsmenn eru liðið sem þarf að vinna í sumar og yrði það í raun ótrúlegt ef það ynni ekki deildina með þennan leikmannahóp.

Lykilmaður - Haukur Páll Sigurðsson
X-faktor - Ólafur Karl Finsen
Þjálfari - Ólafur Jóhannesson

Komnir:

- Birkir Már Sævarsson
- Kristinn Freyr Sigurðsson
- Ívar Örn Jónsson
- Ólafur Karl Finsen
- Sveinn Sigurður Jóhannesson
- Tobias Thomsen

Farnir:

- Nicolas Bögild
- Sindri Scheving
- Orri Sigurður Ómarsson
- Haukur Ásberg Hilmarsson



2. sæti FH

Það eiga sér stað í fyrsta sinn í mörg ár gríðarlegar breytingar á liði FH en Heimir Guðjónsson var rekinn úr starfi síðasta haust eftir magnað starf í Kaplakrika. Heim er mættur Ólafur Kristjánsson sem starfað hefur í Danmörku síðustu ár. Ólafur er að setja saman nýtt lið og það gæti tekið eitthvað inn í sumarið að hlutirnir smelli saman, ef mið skal taka af frammistöðu og úrslitum FH. FH er með valinn mann í hverju rúmi og getur vel blandað sér í baráttu um þann stóra. FH hefur fengið til sín tíu leikmenn í vetur og átta af þeim gætu farið strax inn í byrjunarliðið, það segir allt um þær breytingar sem eru í Krikanum.

Lykilmaður - Davíð Þór Viðarsson
X-faktor - Zeiko Lewis
Þjálfari - Ólafur Kristjánsson

Komnir:

- Edigerson Gomes Almeida (Láni)
- Viðar Ari Jónsson (Láni)
- Zeiko Lewis
- Rennico Clarke
- Egill Darrí Makan
- Geoffrey Castillion
- Guðmundur Kristjánsson
- Hjörtur Logi Valgarrðsson
- Kristinn Steindórsson
- Rennico Clarke

Farnir:

- Böðvar Böðvarsson
- Bergsveinn Ólafsson
- Kassim Doumbia
- Matija Dvornekovic
- Emil Pálsson
- Guðmundur Karl Guðmundsson
- Jón Ragnar Jónsson
- Hörður Ingi Gunnarsson
- Veigar Páll Gunnarsson



3. sæti KR

Rúnar Kristinsson er mættur heim í Vesturbæinn og við það verða kröfurnar þar á bæ talsvert meiri en síðustu sumur. Rúnar vann magnað starf í Vesturbænum áður en hann hélt út fyrir rúmum þremur árum. Rúnar starfaði í Noregi og Belgíu en er nú mættur heim, hann þarf að byggja upp nýtt KR-lið að miklu leyti. Nokkrir sterkir bitar hafa yfirgefið KR í vetur en þar mun mest muna um Tobias Thomsen, hann gekk í raðir Vals. KR náði í Kristin Jónsson sem mun styrkja varnar- og sóknar-leik liðsins og þá hefur liðið fengið tvo erlenda leikmenn. Pablo Punyed gekk í raðir KR frá ÍBV en þar var hann í tvö ár án þess að sýna sínar bestu hliðar. Það gæti reynst erfitt fyrir KR að berjast um titilinn í ár en ef Rúnari tekst snemma að skrúfa liðið saman er allt hægt.

Lykilmaður - Óskar Örn Hauksson
X-faktor - Kennie Chopart
Þjálfari - Rúnar Kristinsson

Komnir:

- Albert Watson
- Djordje Panic
- Björgvin Stefánsson
- Kristinn Jónsson
- Pablo Punyed
- Atli Sigurjónsson

Farnir:

- Michael Præst
- Robert Sandnes
- Stefán Logi Magnússon
- Tobias Thomsen
- Guðmundur Andri Tryggvason
- Indriði Sigurðsson



4. sæti STJARNAN

Stjarnan er orðið stórt félag í íslenski knattspyrnu og kröfurnar eru miklar í Garðabæ, liðið er þó að margra mati ögn slakara en síðustu ár. Stjarnan hefur lítið styrkt lið sitt í vetur og fengið tvo leikmenn frá Víkingi Ólafsvík sem féll úr Pepsi-deildinni í fyrrasumar. Liðið missti Hólmbernt Aron Friðjónsson út í atvinnu-mennsku en hann var mikilvægur hluti af leikstíl liðsins. Stjarnan er hins vegar með sterkt byrjunarlið sem getur á góðum degi keppt við Val og önnur af stærri liðum deildarinnar. Rúnar Páll Sigmundsson, þjálfari Stjörnunnar, hefur fengið mikinn tíma með liðið en frá því að það varð Íslandsmeistari árið 2014 hefur það lítið gert í toppbaráttu Pepsi-deildarinnar.

Lykilmaður - Guðjón Baldvinsson
X-faktor - Guðmundur Steinn Hafsteinsson
Þjálfari - Rúnar Páll Sigmundsson

Komnir:

- Guðjón Orri Sigurjónsson
- Þorsteinn Már Ragnarsson
- Guðmundur Steinn Hafsteinsson
- Terrance Dieterich

Farnir:

- Ágúst Leó Björnsson
- Dagur Austmann Hilmarsson
- Máni Austmann Hilmarsson (Láni)
- Ólafur Karl Finsen
- Sveinn Sigurður Jóhannesson
- Hólmbernt Aron Friðjónsson



5. sæti BREIÐABLIK

Ágúst Gylfason er mættur í brúna í Kópavogi og það koma ferskir vindar með honum. Blikar hafa virk að ferskir í vetur og koma Olivers Sigurjónssonar á dögum getur komið liðinu í baráttu um Evrópu-sæti. Tímabilið í fyrra var vonbrigði fyrir Breiðablik þar sem Arnar Grétarsson hóf tímabilið sem þjálfari en var rekinn í upphafi móts og Milos Milojevic tók við starfinu, honum tókst ekki að breyta því sem stjórn Breiðabliks taldi að þyrfti að breyta. Ágúst Gylfason hefur ekki breytt hryggjarsúlunni í liði Blika mikið en Jonathan Hendrickx verður hægri bakvörður liðsins en sú staða var til vandræða í Kópavogi í fyrrasumar.

Lykilmaður - Gísli Eyjólfsson
X-faktor - Sveinn Aron Guðjohnsen
Þjálfari - Ágúst Gylfason

Komnir:

- Jonathan Hendrickx
- Arnór Gauti Ragnarsson
- Guðmundur Böðvar Guðjónsson
- Oliver Sigurjónsson (Láni)

Farnir:

- Páll Olgeir Þorsteinsson
- Þórður Steinar Hreiðarsson
- Hlynur Örn Hlödversson (Láni)
- Guðmundur Friðriksson
- Sólon Breki Leifsson
- Ernir Bjarnason
- Kristinn Jónsson
- Martin Lund Pedersen
- Dino Dolmagic



6. sæti KA

Gula liðið frá Akureyri var nýliði í Pepsi-deild karla í fyrra og þrátt fyrir að vera með öflugan mannskap fékk liðið smá afslátt í gagnrýni vegna þess. Srdjan Tufegdzc, þjálfari KA, þarf hins vegar að skila góðum árangri í sumar; stjórnar- og stuðningsmenn KA gera kröfur. Liðið hefur fengið til sín Hallgrím Jónasson úr atvinnu-mennsku og með Guðmanni Þórisssyni eiga þeir að búa til bestu varnarliðu landsins. KA er með lið til að blanda sér í baráttu um Evrópusæti en eins og hjá nokkrum öðrum liðum mun það ráðast af meidslum og leikbönum en hópurinn er ekki ýkja breiður. Er með einn besta leikmann deildarinnar í Hallgrími Mar Steingrímssyni

Lykilmaður - Hallgrímur Jónasson
X-faktor - Hallgrímur Mar Steingrímsson
Þjálfari - Srdjan Tufegdzc

Komnir:

- Milan Joksimovic
- Hallgrímur Jónasson
- Sæþór Olgeirsson
- Cristian Martínez

Farnir:

- Almarr Ormarsson
- Bjarki Þór Viðarsson
- Davíð Rúnar Bjarnason
- Darko Bulatovic
- Emil Lyng
- Vedran Turkalj





7. sæti FJÖLNIR

Ólafur Páll Snorrason er nýr þjálfari í Grafarvoginum og hann skellir sér út í djúpu laugina. Ólafur var aðstoðarþjálfari FH í eitt ár en er nú mættur í Grafarvoginn þar sem hann var áður spilandi aðstoðarþjálfari. Fjölirnir hefur litið vel út í vetur og liðið gæti komið á óvart í sumar. Bergsveinn Ólafsson og Guðmundur Karl Guðmundsson hafa snúið aftur heim eftir stutta dvöl í Kaplakrika. Þeir eiga að styrkja Fjölnis mikið og koma með hugarfar sigurvegarans í hópinn. Almarr Ormarsson á einnig að styrkja liðið mikið. Í Grafarvogi hefur vantað örlítið upp á stemminguna og hún þarf að vera í lagi svo liðið nái flugi.

Lykilmaður - Bergsveinn Ólafsson
X-faktor - Birnir Snær Ingason
Þjálfari - Ólafur Páll Snorrason

Komnir:
■ Bergsveinn Ólafsson
■ Guðmundur Karl Guðmundsson
■ Almarr Ormarsson
■ Arnór Breki Áspórssón
■ Sigurpáll Melberg Pálsson

Farnir:
■ Linus Olsson
■ Fredrik Michalsen
■ Mees Junior Siers
■ Marcus Solberg í Vendsyssel
■ Bojan Stefán Ljubicic
■ Ivica Dzolan
■ Gunnar Þór Guðmundsson



8. sæti GRINDAVÍK

Eftir frábært tímabil í fyrra þar sem Grindavík var nýliði í Pepsi-deildinni gæti árið í ár orðið erfiðara. Hver á að skora mörkin? Það er spurningin sem Grindavík þarf að svara í sumar. Maðurinn á bak við 19 mörk á síðustu leiktíð og markakóngur Pepsi-deildarinnar, Andri Rúnar Bjarnason, er horfinn á braut og farinn í atvinnu-mennsku. Hópur Grindavíkur var ekki breiður í fyrra og það stefnir í að hann verði jafnvel minni í ár. Óli Stefán Flóventsson er áfram þjálfari liðsins en hann vann kraftaverk á síðustu leiktíð með liðið, hann virðist vera einn færasti þjálfari landsins.

Lykilmaður - Kristján Jajalo
X-faktor - Jóhann Helgi Hannesson
Þjálfari - Óli Stefán Flóventsson

Komnir:
■ Aron Jóhannsson
■ Jóhann Helgi Hannesson

Farnir:
■ Magnús Björgvinsson
■ Aron Freyr Róbertsson
■ Gylfi Örn Öfjörð
■ Milos Zeravica
■ Andri Rúnar Bjarnason



9. sæti FYLKIR

Fylkir er kominn aftur í deild þeirra bestu og ætla sér að byggja á sama grunni og kom liðinu upp úr 1. deildinni. Helgi Sigurðsson hefur bætt við Jonathan Glenn og Helga Val Danielssyni í hóp sinn. Glenn er ólíkindatöl, hann gæti raðað inn mörkum en oftar en ekki er hann ískaldur í markaskorun. Helgi Valur hefur ekki spilað fótbolta síðustu ár og óvíst hvernig hann kemur til leiks. Fylkir gæti sogast niður í fallbaráttu en ef létt verður yfir Lautinni er allt hægt.

Lykilmaður - Ásgeir Börkur Ásgeirsson
X-faktor - Jonathan Glenn
Þjálfari - Helgi Sigurðsson

Komnir:
■ Jonathan Glenn
■ Helgi Valur Danielssón
■ Stefán Ari Björnsson

Farnir:
Ekki neinn



10. sæti ÍBV

Kristján Guðmundsson er að hefja sitt annað tímabil í Eyjum en í fyrra gastaði örlítið í kringum liðið. Kristján tókst hins vegar að halda liðinu uppi og gera það að bikarmeistara. Kristján hefur fengið að breyta leikmannahópi ÍBV mikið, hann hefur losað sig við leikmenn sem ekki höfðu trú á hugmyndum hans og fengið inn nýja menn. Breytingarnar eru hins vegar miklar og það gæti tekið talsverðan tíma að smíða nýtt og samkeppnishæft lið. Ekki eru merki um annað en að ÍBV muni berjast um að halda sæti sínu í deildinni í ár, líkt og þau síðustu.

Lykilmaður - Sindri Snær Magnússon
X-faktor - Shahab Zahedi Tabar
Þjálfari - Kristján Guðmundsson

Komnir:
■ Henry Rollinson
■ Priestley Griffiths
■ Yvan Erichot
■ Alfred Már Hjaltalín
■ Ágúst Leó Björnsson
■ Dagur Austmann Hilmarsson
■ Ignacio Fideleff

Farnir:
■ Renato Punyed
■ Mikkel Maigaard
■ Brian McLean
■ Jónas Tór Næs
■ Álvaro Montejo
■ Arnór Gauti Ragnarsson
■ Hafsteinn Briem
■ Pablo Punyed
■ David Atkinson



11. sæti KEFLAVÍK

Það er ekki víst hvernig Keflavíkurnæturnar verða í sumar en liðið er komið aftur í efstu deild undir stjórn Guðlaugs Baldurssonar. Keflavík er með lið stemmingar en það gæti skort gæði í leikmannahóp liðsins til að það héldi sæti sínu í efstu deild. Hjá Keflavík eru hins vegar margir öflugir leikmenn og ef Guðlaugur nær að bæta við einum eða tveimur gæða leikmönnum fyrir mót er allt hægt. Miðað við stöðu leikmannahópsins í dag þarf margt að ganga upp svo liðið verði ekki í kjallaranum þegar talið verður upp úr pokanum í haust.

Lykilmaður - Jeppe Hansen
X-faktor - Lasse Rise
Þjálfari - Guðlaugur Baldursson

Komnir:
■ Jonathan Mark Faerber
■ Bojan Stefán Ljubicic
■ Aron Freyr Róbertsson

Farnir:
Ekki neinn



12. sæti VÍKINGUR

Ef aðeins á að taka mið af vetrinum þá er ljóst að Víkingur mun falla úr Pepsi-deildinni, leikur liðsins hefur verið slakur og úrslitin sömuleiðis. Misjafnar sögur berast úr Víkinni um stemminguna í kringum liðið en Logi Ólafsson er áfram skipstjóri í brúnni. Talsverðar breytingar hafa orðið á leikmannahópi liðsins en Sölvi Geir Ottesen sneri heim í Víkina eftir langa dvöl í atvinnu-mennsku. Hann þarf að koma inn í mótið í toppstandi til að varnarleikur Víkings verði með besta móti. Leikmannahópur Víkings er hæfileikaríkur en mikið þarf að breytast frá vetrinum svo ekki fari illa.

Lykilmaður - Alex Freyr Hilmarsson
X-faktor - Atli Hrafn Andrasón
Þjálfari - Logi Ólafsson

Komnir:
■ Atli Hrafn Andrasón (Láni)
■ Sölvi Geir Ottesen
■ Rick ten Voorde
■ Jörgen Richardsen
■ Gunnlaugur Hlynur Birgisson
■ Halldór J. S. Þórðarson
■ Sindri Scheving

Farnir:
■ Geoffrey Castillion
■ Ivar Örn Jónsson
■ Kristófer Páll Vidarsson
■ Viktor Bjarki Arnarsson
■ Veigar Páll Gunnarsson



SAKAMÁL



79 ára var elsta fórnarlamb mexíkóska morðkvendisins Juönu Barraza. Juana leitadi fórnarlamba á meðal aldraðra kvenna í Mexíkó-borg á árunum 2002–2006. Ástæðan ku hafa verið óviðráðanleg fyrirliðing hennar í garð móður sinnar. Þegar upp var staðið hafði hún myrt í það minnsta ellefu konur. Fyrir vikið fékk Juana 759 ára fangelsisdóm árið 2008.

LÆKNIR GALT FYR

■ Pókerspilari missti kynhvötina og var ekki sáttur ■ Lét reiðina bitna á húðlækn

Hans Peterson, bandarískur/franskur pókerspilari búsettur í Chicago í Illinois, var ekki sáttur. Í of langan tíma hafði hann glímt við svonefndar unglíngabólur og árið 2006 hafði hann fengið sig fullsaddan. Hann fór til húðlæknis, Davids Cornbleet, sem var með stofu á 12. hæð í turni við Michigan Avenue í Chicago.

Cornbleet læknir skrifaði upp á nokkur lyf, þar á meðal Accutane, sem áttu að vinna bug á bólunum í andliti Peterson sem fór léttur í lund til síns heima og innbyrti lyfin eins og fyrir hann hafði verið lagt.

Pantaði tíma hjá lækninum

Liðu nú nokkrir mánuðir og segir svo sem ekki mikið af orrustu Peterson við bólurnar. Hins vegar ku hann hafa orðið var við verulega dvínandi kynhvöt og hugnæðist lítt sú þróun. Var Peterson sannfærður um að Accutane væri um að kenna.

Nú hefðu sennilega flestir í svipuðum sporum mælt sér mót við lækninn og það var einmitt það sem Peterson gerði, 24. október 2006. Í stað þess að kvarta og leita ráða dró Peterson hníf úr þússi sínu og rak hann ítrekað í bringu hins grunlausa læknis. Síðan lagði Peterson á flótta.

Peterson hugsar sinn gang

Að kvöldi þessa dags varð Aileen, eiginkonu læknisins, ekki rótt.

“Fyrir ári, eða þar um bil, varð ég læknir í Chicago að bana.

Hvorki hafði eiginmaðurinn hringt né svarað þegar hringt var í hann. Aileen dreif sig á læknastofuna og sá þá að þar var allt opið. Inni lá eiginmaður hennar í blóðpolli á gólfinu. Hann hafði verið stunginn tuttugu sinnum.

Á sama tíma í öðrum bæjarhluta velti Hans Peterson stöðu sinni. Hann gerði sér grein fyrir því að hann hafði skilið lífsýni eftir úti um allt á læknastofunni, að ekki væri minnst á fingraför. Fundur hans og Cornbleet var einnig án efa rækilega færður til bókar í dagbók læknisins.

Evreka!

Velkst Peterson ekki í vafa um að hann yrði fljótlega bendlaður við morðið á lækninum – og Illinois beitti dauðarefsingum. Peterson sá í hendi sér að ef honum dytti ekki snjallræði í hug hið fyrsta þá biði hans sennilega ferð aðra leiðina á dauðadeild.

Evreka! skyndilega laust niður í huga hans þeirri staðreynd að hann væri með tvöfaldan ríkisborgararétt; fæddur í Bandaríkjunum en átti franska móður.



Hans Peterson Tvöfaldur ríkisborgararéttur bjargaði honum fyrir horn.

Peterson beið ekki boðanna, hafði samband við flugfélag, pakkadi niður og dreif sig á O'Hare-flugvöllinn.

Gefur sig fram

Á meðan lögreglan leitadi læknismorðingjans logandi ljósi í Illinois hafði Peterson það náðugt í

Frönsku Vestur-Indíum. Peterson vissi þó sem var að þetta myndi ekki vara að eilífu, fyrir eða síðar myndu lögin ná í skottið á honum.

PRÓFESSOR Í KRÖPPUM DA

Fabrikant fannst hann bera skarðan hlut frá borði

Einu sinni var maður, og er enn, að nafni Valery Fabrikant. Fabrikant þessi kom í heiminn árið 1940 í borginni Minsk, sem þá tilheyrði Sovétríkjunum sálugu en er nú höfuðborg Hvíta-Rússlands. Saga Minsk kemur þó ekki meira við sögu hér.

Fabrikant flutti til Kanada árið 1979 og varð aðstoðarprófessor í verkfræðideild Concordia-háskólans í Montreal og hóf þar kennslu árið 1980.

Ósáttur við kollegana

Svo virðist sem annaðhvort hafi

ýmislegt ekki verið sem skyldi í Concordia eða að Fabrikant hafi lítt verið friðarins maður. Fabrikant hafði ekki fengið fastráðningu við háskólann þrátt fyrir að hafa sótt um hana í fjörgang. Velktist Fabrikant ekki í vafa um hverjir bæru þar ábyrgð á og sakaði félagasína um að hafa komið í veg fyrir fastráðninguna. Hann bætti reyndar um betur og sagði kollegana að auki hafa róið að því öllum árum að hann missti vinnuna.

Leitaði til dómstóla

Fabrikant bar yfirstjórn háskólans á brýn að umbera æði mikið

frjálsræði í höfundarréttarmálum. Þannig stunduðu kennarar kinnroðalaust að láta skrá sig sem meðrithöfundar efnis þar sem þeir höfðu ekkert lagt til málanna.

Árið 1992 fann Fabrikant sig knúinn til að leita á náðir dómstóla til að fá nöfn nokkurra kollega fjarlægð af efnis sem hann hafði skrifað á 9. áratugnum, þeir ættu enda ekki einn stafkrók í umræddum greinum.

Uppgjör á 9. hæð

Þetta ósætti Fabrikants og vinnufélaga hans náði hámarki 24. ágúst 1992. Á níundu hæð Henry

“Þrátt fyrir að oft sé haft á orði að pinninn sé máttugri en sverðið hafði Fabrikant ákveðið að skipta því fyrra út fyrir það síðarnefnda.

F. Hall-byggingar Concordia-háskólans birtist Fabrikant og var greinilega ekki hlátur í hug. Þrátt

fyrir að oft sé haft á orði að pinninn sé máttugri en sverðið hafði Fabrikant ákveðið að skipta því fyrra út fyrir það síðarnefnda.

Reyndar var Fabrikant ekki með sverð í fórum sínum heldur skotvopn og skotfæri.

Dauðir prófessorar

Á hæðinni voru staddir nokkrir starfsmenn verkfræðideildar Concordia-háskólans og lét Fabrikant kúlunum rigna yfir þá. Í kúlaregninu létu lífið prófessorarnir Matthew Douglas, Michael Hogben og Aaron Jaan Saber. Ritarinn Elizabeth Horwood og




2. febrúar, 1988, fékk Laura nokkur Black tímabundið nálgunarbann á vinnufélaga sinn, Richard Wade Farley. Honum hafði reynt fyrir-munað að skilja að hún vildi ekkert með hann hafa í öðru samhengi. Nálgunarbannið reyndist skammgóður vermir, því 16. febrúar gekk Farley berserksgang í vinnunni, varð sjö manns að bana og særði fjóra, þar á meðal Lauru Black. Farley fékk dauðadóm.




ÞRÍR GETU LEYSIÐ

i



Pókerspilarinn Þegar upp var staðið hafði hann veðjað á réttan hest.



Húðlæknirinn með syni sínum Cornbleet hugðist hjálpa Peterson, en það fór á annan veg.

lækni í Chicago að bana og hér er ég mættur til að gefa mig fram. Ég er með franskan ríkisborgararétt og þetta er franskt yfirráðasvæði.“

Framsál óheimilt

Hans Peterson var umsvifalaust handtekinn og síðan fluttur til Guadeloupe. Hans vissi, sem og allir aðrir, að hann yrði aldrei tekinn af lífi – hann yrði ekki einu sinni framseldur til Bandaríkjanna. Samkvæmt frönskum og evrópskum lögum er óheimilt að framselja grunaða einstaklinga til nokkurs þess lands þar sem mögulegt yrði að viðkomandi yrði

dæmdur til dauða. Fjölskyldu Cornbleet varð nóg boðið þegar þetta lá ljóst fyrir. Skrifaði hún meira að segja þáverandi forseta Frakklands, Nicolas Sarkozy, bréf. Í bréfinu sagði meðal annars: „Hann [Peterson] hefur fengið heimild til að velja sér dóm-

stól.“ Fjölskyldan fékk stuðningsyfirlýsingu frá þáverandi forsetaframbjóðanda Bandaríkjanna, Barack Obama.

Lífstíðardóm í stað dauðadóms Pókerspilarinn Hans Peterson

veðjaði á réttan hest því hann verður aldrei framseldur til Bandaríkjanna á vit dauðarefsingar. Í staðinn fyrir dvöl á dauðadeild í Bandaríkjunum mun hann taka út refsingu sína, lífstíðardóm sem féll í nóvemberlok árið 2011, í frönsku fangelsi. ■

ANSI

Phoivos Ziogas, deildarforseti verkfræðideildarinnar, særðust. Horwood varð frekara lífs auðið en Ziogas tórði í dái í um mánuð áður en innvortis áverkar drógu hann til dauða.

Fundinn sekur

Fabrikant sá sjálfur um vörn sína þegar réttarhöld hófust. Eftir nokkrar vikur sá dómari sig tilneyddan til að fresta réttarhöldunum og láta kanna hvort Fabrikant væri yfirhöfuð sakhæfur. Óvenju- og sérviskuleg hegðun hans gaf ástæðu til að ætla að Fabrikant gengi ekki andlega heill til skógar.

Niðurstaðan varð sú að hann væri sakhæfur en eftir fimm mánuði lét dómari gott heita og stöðvaði varnartilburði Fabrikants. Kvíðdómur komst í kjölfarið að þeirri niðurstöðu að hann væri sekur.

Lífstíðardómur

Valery Fabrikant afplánar nú lífstíðardóm í Archambault-fangelsinu í Quebec og ku vera virkur í hinum ýmsu fréttagrúppum þar sem hann segir sína útgáfu af atburðarásinni fyrrum. Hefur hann meðal annars sagst vera saklaust fórnarlamb samsæris.


Áttu við rök að styðjast

Reyndar leiddi mál Fabrikants til þess að rannsakaðar voru þær siðferðislegu línur sem farið var eftir víða í fræðaheiminum í Kanada.

Rannsókn innan deildar Fabrikants í Concordia-háskólanum leiddi í ljós að margar fullyrðingar hans áttu við rök að styðjast. Segir sagan að þeir þrír fræðimenn sem voru þungamiðjan í ásökunum Fabrikants hafi síðan verið neyddir til að setjast í helgan stein fyrir aldur fram. ■



Spenntur prófessor Á tímabili var efast um geðheilsu Fabrikants.



Valery Fabrikant Greip til byssunnar þegar allt annað þraut.

Hundurinn Rjómi



FIMM ÁRA BARÁTTA HILMARS OG RJÓMA UM FLUTNING TIL ÍSLANDS

■ Prautin þyngri að fá hundinn heim ■ Heimildamynd gerð um málið

Bleikt

Aníta Estíva Harðardóttir
anita@pressan.is



Hilmar Egill Jónsson flutti til Noregs árið 2011 þar sem hann hafði ákveðið að búa ásamt fjölskyldu sinni í eitt ár. Þar lét Hilmar langþráðan draum sinn rætast og keypti sér English Bull Terrier hvolp sem fékk nafnið Rjómi.

Fjölskyldan gerði sig síðan klára til að flytja heim til Íslands ári síðar. Héldu þau að það yrði auðsótt mál að fá leyfi til þess að flytja Rjóma með til landsins þar sem tegund hans er ekki á svokölluðum lista yfir bannaðar hundategundir. Málið reyndist hins vegar erfiðara en svo og hófst í kjölfarið fimm ára barátta Hilmars fyrir því að fá hundinn heim.

„Eftir að hafa farið með málið í gegnum MAST, ráðuneytið, héraðsdóm og Hæstarétt virtust öll sund lokuð en á undraverðan hátt fékk Hilmar loksins leyfi til þess að flytja með alla fjölskylduna heim seint á síðasta ári. Það má því segja að sagan hafi endað vel.“ Segir Freyja Kristinsdóttir í viðtali við DV.



Afmæli Rjómi á fimm ára afmælisdegi sínum.

Freyja er lærður dýralæknir og hundapjálfi sem hefur undanfarið starfað við kvikmyndagerð.

„Ég lærði heimildamyndagerð í Danmörku árið 2015 og á svipuðum tíma og ég kláraði námið, þá var mál Hilmars og Rjóma töluvert í fjölmiðlum. Mér fannst þetta áhugavert og hafði samband við Hilmar sem sendi mér öll málgögnin. Eftir að hafa lesið yfir þau var ég sannfærð um að þetta væri



Freyja og Rjómi Freyja Kristinsdóttir, dýralæknir og kvikmyndagerðakona.

efni í heimildamynd.“

Freyja hittir Hilmar og Rjóma í fyrsta skiptið vorið 2016 og hóf þá tölur á heimildamynd um mál þeirra.

„Nú hef ég loksins lokið öllum tölum og er að leggja lokahönd á klippivinnuna. Hilmar er ekki sá fyrsti sem hefur fengið neitun frá MAST, en það sem er svo magn-

að við þessa sögu er að hann gafst aldrei upp, sama hversu miklu mótlæti hann mætti. Hann var allan tímann sannfærður um að hann hefði rétt á að flytja hundinn inn. Það er margt í þessari sögu sem er áhugavert að skoða nánar og er það markmiðið með heimildamyndinni.“

Það er margt í þessari sögu sem er áhugavert að skoða nánar og er það markmiðið með heimildamyndinni.

Freyja stendur nú í ýmiss konar eftirvinnslu á myndinni og hefur hún brugðið á það ráð að safna fyrir vinnunni á Karolina Fund. Þeirri söfnun lýkur á sunnudaginn næstkomandi, þann 15. apríl, og verður frumsýning myndarinnar þann 24. maí í Bíó Paradís og almennar sýningar eftir það.

Fyrir áhugasama er hægt að styrkja verkefnið með því að fara inn á slóðina hér fyrir neðan. Hægt er að styrkja verkefnið með misháum upphæðum og í leiðinni næla sér í miða á forsýningu myndarinnar eða á almennar sýningar. ■

www.karolinafund.com/project/view/2025

Erla Kolbrún snappar frá Kleppi:

„Ég var komin á botninn og gat lífið ekki“

Erla Kolbrún Óskarsdóttir lenti í læknastökum árið 2012 þar sem laga átti endaparmssig sem hún fékk í kjölfar fæðingar yngri dóttur sinnar. Síðan þá hefur Erla barist við mikla og óbærilega verki sem ekki er hægt að laga. Eftir aðgerðina varð Erla afar þunglynd og sjálfsvígshugsanir herjuðu á hana daglega. Nýlega var Erla lögð inn á Klepp vegna mikillar vanlíðunar og ákvað hún að leyfa fólki að fylgjast með meðferðinni í gegnum Snapchat.

„Snapchat hjálpar mér á svo marga vegu. Ég get talað beint við símann og opnað mig með allt án þess að þurfa horfa framán í manneskju. Þótt ég viti að það eru nokkur þúsund manns að horfa, en það mætti segja að Snapchat sé eitt af mínum meðferðarúrræðum,“ segir Erla í viðtali við blaðakonu.

Áður legið inni á geðdeild vegna sjálfsvígshugsana

Erla er gift Andrésí Þór Helgasyni og saman eiga þau tvær stelpur, Alexöndru Ösp og Magdalenu Eik.

„Ég er menntuð lyfjateknir, útskrifaðist árið 2013, en ég hef aldrei geta unnið við það vegna aðgerðarinnar. Læknirinn notaði úrelta aðferð og yfirlæknir á kvennadeild staðfesti að um læknastök hefði verið að ræða. Í sex ár hef ég barist við mikla og óbærilega taugaverki sem ekki er hægt að laga.“

Erla hefur áður legið inni á geðdeild Landspítalans vegna sjálfsvígshugsana og að hennar sögn var sú lega ágæt.

„En þar fékk ég ekki hjálpinu sem ég þurfti. Ég reyndi sjálf að fara til fagaðila eins og sálfræðinga út í bæ en fann mig ekki og datt því út úr meðferðarútnunni. Ég snappaði mikið í gegnum þá reynslu og það hjálpaði mér mjög mikið. Að fá að rausa um mína vanlíðan, og líka vellíðan, og fá viðbrögð frá fylgjendunum mínum gaf mér svo mikið.“

Var neitað um innlögn á Reykjalund

Vanlíðan Erlu hefur farið stigvaxandi undanfarin ár og vegna þess vildi geðlæknir hennar að hún yrði lögð inn á endurhæfingardeild á Reykjalundi.

„En þar var mér neitað á mjög leiðinlegan hátt. Ástæða neitunarinnar var að ég væri of veik.“

Þá barst talið að því að sækja um vist fyrir Erlu á Kleppi.

„Ég er í innlögn á svokallaðri

fimm daga deild. Ég fer heim um helgar og nýt þess að vera hjá fjölskyldunni minni en á virkum dögum er ég í prógrammi á Kleppi. Ég fæ aðstoð við að komast í meðferðarútnu eins og ég kalla það. Fæ aðstoð við að byrja í hreyfingu og kennslu í að slaka á. Því var ég alveg búin að gleyma. Hér er sálfræðiaðstoð og læknabjónusta, prógrammið er mjög fjölbreytt og flott.“

Innlögnin á Klepp meðal annars til þess að létta undir með eiginmanninum

Erla segist njóta þess að liggja inni á Kleppi þar sem hún fær mikið utanumhald frá starfsfólki.

„Ég fékk til dæmis mjög slæmt verkjakast í gær enda keyrði ég mig aðeins út. Hjúkrunarfræðingurinn og sjúkraliðinn sem voru á vakt voru yndislegir og vildu allt fyrir mig gera. Ég er ein í krúttlegu herbergi sem er bara æði og það fer mjög vel um mig hérna.“

Aðaltilgangur innlagnar Erlu var að létta undir með henni sjálfri við daglegt amstur lífsins en einnig til þess að létta undir með eiginmanni hennar.

„Hans hlutverk í mínu lífi er rosalega stórt og er örugglega mjög erfitt starf. Hann og stelpurnar mínar eru búin að upplifa mikið með mér undanfarin sex ár og ég var komin svo gjörsamlega á botninn að ég gat horfst í augu við lífið. Þannig að fyrir alla var innlögnin skynsamlegust.“

Snappar frá Kleppi

Erla mun dvelja á Kleppi í að lágmarki fjórar vikur en að þeim tíma liðnum verður líðan hennar skoðuð og ákvörðun tekin um hvort hún þurfi lengri tíma.

„Að vera á Kleppi í dag er allt annað en það var fyrir einhverjum árum. Það eru margar þjóðsögur um að það að vera á Kleppi sé svakalega slæmt, en það er bara ekki þannig. Kannski var það þannig einhvern tímann en í dag er það alls ekki slæmt.“

Erla þakkar fyrir Snapchat á hverjum degi þar sem hún getur í gegnum það forrit verið í miklum samskiptum við fjölskyldu sína.

„Snapchat hefur hjálpað mér á svo marga vegu. Ég á svo yndislega fylgjendur sem peppa mig alltaf upp og senda mér yndisleg skilaboð. Það gefur mér svo mikið að fá allan þennan stuðning.“ ■



Hægt er að fylgjast með ferli Erlu Kolbrúnar á Snapchat undir notandanafninu: **ertak85**

Gyðjunni hleypt út

■ Undirföt og pokki í daglega lífinu ■ „Í hverju ertu beibí?“

Ragnheiður Eiríksdóttir
skrifar



Hún dregur mjúka og örþunna sokkana hægt og rólega upp legginn og festir vandlega við sokkaböndin á tveimur stöðum. Þegar hún sleppir bandinu heyrir hún smellur og hún finnur kulda málsins við lærið. Korsettið passar nákvæmlega utan um líkama hennar og þrýstir brjóstunum upp á við. Þegar hún hefur hert reimina að aftan finnst henni eins og líkaminn fyllist nýjum tignarleika. Dropi af ilmólú á hálsinn, og menið hennar langömmu. Kjóllinn er látlaus en nær rétt niður fyrir hné og hælarnir praktískir. Hún burstar tennurnar og mætir á hárréttum tíma í heimilisfræðistofuna. Sex tímar í kennslu framundan, eftir það kvöld með elskhuganum. Bling ... þarna kom fyrsta sms-ið frá honum: „Í hverju ertu beibí?“

Heimilisfræðikennarinn ævintýragjarni í frásögninni hér að framan er dæmi um konu sem ákvað að klæðast einhverju kynþokkafullu þó svo að fundurinn með elskhuganum hæfist ekki fyrr en að vinnudegi loknum. Hafa ber í huga að dæmið er fullkomlega uppdikað og tengist engum heimilisfræðikennara beinlínis, hvorki lifandi né látnum.

Leyniþokki í vinnunni

„Mér finnst fátt jafnast við að klæða mig upp fyrir nánar stundir,“ segir vinkona mín sem á mögulega tilkomumesta undirfatasafn sem ég hef augum litið. Hún er ekki heimilisfræðikennari. „Áður en ég fór að njóta þess að klæða mig í kynþokkafull undirföt fannst mér það algjör sóun bæði á orku og peningum. Ég skildi ekki hvers vegna það ætti að vera góð hugmynd að eyða miklum tíma í að klæða mig í eitthvað sem búið væri að rífa mig úr á fyrstu fimm mínútum ástarleiksins. Svo fór þetta að snúast um eitthvað miklu meira en að vera í nærbuxum og haldara í stíl, svona ef kona skyldi lenda í slysi eða þurfa að háttá sig óvænt í dagsins amstri.“ Eitt af því sem þessi vinkona mín elskar er að klæðast svokölluðum „stay-up“-sokkum í vinnunni. Hún vinnur á virðulegri skrifstofu þar sem dragtir og jakkaföt eru staðalbúningar starfsmanna. „Að fara í hádegismat með stífum vinnufélögum og láta „óvart“ glitta í eldrauða sokkabandabeltið þegar sest er til borðs er alltaf jafn gaman. Svo skrepp ég á klósettið og sendi elskhuganum mynd af lærunum eða brjóstaskorunni.“ Hún segir að þetta hafi orðið stærri og stærri hluti af sambandi hennar við sjálfa sig ekki síður en sambandinu við elskhugann. Á þennan hátt daðrar hún við sjálfa sig, og hefur lært að láta sér þykja vænt um líkama sinn. Tvennt olli straumhvörfum; þokkafull myndataka hjá fagljósmyndara og burlesque-námskeið í Kramhúsinu hjá Margréti Erlu Maack. „Eftir áratugi af óánægju með líkama minn fékk ég hreinlega nóg. Ég fann að ég var alltaf að fela mig og bæla niður gyðjuna innra með mér. Ég trúí því að



„Á þennan hátt daðrar hún við sjálfa sig, og hefur lært að láta sér þykja vænt um líkama sinn.“

það geti verið heilsuspillandi rétt eins og slæmt mataræði eða hreyfingarleysi. Núna er gyðjan komin

út og ég reyni að sinna henni eins vel og ég get. Til dæmis með því að undirbúa mig fyrir deit með því að liggja í baði með hvítvínsglas, hafa mig til í silkislopp og klæða mig í eitthvað sem mér sjálfri finnst kynþokkafullt. Svo er kærastinn bara heppinn að fá að taka þátt!“

Kynþokki fundinn í myndatöku

Hildur Heimisdóttir, ljósmyndari hjá Bombshell by Hildur Heimis, hefur sérhæft sig í svokölluðum Boudoir-myndatökum þar sem hún myndar ósköp venjulegar konur í óvenjulega kynþokka-



Hildur Heimisdóttir

fullum stellingum og klæðnaði. Hildur segir að í flestum tilfellum komi það konunum sjálfum á óvart hversu þokkafullar þær reynast. „Þær koma yfirleitt sjálfar með föt sem þær flá vel, flíkur sem þeim finnst draga fram kynþokkann. Svo fá þær meðferð hjá fagmanneskjum, bæði förðun og há, og auðvitað myndatökuna sjálfa. Aðalkikkid kemur svo þegar þær fá að skoða myndirnar og átta sig á að þær eru mun meira sexí en þær héldu.“ Áður en myndatakan fer fram er Hildur búin að spjalla við hina verðandi fyrirsætu um hvað hún sjái fyrir sér. „Konurnar mínar hafa yfirleitt ansi skýrar hugmyndir um hvernig þær vilja láta mynda sig og engar tvær tölur eru eins.“ Hildur lærði ljósmyndun og starfaði lengi í París, en hún hefur líka lokið diplómánámi við HÍ í kynfræði. „Þannig kviknaði áhugi minn á því hvernig hægt er að tengja ljósmyndun og líkamsmynd kvenna. Það er svo algengt að konur séu óánægðar með sig, og það virðist alls ekki tengjast stærð eða kílóafjölda. Í gegnum svona myndatöku er hægt að vinna í sjálfsmyndinni og sjá sjálfa sig í nýju ljósi. Við vinnum með líkamann og kynþokk-

Ragnheiður Eiríksdóttir er hjúkrunarfræðingur og kynlífsráðgjafi hjá Áfalla- og sálfræðimíðstöðinni, Hamraborg 11

RAGGAEIRIKS@ASM.IS
RAGGAEIRIKS.COM

„Þegar hún hefur hert reimina að aftan finnst henni eins og líkaminn fyllist nýjum tignarleika.“

ann og hver kona fær að njóta sín og vera miðpunktur athyglinnar. Fallegar myndir, í fallegum undirfötum, snúast ekki um tælingu, heldur það að fagna kvenleikanum.“

Stolt og kynþokki

Við tjáum svo margt með líkama okkar og klæðnaði. Orð eru öflug, en við getum ekki síður sent skilaboð til umhverfisins án þeirra. Önnur vinkona mín nýtur þess að taka eftir því hvernig áhrif hún hefur á umhverfið með því hvernig hún velur að klæða sig. „Mér finnst gott að geta stjórnað því hvernig viðbrögð ég fæ eftir því hvernig ég klæði mig. Stundum vil ég bara vera í gollu og gammos-

íum og læðast með veggjum en stundum vil ég láta taka eftir mér og þá fer ég í eitthvað þröngt og helst passlega flegið, set á mig varalit og geri eitthvað töff við hárið á mér og geng svo um eins og eigi allt og alla. Sem virkar því þá fæ ég allt og alla.“

Það sem er utan á okkur getur nefnilega smitast inn á við ... Það er mikill kraftur í því að finna fyrir stjórn á umhverfinu, en þetta hefur ekki alltaf verið svona auðvelt hjá vinkonu minni. „Þegar ég var yngri þá fannst mér ég ekki geta stjórnað því hvernig var horft á mig, stundum þegar ég vildi athygli fékk ég hana ekki og svo þegar ég var alls ekki í stuði þá þurfti ég stundum að berja fólk af mér. Núna kann ég betur á þetta. Það er nefnilega ótrúlegt hvað það getur breytt miklu hvernig kona ber sig, klæðir og málar. Samt aðallega hvernig hún ber sig. Kona sem er stolt af líkama sínum, sama hvernig hann er í laginu, er alltaf sexí.“

Mæltu kvenna heilust kæra vinkona! Málið snýst sko ekki um kíló eða lögum líkamans. Viðhorf konunnar og ást hennar til sín sjálfar felur í sér töfrana! ■

HENSON HM 2018

STUÐNINGSMANNATREYJUR HANNAÐAR OG FRAMLEIDDAR MEÐ STOLTI Á ÍSLANDI.

HENSON býður fyrirtækjum spennandi möguleika á að gleðja sína eigin starfsmenn og/eða viðskiptavini heima og erlendis með okkar sérstöku hönnun og framleiðslu á **HM2018 stuðningsmanna treyjum**.

Á ermum stuðningsmanna treyjanna koma fram leikir íslenska landsliðsins ásamt staðsetningu leikvanganna. Treyjunum fylgir sérstakur merkipenni.

Aftan á treyjunni kemur fram að Ísland er fámennasta þjóðin sem hefur unnið sér rétt til þess að leika í úrslitakeppninni.

Við heilprentum treyjurnar í hátækni verksmiðju okkar í **Brautarholti 24** þannig að öll hönnun, nöfn, númer og merki fyrirtækja verða hluti af efninu.

Verðin eru eftirfarandi;

	Með fyrirtækja merki framan.	Með nöfnum að aftan.	Með nöfnum og númerum.
10 stk	kr. 6.460	Kr. 7.060	Kr. 7.660
25 stk	kr. 5.980	Kr. 6.590	Kr. 7.190
50 stk	kr. 5.500	Kr. 6.100	Kr. 6.700
75 stk	kr. 5.100	Kr. 5.700	Kr. 6.300
100 stk	kr. 4.800	Kr. 5.400	Kr. 6.000

Stakar án merkinga

80 - 122sm	Kr. 4.758
128 - 158sm	Kr. 5.565
XS - XXL	Kr. 6.370
3XL - 5XL	Kr. 7.177

Um annan fjölda má semja sérstaklega.

Öll ofangreind verð eru uppgefin án vsk og eiga við pr.stk.

Vinsamlegast hafið samband við; halldor@henson.is

Með bestu kveðjum,

Halldór Einarsson
Halldór Einarsson

HENSON


Í þjónustu við íslenskt íþróttafólk síðan 1969

STÓR & SMÁ
FYRIRTÆKI
UM ALLT LAND
ERU AÐ PANTA TREYJUR MEÐ SÍNU MERKI



SENNILEGA FJÖLHÆFASTA FATAFYRIRTÆKI LANDSINS!

Tímarvélín



Kominn heim

Ólafur Þorsteinsson,
læknir.

Gamla auglýsingin

Morgunblaðið 18. ágúst 1927



Klæðlausar dúkkur í leikfangaverslun

Í september árið 1975 ráku blaðamaður og ljósmyndari Dagblaðsins upp stór augu þegar þeir gengu fram hjá leikfangaverslun í Reykjavík. Þar mátti sjá dúkkur sem er ekki frásögu færandi nema vegna þess að þær voru allar kviknaktar og í líki full-orðinna kvenmanna. Ein þeirra var með perlufesti og önnur með kórónu og borða fegurðardrottningar. Að öðru leyti allsberar. Fjölmíðlamennirnir spurðu búðareigandann um dúkkurnar og komust að því að þetta væri vesturþýsk framleiðsla og að engin dúkkuföt væru fáanleg fyrir línuna. Veltu þeir því fyrir sér hvaða tilgangi þær þjónuðu í versluninni.



Hemmi Gunn heimsmeistari í pylsuvagnaakstri

Þann 24. maí árið 1980 komust Hermann Gunnarsson, knattspyrnuhettja og dagskrárgerðarmaður, og Auður Elísabet Guðmundsdóttir, fördunarfræðingur og Ungfrú Hollywood, í heimsmetabók Guinness. Settu þau heimsmet í kvartmíluakstri pylsuvagna, á tveimur mínútum og fimmtíu sekúndum, en fyrra met átti breskur pylsuvagnaökumaður. Hermann og Auður óku vagni Bæjarins Bestu sem venjulega stendur í Austurstræti. Vagninn var 4,5 hestöfl og fengu þau leiðbeiningar frá formanni Kvartmíluakstri pylsuvagna, á hvernig skyldi aka. Eftir að metið var slegið stóð til að skora á hólm eiganda pylsuvagnsins á Ráðhústorgi Kaupmannahafnar og svo alla helstu pylsuvagna heimsins.



Bjarni Benediktsson var sakaður um að taka ekki hart á vændisleigu á Ránargötu 50

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Árið 1953 komu upp þrjú vændismál þar sem leigusalar íbúða voru dæmdir til fangelsisvistar fyrir að „stuðla að lauslæti“. Bjarni Benediktsson, þáverandi dómsmálaráðherra, var harkalega gagnrýndur af vinstrimönnum, sérstaklega Sósíalistum, fyrir að sýna linkind í málinu og að halda verndarhendi yfir þeim dæmdu.

Ránargata 50

Í septembermánuði árið 1953 var kona að nafni Arndís Þórðardóttir dæmd í undirrætti til þriggja mánaða fangelsisvistar fyrir að „gera sér lauslæti annarra að tekjulind“. Þá var hún einnig svipt bæði kosningarétti og kjörgengi.

Málið hófst þegar barnaverndarnefnd Reykjavíkur kærði það til sakadómara að herbergi í húsi við Ránargötu 50 væru leigð út fyrir bandaríska hermenn og kvenfólk sem í för með þeim var. Aðeins voru herbergin leigð út til einnar nætur og eigandinn, Arndís Þórðardóttir, hélt enga skrá yfir leiguna. Þá var það talið sannað að hún nýtti sér lauslæti annarra sem tekjulind.

Herbergin sem um ræðir voru á fyrstu hæð og í kjallara hússins en í dómnum kom fram að Arndís leigði fleiri en dátum. Bæði íslenskir karlmenn og aðrir erlendir nýttu sér „þjónustu“

Arndísar. Stúlkurnar dvöldu þá með mönnum fram eftir kvöldi en héldu síðan á brott. Í framburði stúlkanna fyrir dómi kom það fram að þær höfðu haft samfarir við mennina, „sumar í fáein skipti en aðrar oft.“

Bæði herbergin voru útbúin með divönum og Arndís græddi vel á starfsemi. Herbergið á fyrstu hæð var leigt fyrir 30 krónur á hvorn einstakling sem þar dvaldi en kjallarinn á 100 krónur fyrir tvo. Hún neitaði að hafa vitað hvað færi fram í herbergjunum en viðurkenndi þó að henni „hafi dottið margt í hug í þeim efnunum.“ Hún segist ekki hafa skipt sér af stúlkunum svo lengi sem hún taldi þær hafa náð löfgaldri.

Listi gekk á milli hermanna

Fyrr á því ári voru maður og kona dæmd fyrir tilraun til að leigja húsnaði til lauslætis. Ekki þótti sannað að lauslæti hefði verið stundað í húsakynnum þeirra og hlutu þau því 45 daga skilorðs-



Bjarni Benediktsson dómsmálaráðherra.

bundinn dóm. Maðurinn leigði út herbergi á heimili sínu við Spítalaveg 2 og konan við Bústaðaveg 2.

Bæði leigðu þau mestmegnis bandarískum hermönnum, en stundum Íslendingum, og hélt hvorugt þeirra neina skrá yfir leigjendur eða spurðu til nafns. Í Þjóðviljanum segir: „Fyrirnefndur leigumáti, svo og tíð samdvöl stúlkna og leigjenda, er látin

var afskiptalaus, þótti dómranum ótvíræður vottur um þann ásetning að gera sér lauslæti að tekjulind.“

Í þessum málum var Bjarni Benediktsson dómsmálaráðherra sakaður um að tefja málið og beita sér fyrir því að kveðin yrðu upp „hlægilegir málamyndadómar“. Húsin voru vist mun fleiri og vitað var að listar með heimilisföngum gengu milli hermanna á Keflavíkurflugvelli.

Bjarni svaraði Þjóðviljanum á þá leið að málið hefði verið tekið föstum tókum og að allar tafir á því hefðu verið vegna þess að lögreglu hefðu borist upplýsingar um frekari brot á umræddum stöðum sem þyrfti að rannsaka.

Þjóðviljamennt vísuðu þessu á bug og töldu Bjarna vísitandi þæfa málið. Hámarksrefsing fyrir þessi brot væri fjögurra ára fangelsisvist. Gerði hann það vegna þess að Bandaríkjamenn og innlent þjónustulið þess væru „vinir“ hans. Eina ástæðan fyrir því að hann beitti sér yfirhöfuð í málinu hafi verið vegna þess að kosningar væru í nánd og hann óttaðist almenningsslitið. ■

Tveir fjallgöngumenn fórust í Himalaja:

„Góðir strákar og frábærir félagar“

18. október árið 1988 er minnst sem eins mesta sorgardags íslenskrar fjallamennsku. Þá hurfu sporlaust tveir 27 ára gamlir menn, Kristinn Rúnarsson og Þorsteinn Guðjónsson, við klifur á fjallinu Pumo Ri í Himalajafjöllum. Sú hlið fjallsins sem þeir völdu var óklifin og talið var í fyrstu að þeir hefðu farist á leiðinni upp. Jón Geirsson sem var með Kristni og Þorsteini í för en þurfti frá að víkja vegna veikinda, ræddi við DV um leiðangurinn og óvæntar upplýsingar sem bárust honum síðar.

„Original“ strákar og frábærir félagar

Þorsteinn og Kristinn voru æskufélagar úr Laugarnesskólanum og byrjuðu á unglingsárunum að ganga á fjöll. 19 ára gamlir fóru þeir í sína fyrstu Alpaferð og eftir það var ekki aftur snúið. Þeir voru ókvæntir en Kristinn átti kærustu sem bar fyrsta barn þeirra undir belti þegar slysið varð. Jón segir:

„Þetta voru góðir strákar og frábærir félagar. Ég hafði klifið með þeim síðan 1982, í Andesfjöllum í Perú, Ölpunum og víða innanlands. Þeir byrjuðu í klifri á svolitíð sérstakan hátt. Á meðan aðrir lærðu klifur í námskeiðum þá lærðu þeir þetta tveir saman á eigin vegum og voru sjálfærðir. Þeir voru „original“ og vildu frekar klæðast í lopapeysum en þeim nútímaklæðnaði sem flestir aðrir klifu í.“

Pumo Ri er í norðausturhluta Nepal, aðeins nokkra kílómetra frá hæsta fjalli veraldar, Everest. Heitið er sjerpneskt og myndi þýðast sem „dóttir fjallanna“. Bandaríkjamadurinn Gerhard Lenser komst fyrstur á topp Pumo Ri árið 1962 en fjallið rís 7.161 metra yfir sjávarmáli. Árið 1988 hafði ísbrekkana á suðausturhrygg fjallsins aldrei verið klifin.

Af hverju varð þessi tindur, Pumo Ri, fyrir valinu?

„Hópurinn okkar í Alpaféluginu hafði verið á Gangapurna, vestar í Nepal, á árið áður og okkur fannst ekki ganga nógu vel. Kiddi þurfti að hætta við og fljúga heim með kærustu sinni sem veiktist. Við vorum í erfiðum aðstæðum og miklum snjó. Monsúntíðin kom óvenju snemma með mikilli ofankomu sem gerði út um áformin um að klífa fjallið. Við vorum svekktir og langaði að reyna aftur en þá annars staðar í Himalajafjöllum.“

Breyttu um stefnu

Fimm íslenskir fjallgöngumenn reyndu við tind Gangapurna árið 1987. Þrír úr félaginu héldu aftur til Nepal ári síðar, Jón, Kristinn og Þorsteinn. Fjórdi maðurinn, Stephen Aisthorp frá Bretlandi, bættist í hópinn en hann hafði klifið með Þorsteini áður. Félagarnir hittu hann í höfuðborginni Katmandú í september og héldu síðan til fjallsins. Þann 1. október voru þeir komnir í 5.300 metra hæð og reistu þar búðir.

Göngumenn þurfa að aðlagast loftslaginu í slíkrri hæð og dvöldu þeir í viku í búðunum en þá kom upp vandamál. Klifurhópur frá Ástralíu var á undan þeim að fara hina hefðbundnu suðvesturleið á toppinn sem þeir hugðust fara. Þetta hefði kostað tafir á leiðangrinum og ákváðu þeir því að fara upp ísbrekkuna á suðausturhryggnum, sem ekki hafði verið klifin áður.

Voru þið ekkert smeykir við að fara þá leið?

„Jú, auðvitað vorum við smeykir, þetta var ókunnugt land og ég veit ekki til þess að nokkur hafi reynt við þennan hrygg áður. En þetta er hluti af íþróttinni og okkur langaði til að klifra á þessu svæði.“

Hvernig voru aðstæðurnar?

„Þær voru góðar, sérstaklega miðað við Gangapurna-leiðangurinn. Það var kalt en snjóaði ekki og veður almennt gott.“

Jón og Stephen gátu ekki haldið áfram

Þrátt fyrir það lenti hópurinn í vandræðum á leiðinni upp en þá vegna líkamlegra eymsla bæði Jóns og Stephens. Stephen átti í erfiðleikum með að aðlagast loftslaginu, var orkulaus og með iðrakveisu. Jón veiktist af miklum hósta sem hann losaði ekki við. Urðu þeir báðir frá að hverfa fyrir síðasta spölinn upp hrygginn.

„Hóstinn var svo mikill að ég rifbeinsbrotnaði. Ég fór niður að litlu þorpi þar sem ég komst til læknis. Eftir það fór ég aftur að búðunum en sá að ég var orðinn of slæmur til að komast alla leið á toppinn. Mér var mjög illt í brjóstholinu og var kominn með risa-

stóran marblett yfir allan brjóst-kassann. Ég reyndi að binda utan um mig til að halda þessu saman en gat ekkert reynt á mig.“

Stephen varð eftir í búðunum en Jón fór til byggða og flaug í kjölfarið til Parísar og lagðist inn á spítala þar. Kristinn og Þorsteinn ákváðu þá að klífa tveir upp efsta hluta fjallsins þann 14. október og áætlað var að það tæki þrjú daga. Erfiðasti hlutinn yrði brott ísbrekkna en eftir hana væri hægt að hvíla sig vel og leiðin á toppinn greidd. Þeir voru ekki með tjöld heldur góða svefnpoka, hliðarpoka og hlýjar dúnúlpur. Ekki höfðu þeir orðið varir við nein snjóflóð en smá grjóthrun vegna sólbáðar á morgnana.

Sáust við toppinn

Klif Kristins og Þorsteins virtist ganga ágætlega og Stephen fylgdist með frá búðunum með sterkri aðdráttarlínu. Klukkan tvö eftir hádegi þann 18. október sá hann þá í 6.600 til 6.700 metra hæð en þá fóru þeir í hvarf. Þetta var í síðasta skiptið sem hann sá þá og sá tími sem miðaður er við að þeir hafi horfið. Það var þó ekki fyrir daginn eftir sem Stephen fór að gruna að ekki væri allt með felldu og sendi hlaupara til byggða til að biðja um aðstoð við leit.

Er eitthvað vitað hvað gerðist?


„Ég var farinn úr landi og tók ekki þátt í leitinni en það fannst ekkert. Þeir hafa líklega verið bundnir saman og hrunið einhvers staðar, mögulega ofan í sprungu.“

Í fréttatflutningi á þeim tíma virtist gert ráð fyrir því að Kristinn og Þorsteinn hefðu orðið fyrir óhappi á leiðinni upp á toppinn. Jón segir að það sé ekki endilega

Kristinn í Perú 1985. Myndir: Torfi Hjaltason



Þorsteinn í Perú 1985.



Þorsteinn, Jón, Kristinn og Anna Lára Friðriksdóttir á tindi Alpamayo í Perú.



„Fjalla-dóttirin“ Pumo Ri.



öruggt því um mánuði eftir leiðangurinn fékk hann óvænt símtal.

„Vinkona mín kom mér í samband við einn mann úr ástralska leiðangrinum sem var á fjallinu á sama tíma og við. Hann sagðist hafa fylgst með Kristni og Þorsteini og séð þá alveg við toppinn.“

Þannig að þeir hafa komist fyrstir á toppinn?

„Það lítur út fyrir það miðað við þessa frásögn og slysið hafi því gerst á niðurleiðinni. Það eru mestar líkur á því að þeir hafi ætlað að fara sömu leið niður en það er ekkert öruggt í þeim efnum.“

Lamandi áhrif á íslenska fjallamenn

Stephen leitaði eins og hann gat dagana eftir hvarfið. Eftir fjóra daga, þann 22. október, kom loks leitarþyrlla en hún fann hvorki farangur né nein ummerki um þá. Aftur var flogið fjórum dögum síðar en án árangurs.

Hvaða áhrif hafði þetta á íslenska fjallamenn?

„Þetta var heilmikið áfall. Þeir voru svo duglegir, drífandi og metnaðarfullir bæði í leiðöngurum og í starfi Alpafélagsins. Í félaginu var mjög náinn og samhentur hópur á þessum tíma og þetta hafði lamandi áhrif. Sjálfur flutti ég til Frakklands og þar missti ég féлага líka. Síðan þá hef ég ekki farið í svo stóra leiðangra heldur einbeitt mér að áhættuminnna klifri.“

Kristinn og Þorsteinn eru ekki einu Íslendingarnir sem hafa farist á Pumo Ri. Ari Gunnarsson, þrítugur sjómaður, fórst þar í slysi árið 1991 en hann var í för með erlendum hóp. ■



Stal hrosshári

Í maímánuði árið 1996 kom upp óvanalegt mál í hesthúsi á höfuðborgarsvæðinu. Óþrúttinn maður braust inn og klippti hár úr bæði tagli og faxi nokkurra hesta. Eigandi hrossanna, Alda Björnsdóttir, furðaði sig mjög á því þegar hún áttaði sig á því að hárið hafði verið klippt og lét lögreglu vita. Enginn hafði þó tekið eftir óvanalegum mannaferðum. „Ég get ekki ímyndað mér hver gerir þetta en það hlýtur að vera einhver undarlegur maður,“ sagði Alda við DV. En hrosshár, sem er meðal annars nýtt í listskópun, er auðveldlega hægt að fá í sláturhúsum. Önnur ástæða gæti þó legið að baki því að mest var klippt af glæsilegasta hestinum og því var ekki hægt að sýna hann á hestamótum þá um sumarið.



Líkist peru en bragðast eins og banani

H austið 1972 hóf Sambandið innflutning á avókadó frá Ísrael en ávöxturinn fór illa í landann til að byrja með. Björgvin Schram stórkaupmaður sagði í samtali við Vísir: „Okkur hefur fundist lítil áhugi ríkja fyrir honum, en hann virðist ákaflega vinsæll í öðrum löndum, sérstaklega sem forréttur.“ Þótti ávöxturinn bragðast eins og banani en minna á stóra peru í útliti. Fékk hann því síðar íslenska heitið lárpera. Tíðkaðist helst að gera úr honum salöt og bera fram í hýðinu. Í frétt Vísis kom fram að Sambandið væri einnig að íhuga innflutning á svokölluðum kiwi-ávexti sem væri „mjög frísklegur og svipadur appelsínu.“

Menning



„Finnst alltaf einkennilegt þegar einhver setur sig í mjög neikvætt dómarsæti gagnvart listsköpun fólks og vinnu“

- sagði Þórunn Erna Clausen lagahöfundur á Facebook í vikunni. Þórunn var ósátt við útreiðina sem lag hennar, Our Choice, fékk frá Helgu Möller og fleiri sérfræðingum í sjónvarpsþættinum Alla leið í Ríkissjónvarpinu. Ari Jónsson mun flytja lagið fyrir hönd Íslands í Eurovision sem fer fram í Lissabon í maí.



Best klæddu herramenn Kóngó

La Sape er hátískuþeyfing sem fæddist í fátækrahverfum eins fátækasta lands heims

Kristján Guðjónsson
kristjan@dv.is



Fátækrahverfum eins allra fátækasta og stríðshrjáðasta svæðis veraldar eru best klæddu herramenn sem um getur. La Sape er tísku- og lífsstílsþeyfing sem hefur fyrir löngu fest sig í sessi í tveimur stórborgum við Kóngófljót, Kinshasa og Brazzaville.

Þeir sem skilgreina sig sem hluta hreyfingarinnar, svokallaðir Sapeurs, klæðast litríkum klæðskerasniðnum jakkafötum frá dýrustu hönnunarmerkjum Evrópu, ganga í vel þússuðum leðurskóm, ganga við staf og skarta glansandi skartgripum.

Stíll og klæðaburður þessara afrísku dandi-a á að vera tákn um ríkidæmi, smekk og lífskraft – yfirtengileg útlitsdýrkun sem þeir segja að haldi lífi í voninni í hinum vonlausu lífsaðstæðum.

Vestræn klæði og siðmenning

Frá því að vestrænn klæðnaður barst fyrst upp Kóngófljótið undir lok 19. aldar hafa slík föt verið þrungin ýmiss konar merkingu. Vestræn föt sást ekki í frumskógum Mið-Afríku fyrr en þegar Evrópumenn eignuðu sér svæðið, beittu blekkingum og grimmúðlegu ofbeldi til að gera svæðið að nýlendum.

Fyrir utan það að blóðmjólka svæðið af auðlindum í eigin þágu sáu nýlenduherrarnir það sem hlutverk sitt að hjálpa heimamönnum – sem þeir álitu frumstæða og ósiðmenntaða villmenn – að þroskast í átt að siðmenningu. Kristin trú, vísindaleg menntun, siðferðisviðmið og klæðnaður Vesturlanda skyldu tekin upp af heimamönnum.

Þegar leið á 20. öldina höfðu æ fleiri Kóngómenn fengið vestræna menntun frá trúboðum og verið

„ Hvíta fólkið fann kannski upp þennan klæðnað, en við gerðum hann að listgrein.

innrættir vestrænir lifnaðarhættir. Sumir þeirra tóku að starfa fyrir belgíska og franska nýlenduherra og tóku upp stíl þeirra og takta. Þegar leið á öldina fengu svo einhverjir að fara til Frakklands og Belgíu til að mennta sig eða vinna og komu þá til baka lífandi út eins og klipptir út úr nýjustu tískublöðum Evrópu og vöktu því eðlilega mikla aðdáun og eftirtekt.

Æ fleiri Kóngómenn klæddust einkennisklæðnaði vestrænna karlmanna: jakkafötum, skyrtum og bindi. Það voru ekki síst þeir sem störfuðu fyrir nýlenduherrana

sem tileinkuðu sér vestræn gildi og lífshætti. Þetta var hópur sem nýlenduherrarnir kölluðu af rásísku yfirlæti, „hina þróðuð“ eða „siðmenntuðu“ (fr. Evolué).

Þó að þessi menntaða elíta hafi framan að verið í forsvari fyrir sjálfstæðishreyfingar í Belgísku-jafnt sem Frönsku-Kóngó fylgdi baráttunni og sjálfstæði ríkjanna tveggja árið 1960 einnig endurmat á áhrifum nýlenduveldanna og krafa um afturhvarf til raunverulegrar afrískrar menningar.

Niður með jakkafötin!

Fyrstu árin eftir sjálfstæði Austur-Kóngó (áður Belgísku-Kóngó) ríkti mikill glundroði og borgarastyrjöld sem endaði með því að hershöfðinginn Mobutu Seso Seko tók öll völd árið 1965 og ríkti sem einræðisherra fram á tíunda áratuginn.

Hann lagði áherslu á að Kóngómenn hættu að reyna að líkjast

nýlenduherrunum frá Evrópu í lífsháttum, nafngiftum, og klæðaburði. Þeir skyldu hætta að reyna að verða evrópskir og frekar vera trúir eigin uppruna, þróa sín eigin þjóðareinkenni frá menningu forfeðra sinna. Þessa menningarstefnu sína kallað Motubu „authenticité“ og í þeirri krossferð breytti hann nafni landsins og flestra borga, bannaði kristin eiginnöfn og hin hefðbundnu vestrænu jakkaföt.

Sumar tilrauna Mobutu til að snúa aftur til upprunalegrar kóngóskrar menningar voru reyndar frekar misheppnaðar og nánast hjákátlegar. Að hluta til vegna þess að svæðið hafði aldrei verið einsleit menningarheild. Áður en Evrópumenn neyddu íbúa Kóngó til að skilgreina sig sem eina þjóð var svæðið heimili ótal ættbálkasamfélaga með mismunandi tungumál, hefðir og menningu.



Metsölulisti Eymundsson

Víkuna 4. til 10. apríl

- 1 Dagar höfnunar - Elena Ferrante
- 2 Í nafni sannleikans - Viveca Sten
- 3 Ég er að spá í að slúttu þessu - Iain Reid
- 4 Um harðstjórn - Timothy Snyder
- 5 Mið-Austurlönd - Magnús Þorkell
- 6 Lukkuriddarinn - Jan-Erik Fjell
- 7 Þorsti - Jo Nesbø
- 8 Stóra bókin um Hvolpasveitina - Mary Tillworth
- 9 Konan sem át fil og grenntist (samti) - Margrét Guðmundsdóttir
- 10 Þitt annað líf - Raphaëlle Giordano



Vinsælast á Spotify

Mest spilað 11. apríl

- 1 Nice for what - Drake
- 2 God's plan - Drake
- 3 Aldrei heim - Aron Can
- 4 Call out my name - The Weeknd
- 5 Læra - Klaka Boys
- 6 Dúfan mín - Logi Pedro og Birnir
- 7 Psycho - Post Malone og Ty Dolla \$ign
- 8 SADI - XXXTentacion
- 9 Lágmuðinn - Emmisjé Gauti og Birnir
- 10 Look alive - Blackboy JB og Drake



Vinsælast í bíó

Helgina 6. til 8. apríl

- 1 Víti í Vestmannaeyjum
- 2 A Quiet Place
- 3 Ready Player One
- 4 Blockers
- 5 Peter Rabbit
- 6 Tomb Raider
- 7 Pacific Rim: Uprising
- 8 Lói - Þú flýgur aldrei einn
- 9 Hostiles
- 10 The death of Stalin



„Efnishyggja Sapeur-anna var ein gerð félagslegrar gagnrýni, svipað og pönkið var í Evrópu.

Hátíska sem andspyrna

Á tíma Mobutu var hart tekið á allri opinberri gagnrýni og andstöðu við stjórn hans. Íbúar í hinni ört vaxandi höfuðborg, Kinshasa, beittu því kaldhæðni og tvíræðni til að mótmæla spillingunni og hörmulegu efnahagsástandi. Þeir tjáðu andstöðu sína meðal annars með súrrealískum teikni-myndasögum en ekki síður með klæðnaði. Þar sem afró-maóísku andjakka-fötin abacost voru lögfestur búningur þjóðarinnar var það hápólitískur gjörningur að klæðast vestrænum jakkafötum, með skyrту og bindi eða öðru hálstau.

Undir lok áttunda áratugarins fóru æ fleiri ungir menn í verkamannahverfum höfuðborgarinnar að ganga í gríðarlega æpandi, litríkum og skræpptum klæðskeraskiðnum jakkafötum. Í gegnum ættingja eða vini í Evrópu urðu þeir sér úti um dýrustu merkjavörurnar frá finustu verslunargötum Evrópu - eða þessu héldu þeir að minnsta kosti fram og reyndu að sanna með því að hafa merki og verðmiða sem sýnilegasta á fötunum.

Hreyfingin fékk nafnið La Sape sem í stórborgarslangri Kinshasa þýðir „klæðnaður“, en því var einnig haldið fram að orðið væri skammstöfun á heiti hins andlega samfélags sem þessir eitursvölu einstaklingar tilheyrðu: „Félag tiskumótandi og smekklegra einstaklinga“ eða Société des Ambianceurs et des Personnes Élégantes.

Tónlistarmaðurinn Papa Wemba varð fljótt að andliti og hugmyndafræðingi hreyfingarinnar, en hann var ein stærsta stjarnan í kóngóskri tónlist á þessum tíma. Áður en hann hóf sólóferill sinn hafði hann sungið með hljómsveitunum Zaika Langa og Viva La Musica sem léku hraða, dansvæna útgáfu af hinni hefðbundnu kóngósku rúmbu. Þrátt fyrir að vera titlaður páfi þessarar óhefðbundnu andspyrnuhreyfingar - Le pape de la Sape - sagðist Wemba alls ekki andsnúin hreinmenningarstefnu Motubu. Til að verja hin vestrænu áhrif í klæðaburði svaraði hann á svo eftirminnilegan hátt, sem hefur orðið að hálfgerðu mottói Sapeur-anna: „Hvíta fólkið fann kannski upp þennan klæðnað, en við gerðum hann að listgrein.“

Belgíski blaðamaðurinn David van Reybrouck lýsir hreyfingunni í epískri bók sinni, Kóngó - saga þjóðar: „Það gæti virkað fáránlegt í fyrstu að sjá mann í Kinshasa í



miðri kreppu með æpandi sólgleraugu, í Jean-Paul Gaultier-skyrtu og loðjakka, en efnishyggja Sapeur-anna var ein gerð félagslegrar gagnrýni, svipað og pönkið var í Evrópu. Hún tjáði djúpa óánægju með ömurðina og kúgunina sem fólk upplifði, og gaf því færi á að láta sig dreyma um áhyggjulaust Zaïre. Efnishyggja er eitt algengasta og útbreiddasta einkenni fátæktar. La Sape snerist um velgengni, um sýnileika, um að vera inni í myndinni og gera það gott,“ útskýrir Reybrook og bætir síðar við: „yfirgengileg eyðslusemin var táknið einhvers konar von.“

Meira en bara klæðnaður

Eins og yfirleitt gerist með slíkar ungmennahreyfingar hefur La Sape að mestu leyti glatað pólitískum slagkrafti sínum í gegnum tíðina - Mobutu er löngu farinn frá völdum - og höfðar ekki lengur til ungs fólks í sama mæli og áður. Hún er hins vegar langt frá því að vera dauð úr öllum æðum. Í tvíburaborgunum Brazzaville (höfuðborg Vestur-Kongó, sem áður hét Franska-Kongó) og Kinshasa (höfuðborg Austur-Kongó - áður Belgíska-Kongó) sem liggja í nokkurra mínútna siglingarfjarlægð hvor sínum megin við Kóngófljótið hefur hálfgerð Sapeur-jaðarmenning þróast. Stíllinn hefur staðlast í litríkum, spjátrungslegum retró-stíl sem vinnur út frá evrópskri hátísku samtímans. Það eru ekki bara jakkafötin sem skipta máli heldur einnig fínþússaðir skórnir - helst úr slöngu

„Þetta er leið til að vekja athygli á sjálfum sér og vera einhver í samfélagi sem veitir fólki fá tækifæri.

eða krókódilaskinni - og rándýrir og áberandi aukahlutir, sólgleraugu, hattar, pípur, úr og skart.

Margir þeirra sem tileinka sér enn La Sape koma úr neðstu stigum kóngósk samfélags, ef þeir eru ekki atvinnulausir eru þeir iðnaðarmenn, leigubílstjórar eða smásöllumenn sem búa í fábreytilegu húsnæði, oft án rennandi vatns og rafmagns. Í stað þess að fjárfesta í bíl eða stærra heimili eyða þeir öllu sínu fé í klæðnað, safna í mörg ár fyrir nýjum flíkum - oft við dræmar undirtektir eiginkvenna og barna. Af illri nauðsyn er það þó oft notaður klæðnaður sem gengur kaupum og sölum eða er lánaður milli spjátrunganna.

„Sköpunargleðin er sérstaklega mikilvæg“ útskýrði spænski ljósmyndarinn Hector Mediavilla í viðtali við NPR árið 2013, en hann byrjaði að mynda þennan jaðarkíma í Brazzaville í upphafi aldarinnar. „Þetta snýst ekki bara um að eyða miklum peningum í fötin heldur einnig hvað þau segja, hvernig þau hreyfast. Þetta er leið til að vekja athygli á sjálfum sér og vera einhver í samfélagi sem veitir fólki fá tækifæri.

Þetta snýst um að vera sjálföruggur þrátt fyrir aðstæðurnar.“

Á sunnudögum eftir messu hittast hópar slíkra manna - skýrt skilgreind gengi með sín eigin nöfn og hefðir - og sýna sig og sjá aðra, dansa og metast góðlátlega um hver þeirra sé smekklekastur, hver eigi dýrustu skóna og svo framvegis. La Sape snýst ekki bara um klæðnað heldur einnig um háttalag og hegðun - þetta eru afslappaðir og eitursvalir herramenn sem reyna að tala fagaðri frönsku en gengur og gerist í kringum þá. Þeir velja sér ný herramannanöfn sem vísa oft í þekkt vörumerki eða menningu evrópsku heimsveldanna á 19. öld. Margir eru orðnir þekktar figúrur í hverfum sínum eða borg og þegar þeir eru uppstrílaðir hrópa gangandi vegfarendur á eftir þeim hvar sem þeir fara.

Sape verður heimsfrægt

Þó að hreyfingin megji muna fífil sinn fegri, sé orðin nokkuð skýrt skilgreind jaðarmenning í Kóngó frekar en almennt hreyfiafl, hafa vestrænir tiskuspekúlantar veitt La Sape síaukna athygli á undanförmum árum. Þessi menningarkími sýnir enda óvænta og óhefðbundna, skapandi og skemmtilega hlið á þessu stríðshrjáða svæði, sem ratar yfirleitt í fréttir vegna ófriðar og fátæktar. Með þessu hefur tiskan borist víða um heim, hefur haft áhrif á tiskuvitund í Afríku og meðal afrískra samfélaga í Evrópu. Líflæg Sapeur-samfélög eru þannig starfrækt í gömlu kóngósku nýlenduhöfuðborgunum París og Brussel.

Um þessar mundir fjalla tiskutímarit og dagblöð nokkuð reglulega um fyrirbærið, og hönnuðir jafnt sem tónlistarmenn á Vesturlöndum sækja í það innblástur, til að mynda franski rapparinn Maître Gim. Þá vakti það sérstaka athygli þegar bandaríska tónlistarkonan Solange Knowles notaðist við La Sape í tónlistarmyndbandi við lag sitt Losing You árið 2012. Þá má nefna hvernig bjórframleiðandinn Guinness notaði fyrirbærið í auglýsingu sem sýnd var á Super Bowl 2014 - boðskapurinn var að maður gæti ekki alltaf ákveðið hvað hann gerði í lífinu en gæti alltaf ráðið því hver hann væri.

Áhuginn frá Vesturlöndum er reyndar orðinn svo mikill að blaðamaður Wall Street Journal sem heimsótti Brazzaville og Kinshasa til að fjalla um fyrirbærið árið 2011 sagðist hann hafa haft grun um að verið væri að plata af honum pening með því setja upp hálfgerða sýningu á því sem talið var að vestræni blaðamaðurinn vildi sjá. Hann var ekki viss um að það sem hann sæi væri alvara.

Það er hins vegar ljóst að áhuginn á La Sape hefur haft í för með sér aukinn áhuga á afrískri tísku. Í Kóngó hefur verið reynt að nýta þessa öldu meðal annars með því að stofna til árlegrar tiskuvíku í Kóngó. En frá 2011 hafa hönnuðir frá landinu sýnt nýjustu hönnun sína í Kinshasa og Brazzaville. ■

Áskorandi er fæddur

Fabiano Caruana tekur við hamingjuóskum frá heimsmeistarannum Magnusi Carlsen. Kapparnir munu mætast í einvígi um titilinn í nóvember.



Veltir Caruana Carlsen úr sessi?

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Undanfarnar vikur hafa skáká hugamenn fylgst hugfangnir með framgangi Bandaríkjamannsins Fabiano Caruana, sem loksins virðist vera að stinga aðra bestu skákmenn veraldar af og verða raunveruleg ógn fyrir heimsmeistarann, Norðmanninn ógurlega Magnus Carlsen. Caruana er 25 ára gamall, fæddur árið 1992, og er því tveimur árum yngri en Carlsen. Hann var undrabarn í skák, líkt og Norðmaðurinn, og vann sig hratt og örugglega upp í hóp bestu skákmanna heims. Ólíkt Carlsen þá hefur Caruana átt erfitt með hrista aðra keppinauta af sér. Inni á milli hefur hann þó sýnt snilli sína svo um munar. Skemmst er að minnast sigur hans á Sinquefieldmótinu í Bandaríkjunum þar sem hann vann sjö fyrstu skákir sínar í mótinu, þar á meðal gegn Carlsen, og stakk aðra keppendur af. Sigur Caruana í því móti er talinn vera eitt mesta mótaafrek sögunnar. Það eru þó afrek síðasta mánaðar sem hafa skotið Caruana aftur fram í sviðsljósið svo um munar. Hér verða þau rakin.

Átta bestu bárust á banaspjót

Dagana 10.–28. mars fór Áskorendamótið fram í Berlín. Þar komu saman átta sterkustu skákmenn heims, að heimsmeistarannum undanskildum, til þess að berjast um réttinn til þess að skora á Magnus í einvígi um æðsta titilinn síðar á árinu. Auk Caruana voru keppendur fyrrverandi áskorandinn Sergey Karjakin frá Rússlandi, fyrrverandi heimsmeistari Vladimir Kramnik, Armeninn

Svipað ferðalag undrabarnanna

Fabiano Luigi Caruana fæddist í júlí 1992 og er því tæpum tveimur árum yngri en Magnus Carlsen sem er fæddur í nóvember 1990. Fabiano er fæddur í Miami-borg í Bandaríkjunum en foreldrar hans eru af ítölsku bergi brotnir. Fabiano ólst upp í Brooklyn-hverfi New York-borgar. Hann náði fljótlega eftirtektarverðum árangri og svo fór að foreldrar hans ákváðu að flytjast með hann til meginlands Evrópu þar sem mun meira af sterkum skákmótum eru haldin. Þá ákváðu þau að Fabiano myndi tefla undir ítölsku flaggi því þar var meiri stuðning að fá. Þessi fórn foreldra Fabiano er sambærileg ákvörðun foreldra Magnusar Carlsen um svipað leyti. Þau ákváðu að taka Magnus úr skóla eitt ár og ferðast um heiminn til þess að etja kappi við atvinnumenn í skák. Fabiano varð stórmeistari í skák 14 ára og 11 mánaða gamall. Hann tefldi fyrir Ítalíu til ársins 2015 þegar hann ákvað að tefla aftur fyrir Bandaríkin. Vonir standa til að væntanlegt einvígi hans við Magnus Carlsen muni skapa sannkallað skákæði í Bandaríkjunum. Það mun tíminn einn leiða í ljós.

ur Caruana mjög efins fyrir mótið enda hafði Bandaríkjamanninum, eins og áður segir, gengið bölvanalega að slíta sig frá öðrum hælbitum Carlsen. Þegar á reyndi í baráttunni um heimsmeistaratitilinn þá hafði hann klikkað og því var erfitt að vera kokhraustur Caruana-aðdáandi fyrir mótið.

Sögulegur sigur gegn Kramnik

Áskorendamótið fór vel af stað fyrir Caruana en hann sigraði landa sinn Wesley So, sem oft hefur reynt honum erfiður, í fyrstu umferð. Þrátt fyrir það var hann kirfilega í skugga Kramniks fyrstu umferðirnar. Rússinn reyndi tefldi einhverja glæsilegustu skák seinni

vinninga. Þar með var Fabiano Caruana orðinn fyrsti Bandaríkjamannurinn síðan Bobby Fischer var og hét til þess að vinna sér inn rétt til þess að tefla um heimsmeistaratitilinn í skák. Skáksamfélagið þar vestra fór á hliðina.

Örpreyttur á ofurmóti

Auðsýnt var að öllum heimsins áhyggjum var létt af Caruana við sigurinn. Hann hafði þó lítinn tíma til þess að fagna því næst á dagskrá var GRENKE-ofurmótið sem fram fór í Karlsruhe í Þýskalandi. Um var að ræða 10 manna mót þar sem allir keppendur tefldu við alla og meðal keppenda var heimsmeistari sjálfur,



Magnus Carlsen, sem hafði haft það náðugt í marsmánuði við að fylgjast með keppinautum sínum berast á banaspjótum.

Caruana sagði fyrir mótið að hann ætlaði bara að reyna að skemmta sér og njóta þess að tefla. Flestir bjuggust því við öruggum sigri Carlsen. Örlögin höguðu því þannig að kapparnir mættust í fyrstu umferð og var skákarinnar beðið með mikilli eftirvæntingu. Lengi vel leit út fyrir að Carlsen myndi hafa Caruana undir en sá bandaríski náði að halda jafntefli með herkjum.

Eftir það héldu Bandaríkjamanninum engin bönd og hann endaði með því að bera sigur úr bítum í mótinu með 6,5 vinninga af 9 mögulegum, heilum vinningi á undan Magnusi Carlsen. Úrslitin komu skáksamfélaginu gríðarlega á óvart enda nánast ómannlegt að vinna tvö gríðarlega sterk skákmót með svona skömmu millibili.

Það var auðheyrð á Caruana að hann trúði því varla sjálfur hvað hefði gerst. „Ég leiddi ekki einu

sinni hugann að því að vinna þetta mót. Þrátt fyrir kæruleysilega taflmennsku á köflum þá fékk ég tækifæri í skákuunum sem ég náði að nýta mér,“ sagði Caruana alsæll í viðtali eftir mótið. Hann sagðist hafa verið gjörsamlega orkulaus meðan á mótinu stóð. „Ég hafði ekki þrek til þess að undirbúa mig fyrir skákir heldur treysti á undirbúninginn fyrir Áskorendamótið og reyndi að hvílast vel fyrir skákirnar. Ég tefldi ekki sérstaklega vel en ég var fullur sjálfstrausts og það skipti máli,“ sagði Caruana og taldi sig hafa verið heppinn.

Úrslitin gefa góð fyrirheit fyrir heimsmeistaraeinvígið í nóvember þar sem margt bendir til að Caruana geti orðið raunveruleg ógn fyrir Magnus Carlsen. Reynsluleysi Caruana í einvígjum gæti þó vegið þungt í einvígi er ljóst að Bandaríkjamannurinn mun undirbúa sig gríðarlega vel og selja sig dýrt, þetta er hans stærsta tækifæri. ■

Íslenska kísilsteinefnið sem slegið hefur í gegn

Nýtt frá geoSilica



Kísill Íslenskt kísilsteinefni

Kísill er okkur lífsnauðsynlegur og hefur oft verið kallaður hið gleymda næringarefni. Hann er eitt algengasta steinefni jarðar og gegnir mikilvægu hlutverki í myndun og styrkingu bandvefs. Bandvefur getur t.d. verið beinvefur, sinar, liðbönd og húð. Kísilsteinefni geoSilica er unnið úr 100% náttúrulegum jarðhitakísli úr hreinu íslensku vatni og inniheldur því engin aukaefni.



Recover Fyrir vöðva og taugar

Kísilsteinefni styrkir allan bandvef líkamans t.d. brjósks, sinar og liðbönd. Þannig getur **geoSilica Recover** dregið úr tíðni meiðsla hjá íþróttafólki og þeim sem stunda reglulega hreyfingu. **geoSilica Recover** er magnesíumbætt, en magnesíum er lífsnauðsynlegt steinefni sem dregur úr þreytu, gefur aukna orku og styður við eðlilega starfsemi taugakerfisins.



Renew Fyrir húð, hár og neglur

Rannsóknir* sýna að kísill stuðlar að skilvirkari myndun kollagens í líkamanum. Þannig getur **geoSilica Renew** styrkt húðina og gert hana stinnari. **geoSilica Renew** getur einnig grynnað örhrökkur og lagað húðskemmdir af völdum of mikils sólarljóss. **geoSilica Renew** er sink- og koparbætt. Sink og kopar eru lífsnauðsynleg steinefni en rannsóknir* sýna að þau stuðla að styrkingu nagla og hárs auk þess að minnka hárlas og klofna enda.



Repair Fyrir bein og liði

geoSilica Repair getur aukið beinþéttni en rannsóknir* sýna að dagleg inntaka kísils getur dregið úr beinþynningu og jafnvel hægt á henni á byrjunarstigi, sérstaklega hjá konum. **geoSilica Repair** er manganbætt en það á ríkan þátt í að viðhalda eðlilegum beinvexti s.s. myndum brjósks og liðvökva og er nauðsynlegt heilbrigði tauga og ónæmiskerfis.

*<http://instituteofmineralresearch.org/mineral-elements>

**Fæst í öllum helstu apótekum, heilsuvöruverslunum,
Hagkaupum, Nettó, Fjarðarkaupum og vefverslun geoSilica.**

Nánari upplýsingar má finna á www.geosilica.is

geoSilica
ICELAND

Settu á fót allsherjarsöfnun vegna brunans í Miðhrauni:

Samfélagsmiðlar loga af gagnrýni

Eins og alkunnugt er varð gríðarlegt fjárhagslegt og tilfinningalegt tjón þegar eldur kom upp í Miðhrauni í Garðabæ í síðustu viku. Yfir 300 geymslur brunnu með eignum leigutaka þeirra og misstu sumir aleiguna á örskömmum tíma. Af náungakærleik einum saman ákváðu Kristjana Sveinsdóttir og Rannveig Tenchi að bregðast við og auglýstu á eigin Facebook-veggjum og í stórum hópum á Facebook, eins og Góða systir, allsherjarsöfnun fyrir fórnarlömb brunans.

Rannveig Tenchi



Kristjana Sveinsdóttir



Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Langri færslu sem þær deildu á Facebook segir meðal annars: „Söfnunin verður í gangi til 10. maí næstkomandi og um helgina verður opnaður Facebook-hópur fyrir velunnara hennar þar sem hægt verður að fylgjast með framgangi hennar. Við munum tilkynna vikulega hvernig söfnuninni fram vindur inni í þessum hóp þar til styrkirnir verða greiddir út til þeirra fjölskyldna og einstaklinga sem misstu sínar eitur í brunanum. Höfum við nú þegar leitað til forsvarsmanna Geymslur.is til þess að fá nauðsynleg gögn yfir þessa aðila svo við getum skipt upphæðinni á milli þeirra á sanngjarnan hátt.“

Kristjana segir: „Ég var búin að fylgjast með málinu í fréttum og mig tók þetta sárt fyrir hönd þeirra sem misstu búslóðir þarna. Við þekkjum það eftir hrun hvernig er að vera eignalaus eða íbúðarlaus, ég fór sjálf illa út úr hruninu á sínum tíma. Ég veit til þess að einstaklingar sem áttu búslóðir þarna voru með þær í geymslu, af því að þeir eru á hrakhólum með húsnæði. Svo heyrði ég að ein vinkona mín hefði misst búslóðina í brunanum. Ég sá líka fréttina um einstæðu móðurina í DV og fann til með henni, enda einstæð móðir sjálf. Ég skildi ekki af hverju engin söfnun var farin af stað.“ Kristjana ákvað því að setja sjálf söfnun af stað, fékk Rannveigu í lið með sér og stofnaði söfnunarreikning.

Söfnun sætir gagnrýni á samfélagsmiðlum

Vægt til orða tekið fékk þessi hugmynd þeirra mjög misjöfn viðbrögð meðal notenda samfélagsmiðla. Meðan nokkrir dásömuðu framtakið og náungakærleikann voru fleiri sem settu spurningarmerki við söfnunina, eins og til dæmis hvernig þær hygðust deila söfnunarfénu á réttlátan hátt. Geymslur.is hefðu heldur enga heimild til að láta af hendi lista um leigjendur geymslna hjá þeim og engin leið væri að færa sönnur á verðmæti í hverri geymslu fyrir sig, sumir hafi verið þar með mikil verðmæti, á meðan aðrir hafi jafnvel geymt þar gamlar tuskur, ef svo má segja.

Aðrir gerðu grín að því að upphæðir mættu vera frá 1.000 krónum. „Þannig að ef maður getur bara sett 500 kr. þá má maður ekki vera með?“ skrifar einn netverji.

„Ég leigði geymslu þarna og missti margt. Er mjög hissa á fram-

Við vonumst auðvitað innilega til þess að allir leggist á eitt og styrki málefnið! Við biðjum ykkur nú kærnu vinir um að deila þessum pósti áfram og hvetja alla í kringum ykkur til þess að leggja lóð sín á vogarskálarnar og millifæra á þennan söfnunarreikning í Landsbanka Íslands. Öll upphæðin sem safnast saman mun renna óskipt til þeirra sem urðu fyrir þessu áfalli.

Upphæðirnar mega vera allt frá 1000 kr.- og upp úr því margt smátt gerir eitt stórt!

Vinsamlegast leggið inn á þennan reikning 0101-05-010074 kt: 201075-2979 MUNA að DEILA út um allt Takk, Takk og aftur Takk ❤️

Kristjana Björg Sveinsdóttir & Rannveig Ernudóttir



kvæmd þessarar söfnunar. Vilja þau ekki fá mynd af okkur grátandi líka til að sanna það að við misstum eitthvað í þessum bruna?? Svo að hafa samband við Geymslur til að fá afhentar persónuupplýsingar fyllir alveg mælinn. Fallega hugsað en algjörlega vanhugsað, skrifar annar.

„Fólkið er í neyð núna“

„Ég verð að viðurkenna að ég er mjög svekkt yfir viðbrögðunum og athugasemdum um að fólkið muni jafnvel fá skaðabætur seinna. Fólkið er í neyð núna, er ekki frábært að þau fái skaðabætur seinna?“ segir Kristjana. „Ef maður getur hjálpað með einhverjum hundrað þúsund köllum núna þá getur það skipt sköpum fyrir fjölskyldufólk.“

Eftir mikla gagnrýni og athugasemdir var færslan fjarlægð úr hópnum Góða systir, þar sem eru 50.606 meðlimir eða um 1/7 íslensku þjóðarinnar. „Ég dró mig úr þeim hópi, mér finnst leitt að sjá svona neikvæðar raddir þegar maður er að reyna að hjálpa. Ég hélt að við Íslendingar værum með meiri samkennd, þetta er ekki mannskaði en gifurlegt áfall fyrir þá sem eiga í hlut. Ég spyr mig hvar er samkenndin hjá Íslendingum þegar svona gerist?“ segir Kristjana.

„Það er meira að segja varla að fólk nenni að deila færslunni

okkar. Mér finnst ekki rétt að safna bara fyrir einn einstakling. Það er fjöldi fólks sem missti búslóðina sína þarna og mér finnst við þurfa að hjálpa öllum sem þurfa. Þó að þetta séu veraldlegir hlutir þá tengjumst við þeim, ég á til dæmis kaffibolla heima sem amma mín átti og ef hann myndi brotna þá væri ég líklega mánuð að jafna mig. Við elskum hlutina okkar.“

Markmið söfnunarinnar skilgreind og Facebook-hópur stofnaður

Þrátt fyrir gagnrýni halda Kristjana og Rannveig samt ótraudar áfram og hafa stofnað Facebook-hóp og skilgreint þar markmið söfnunarinnar. Aðspurð um hvernig söfnunarfé yrdi ráðstafað svarar Kristjana því til að fólk yrði beðið um að koma með staðfestingu á leigusamningi við Geymslur.is og skriflega staðfestingu frá ættingjum og vinum um að þar hefði verið búslóð. „Við viljum að fólk gefi sig fram við okkur með þessu gögn. Þetta er ekki formleg staðfesting, svo þarf maður bara að treysta, það er alltaf hægt að svindla á öllu.“

Lítið hefur safnast enn sem komið er. „Kannski vill fólk sjá betur hvernig við skilgreinum söfnunina og vonandi kemur meira þegar við deilum hópnum. Við ætlum allavega að gefa þessu mánuð og vonum að söfnunin fari

Kristjana Sveinsdóttir is feeling hopeful with Rannveig Tenchi.
April 10 at 4:55pm · Reykjavík · 🌐

Í ljósi þess gríðarlega tjóns sem fjölmargar fjölskyldur og einstaklingar urðu fyrir vegna eldsvoðans í Miðhrauni í Garðabænum í síðustu viku, höfum við ákveðið að setja í gang fjársöfnun til að styrkja þá, sem áttu eitur sínar í geymslunum hjá Geymslur.is. Mörg þeirra standa nú uppi algerlega allslaus og eru aftur komin á byrjunarreit við að búa sínum fjölskyldum íbúðarhæf heimili.

Það er ljóst að yfir 300 geymslur brunnu til kaldra kola og ekki fást nema 15% bætt af hverju tjóni. Sumir fá jafnvel engar bætur en öruggt er að mjög margir hafa orðið fyrir verulegum fjárhagslegum skaða.

Ákveðið tjón verður þó aldrei hægt að bæta en það er tilfinningalegs eðlis, ljósmyndir, erfðagripir, verk barnanna, listaverk, hljóðfæri, ýmis söfn o.s.frv. Við Íslendingar erum rúmlega 300 þúsund og ættum öll að geta lagt hönd á plóginn og aðstoðað þessar fjölskyldur við að koma undir sig fótunum á ný. Allt er hægt ef viljinn er fyrir hendi!

Þrátt fyrir að allir séu vitaskuld þakklátir að engan sakaði í brunanum og að einungis um veraldlega hluti hafi verið að ræða, er það engu að síður svo að aldrei verður hægt að bæta fyrir minningar og tilfinningar tengdum þeim hlutum sem við höfum í kringum okkur á heimilum okkar og í nánasta umhverfi. Við vitum öll hversu dýrt það er að lifa og búa á Íslandi og svona fjárhagslegt skipbrot getur haft mjög mikla erfiðleika í för með sér.

Flest okkar hafa tengsl á einn eða annan hátt þegar svona áföll verða. Við eigum vini og/eða fjölskyldur sem misstu allar sínar búslóðir eða eitur sínar og önnur okkar hefur einnig reynslu af því að hafa farið í gegnum missi vegna bruna. Hugur okkar er því hjá fólkinu sem varð fyrir þessu áfalli og við vonum því innilega að allir sem vettlingi geta valdið séu tilbúnir að sýna samkennd sína í verki með þessum fjölskyldum og einstaklingum og hvetjum alla til þess að leggja sitt af mörkum við að bæta há fjárhagsleg tjón sem ekki fást bætt útúr tryggingunum.

Söfnunin verður í gangi til 10. maí næstkomandi og um helgina verður opnaður Facebook hópur fyrir velunnara hennar þar sem hægt verður að fylgjast með framgangi hennar. Við munum tilkynna vikulega hvernig söfnuninni framvindur inni í þessum hóp þar til styrkirnir verða greiddir út til þeirra fjölskyldna og einstaklinga sem misstu sínar eitur í brunanum. Höfum við nú þegar leitað til forsvarsmanna „Geymslur.is“ til þess að fá nauðsynleg gögn yfir þessa aðila svo við getum skipt upphæðinni á milli þeirra á sanngjarnan hátt.

á flug. Við erum að vanda til verka að halda vel utan um söfnunina og hafa allt uppi á borðum,“ segir Kristjana, en þær hafa ekki staðið að slíkri söfnun áður. „Ef ekkert kemur út úr söfnuninni, þá getum við allavega sagt að við höfum reynt.“

Við megum ekki gera upp á milli fólks og við verðum að treysta því að þeir sem gefi sig fram þurfi á aðstoð að halda. Við höfum ekki leyfi til að spila einhverja félagsmálafulltrúa.


Ég vonast til að þegar við postum hópnum þá fáum við fleiri í lið með okkur. Það er leiðinlegt fyrir fólkið að Íslendingar taki ekki

betur í slíka söfnun. En ef einhver vill taka hana yfir fyrir okkar hönd þá er það í góðu lagi, ég vil bara sjá að það sé eitthvað gert fyrir þetta fólk.“

Ljóst er að þó að slokknað sé í glæðum brunans í Miðhrauni, þá logar enn glatt í athugasemdakerfum samfélagsmiðlanna yfir þessu máli og ekki eru öll kurl komin til grafar um hvort og að hve miklu leyti fólk muni fá eitur sínar bættar.

Fyrir þá sem vilja leggja söfnun Kristjönu og Rannveigar lið þá er reikningsnúmerið 0101-05-010074 og kennitala 201075-2979. ■

VEISTU SVARIÐ?



Lausnarorð:

9 35 30 16 2 7 12 22 27 10 14

--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--

Lárétt

- 1 Þjóðsöngur Íslands (9)
- 5 Eftirnafn Júlíu, sem var svo ástfangin af Rómeó (7)
- 7 Sonny Crockett leysti glæpamála í þessari borg (5)
- 9 Hann vildi ekki láta benda á sig og sagðist hafa verið að æfa lögreglukórinn (12)
- 15 Gælunafn þess sem steig annar manna á tunglið (4)
- 16 Ævintýraland sem fannst inni í fataskáp (6)
- 18 Notað til að setja saman spliff og gengjur (4)
- 20 Árinna kennir ræðari (5)
- 21 Hljómsveit og Mósebók (7)
- 22 Gælunafn Guðmundar Ólafssonar, hagfræðings og samfélagsrýnis (5)
- 23 Ragnheiður biskupsdóttir brókar var með ... (4)
- 26 Borgarhverfi og Beckham-barn (8)
- 27 Hangandi skraut og íslensk kvikmynd (4)
- 28 Frægasti dýralæknirinn (9)
- 31 Hormón sem myndast í brisi (8)
- 32 Hún vann Júrúvísjón með eins stigs mun (6,4)
- 34 Drykkur sem pabbi saup á meðan mamma beyglaði munninn (8)
- 35 Barkakýli karlanna (9)

Lóðrétt

- 2 Karlmannsnafn og gamalt íslenskt tímarit (6)
- 3 Kvendýr selsins (4)
- 4 Strengjahljóðfæri skylt gítar (5)
- 6 Starfsheiti Travis Bickle (14)
- 8 Gamla frænkan sem við herfum eftir þegar hún gengur niður á torg (8)
- 10 Gömul hljómsveit og uppeldisbær Jesúsar (8)
- 11 Blanda af drykkjum og afturhluti háværs karlfugls (8)
- 12 Höfuðbúnaður sem er vinsælt að nota í tennis (9)
- 13 Hún hét Bruce alveg fram í september 2015 (7)
- 14 Stuðningsmaður Alþýðubandalagsins (9)
- 17 Fyrsti Íslendingurinn til að kaupa sér einkanúmer á bifreið (4,7)
- 19 Risa-górilluapi sem er veikur fyrir ljóskum (4,4)
- 24 Stinni Stuð færi heljarstökk afturábak á litlu bretti fyrir þetta (8)
- 25 Nánasti núlifandi ættingi okkar (8)
- 29 Þekktasta plata Jeff Buckley (5)
- 30 Hárgreiðsla (4)
- 33 Með laginu Lucy in the sky with diamonds voru Bítarnir taldir vera að vísa til þessa eitulyfs (3)

Myndagáta

Spurt er um íslenska kvikmynd



VINNINGAR

Tveir bíómiðar í Sambíóin fyrir hvora gátu

Vinningshafar síðustu viku:


Veistu svarið
Ástrós Halla Harðardóttir
Lausnarorð: Rasskinnar

Myndagáta
Höskuldur Höskuldsson
Lausnarorð: Svartur á leik



Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is

Helgarkrossgátan



→	borg	fæða	krafsar
sef			
díngla			
hrjáir			
	umfram	frjálsa	

krossgátugerð: Bjarni sími: 845 2510	↓	mjúkar	Teikning: Halldór Andri eftirprentun bónnuð	stelpu- hnökki	bófanum	4 eins	fisk		
fuglín			3				tortryggir greinir	7	
	↓	9	efni innan					sáðlöndin	keng
snurðuna								tré hann	
flónið							hró túttu		
þá			alltaf	númer	4	kaun			kexið
			stíf fíklar					hagnað	
fugl						tæmda maður			kámuft
hest			kvæði 2 eins		1		þoka skriðdýr		
svara					húð		drykkur	6	glens
vafstur				ástandið sneiddi					
áverki			pompaði flautan		2			náð	kjökur
		magnar					öskur væl		skitugt
fuglín					nærast		grun hermenn- ina		
	grufl	mann þegar						veisla álitin	
arfberi				eyðing	álasa	8	númer		
2 eins			slurk lítlaus				5		elska
		kjötstappa þoka					gjóta garg		stefna
hryssa					hljóminn				
reglu- drengur						búsáhalð			

1	2	3	4	5	6	7	8	9
---	---	---	---	---	---	---	---	---

Sudoku

Auðveld

1	8		2	3		6		
2	6	9	4			1		
		7	1		6		8	
8					2		7	
9		3		5		8		1
5				1	9	3		
6		4						
				7				9
	9				3	2		

Erfið

	9			1		2		
		3	8			7		4
			7	9		5		
								3
	4		3				7	
			9		8	1		
9				6	2			8
4	7					6		
6	1							

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.
 Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið **krossgata@dv.is**



FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...


Sigurður Scholten

Vattarási 9

210 Garðabæ

Lausnarorðið var **MARGMENNI**

Sigurður hlýtur að launum bókina Það sem að baki býr



Verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins eru bókin Konan í glugganum

Höfundur: A.J. Finn

Hvað sá konan í glugganum?

Sálfræðingurinn Anna Fox hefur ekki stigið út undir bert loft í tíu langa mánuði; hún ráfar um stóra húsið sitt eins og vofa, týnd í minningum sínum og bokkalega góðu rauðvíni. Sambandinu við heiminn fyrir utan heldur hún með því að fylgjast með nágrönnum sínum út um gluggana, og þegar Russell-fjölskyldan flytur í húsið handan garðsins heillast hún undireins. Þau eru eins og spegilmynd af fjölskyldunni sem hún átti.

Eitt kvöldið rýfur óhugnanlegt óp kyrrðina og Anna verður vitni að atviki sem enginn átti að sjá. En sá hún það í raun og veru? Og mun einhver trúna henni?

Konan í glugganum er fyrsta skáldsaga A.J. Finn en á bak við það nafn dylst bandaríski bókaútgafandinn og ritstjórninn Dan Mallory. Áður en sagan kom út á frummálinu hafði hún selst til nærri fjörutíu landa og kvikmynd er í undirbúningi.

Friðrika Benónýsdóttir þýddi.

2018 árgerðir Hobby húsbílar og hjólhýsi



Hjólhýsi frá 2.800.000 kr. og nýir húsbílar frá 7.900.000 kr.



Hef til afgreiðslu Hobby 2018 árgerð

Mikið af aukabúnaði, meiri burðar-getu, Sjónvarpsfestingu, gólfhita, Rúmbreytingu, Rafgeymakerfi, einnig Markisur, uppblásin fortjöld, Alde, sólarcellur og fleira í boði.

- 495UL Excellent - 3.580.000 kr.
- 495UL Premium - 3.990.000 kr.
- 540UL Excellent - 3.970.000 kr.
- 540UFe Excellent - 3.990.000 kr.
- 560UL PREMIUM - 4.380.000 kr.
- 770CL Landhús - 5.660.000 kr.

Fleiri gerðir einnig.

Mitsubishi Outlander PHEV 2.0 Plug-In Hybrit 4x4

Til afhendingar í febrúar 2018.

INTENSE PLÚS - Verð 4.200.000 kr.

Sjálfsk. 360gráðu myndavél, 18" álfelgur, 50/50 leður, Lyklalaust aðgengi, Upphitað Leðurklætt aðgerðastýri, Hiti í sætum, App tenging til að forhita bíl og stýra hleðslu, Samlitir, aðfellanlegir rafstillanlegir og upphitaðir hliðarspeglar, Útvarp með snertiskjá.

Tilboð

Dráttarkúla og 4 vetrardekk á 17" álfelgum kr. 200.000



f B1 innflutningur bíla og hjólhýsa / boas@b1.is / Miðvangur 1-3, Egilsstöðum / Upplýsingar gefur Bóas Eðvaldsson í síma 777 5007

„Einu íslensku framleiðendur á axlaböndum síðan 1942“

Sími: 5516659
Staðsetning: Síðumúla 33
108 Reykjavík

„verð frá 4.900.- og sendum um allt land“



SÍÐAN 1937

LEÐURVERKSTÆÐIÐ
REYKJAVÍK

eyjan.is

ORÐIÐ Á GÖTUNNI



Orðið á götunni er að ekki hafi öllum af þeim 14 framboðum sem ætla sér að bjóða fram í Reykjavík í næstu borgarstjórnarkosningum, verið boðið á málþing sem Íbúasamtök Miðborgar Reykjavíkur standa fyrir á laugardaginn í Spennustöðinni, hvar spurningum íbúa verður svarað. Alls tíu flokkar hafa boðað komu fulltrúa síns flokks á málþingið, en hvergi bólar á fulltrúum Sósíalístaflokksins, Kvænnaframbóðsins, Íslensku Þjóðfylkingarinnar og Frelsisflokksins. Fundarstjóra málþingsins, Helga Seljan, fréttamanni á RÚV, er þó vorkunn, enda vart hægt að hafa undan við að fylgjast með tilurð nýrra framboða, sem spretta upp eins og gorkúlur þessi dægrin.

Orðið á götunni er að hinu nýja femíníska kvænnaframbóði verði hins vegar ekki boðið, þar sem engin hefur viljað bera ábyrgð á því, en Sóley Tómasdóttir sór það af sér í færslu á Facebook og mátti ráða af orðum hennar að nafnleysi framboðsins væri með ráðum gert, hin breiða kvænnafylking myndi stíga fram og kynna sig þegar það hentaði þeim.



Dularfullar fjárfestingar Dana í Sómalíu – Hvað fá þeir í staðinn?

Hvað er sameiginlegt með landamæraeftirliti í fimm flugstöðvum í Nígeríu og nýbyggingu sómalíska innflytjendaeftirlitsins í Mogadishu? Við fyrstu sýn er ekki að sjá að eitthvað sé sameiginlegt en þegar djúpt er kafað ofan í mál-ið kemur í ljós að hvort tveggja er fjármagnað með peningum danskra skattgreiðenda. Dönsk stjórnvöld settu margar milljónir danskra króna í bæði verkefni- in á síðasta ári og nýttu peninga, sem voru eyrnamerkir þróunar- aðstoð, í verkefni. Þetta er liður í nýrri aðferðafræði sem gengur út á að fá eitthvað í staðinn fyrir peninga í þessi verkefni fá Dan- ir að senda flóttamenn aftur til Nígeríu og Sómalíu. Þetta kemur fram í skjölum sem Jótlandspósturinn fékk nýlega aðgang að.

Nicolai Ruge tók í ágúst í fyrra við embætti fyrsta sendiherra Dana sem hefur það eitt að markmiði að vinna að heimsendingu flóttamanna frá Danmörku. Með embættinu fylgja 50 milljónir danskra króna sem á að nota til að setja í ákveðin verkefni í staðinn fyrir samninga við önnur ríki um að þau taki aftur við flóttamönnum sem hafa fengið höfnun á hælissókn í Danmörku.

Utanríkisráðuneytið segir að þessi aðferðafræði hafi haft í för með sér að tekist hafi að fjölga heimsendingum til sex ríkja í Asíu, Afríku og Mið-Austurlöndum en hvaða lönd er um að ræða fæst ekki uppgefið. Það er þó vit- að að peningunum var veitt í átta verkefni, meðal annars í Nígeríu, Sómalíu, Marokkó og Afganistan. Á þessu ári eru 75 milljónir danskra króna til ráðstöfunar í málaflokknum.

Jótlandspósturinn hefur eftir Ullu Törnæs, ráðherra þróunarmála, að árangurinn af verkefni- nu hafi verið góður á fyrstu sex



Roda Ahmed er frá Sómalíu en býr nú í Danmörku.



Ulla Törnæs ráðherra þróunarmála.

mánuðum þess og að hún sé ánægð með að samningar hafi náðst við sex ríki. Hún sagði að samningar hafi náðst við Nígeríu, Eþíópíu og Afganistan.

Stefnumál ríkisstjórnarinnar

Verkefnið er eitt af stefnumálum ríkisstjórnarinnar sem setti sér það markmið að hraða

heimsendingum hælisleitenda og brotamanna sem hefur verið vísað úr landi. Það getur reynst þrautin þyngri að vísa fólki úr landi ef sá sem á að vísa brott vill ekki fara og Danmörk er ekki með samning við heimaríki viðkomandi um að taka við fólki sem er flutt nauðugt til síns heima.

Danskir fjölmiðlar hafa í vetur fjallað um flóttamenn og hælisleitendur sem sitja í raun fastir í Danmörku af því að þeir vilja ekki fara heim og enginn samningur er við heimaríki þeirra um móttöku þeirra sem ekki vilja fara sjálfviljugir. Á undanförmum árum hefur færst í aukana að ekki sé hægt að senda fólk heim vegna þessarar stöðu. Það er því áfram í Danmörku í óþökk Dana en þeir geta ekki annað en umborið dvöl fólksins því enginn vill taka við því. Flestir þeir sem eru í þessum hópi eru frá Íran og Írak.

Fólkinu er komið fyrir í sérstökum heimsendingarmiðstöðvum og getur þurft að dúsa þar árum saman. Margir taka til þess bragðs að láta sig hverfa og nú er staðan sú að dönsk yfirvöld hafa ekki hugmynd um hvar hluti

þess hóps, sem hefur verið synjað um hæli og dvalarleyfi, heldur sig. Fólkið er hugsanlega í felum í Danmörku eða hefur yfirgefið landið og leitað á önnur mið.

Mest fer til Sómalíu

Sómalía er það ríki sem fær einna mest af þeim peningum sem Danir verja í þessa nýju stefnu sína en svo vill til að Danir stefna á að senda mörg hundruð Sómalía heim á næstu árum. 10 milljónum danskra króna var veitt til byggingar nýrra höfuðstöðva innflytjendaeftirlitsins í Mogadishu og 400.000 krónum hefur verið lofað í sameiginlegt verkefni um móttöku og skráningu þeirra sem snúa sjálfviljugir heim.

Danska útlendingaeftirlitið er nú að fara yfir mál um 1.200 sómalíska hælisleitenda og fjölskyldna þeirra og hvort afturkalla eigi dvalarleyfi þeirra í Danmörku í ljósi betri aðstæðna í Sómalíu. Frá ársbyrjun 2017 hafa dvalarleyfi 427 sómalíska flóttamanna og 347 fjölskyldumeðlima þeirra verið afturkölluð eða framlengingu hafnað. Stór hluti þessara mála bíður nú afgreiðslu áfrýjunarnefndar.

Í mars 2017 sagði dagblaðið Politiken að dönsk stjórnvöld hefðu gert munnlegan samning við þáverandi ríkisstjórn Sómalíu um að árlega megi senda 12 hælisleitendur nauðuga viljuga heim. Þetta þýðir að mörg hundruð Sómalía eiga á hættu að verða fluttir í heimsendingarmiðstöðvar þar sem þeir munu jafnvel bíða árum saman eftir að verða sendir heim.

Það virðist því sem sú aðferðafræði Dana að láta eitthvað af hendi í staðinn fyrir að fá að senda flóttamenn heim aftur sé að virka og liðka fyrir heimsendingum flóttamanna. ■

Kæru lesendur. Eins og glögg má sjá hafa vefir Frjálsrar fjölmiðlunar tekið miklum útlitsbreytingum að undanfögnu í því augnamiði að bæta þjónustu okkar við lesendur. Af því tilefni kynnum við til sögunar nýjan Eyjupenna, Vigdís Hauksdóttur, sem hefur sjaldan verið þekkt fyrir að liggja á skoðunum sínum, en hún er oddviti Miðflokksins í Reykjavík.



Við lærum fyrir lífið

Reykjavík sem höfuðborg á að vera leiðandi í rekstri grunn- og leikskóla og setja ríkar kröfur um gæði þeirra skóla sem sveitarfélagið á og rekur. Fyrir leikmann eins og mig sem á ekki lengur börn í skólum borgarinnar þá er umræðan mjög vandamálahlaðin og er það miður. Við treystum leik- og grunnskólakennurum fyrir börnunum okkar lungann úr deginum og það er óásættanlegt ef slæmur andi er innan veggja skólanna. Það getur ekki heldur verið gott fyrir starfsandann að standa í kjarabaráttu árum saman. Kulnun í starfi er mjög algeng hjá þessum fjölmennu kvennastéttum og það eitt og sér er rannsóknarefni. Nú bætist ofan á allt að húsnæði einhverra skóla er orðið heilsuspillandi vegna raka og myglu. Borgin hefur sparað sér til tjóns í viðhaldi á skólabyggingum í þessu góðæri sem gengið hefur yfir borgarsjóð.

Hlúum að snillingum

Miðflokkurinn ætlar að setja nemandann í fyrsta sæti, veita þeim sem þurfa, einstaklingsmiðað nám og efla úrræði fyrir ungt fólk með sérþarfir. Þarna erum við ekki síður að beina sjónum okkar að þeim börnum sem þurfa mjög krefjandi verkefni og leiðist í skólanum af þeim sökum að náms-efnið er of létt, frekar en þeim sem þurfa mikinn stuðning. Ísland er þekkt fyrir snjalla frumkvöðla og það verður að hlúa að snillingunum strax í æsku. Fegurðin í einstaklingsmiðuðu námi fyrir báða hópa er að oft finnast mestu snillingarnir og frumkvöðlarnir í



þeim sem illa ná að fóta sig í þeim fögum sem eru hefðbundin samkvæmt stundaskrá.

Gjaldfrjáls grunnskóli

Hér á eftir fer stefna Miðflokksins í Reykjavík í skólamálu. Miðflokkurinn ætlar að auka á sjálfstæði grunnskólanna og draga úr mið-

hafa gjaldfrjálsa grunnskóla hvað varðar námsgögn. Hádegismatur í skólum verður einnig gjaldfrjálst fyrir börn 6–12 ára. Til að fyrirbyggja sóun á útsvarstekjum þá verða námsgögn boðin út fyrir alla skólana í einu til að ná bestun í innkaupum. Við fullyrðum að hægt er að ná hagstæðari innkaupum í mótuneytum borgarinnar eins og kom í ljós í tilraunaverkefni sem farið var í í Grafarvogi og hlaut nýsköpunarverðlaun 2014. Kostnaður sem borgin ber við að hafa gjaldfrjálsan mat í grunnskólum fyrir þennan aldur er rúmur milljarður á ári.

Við lærum ekki fyrir skólann, við lærum fyrir lífið

Margir hafa rætt það að innleiðing skóla án aðgreiningar hafi mistekist. Við ætlum ekki að kveða svo fast að orði en eitt er víst að fara verður ofan í saumana á skólastarfi í borginni því öll erum við samála um að árangurinn í skólastarfi er algjörlega óásættanlegur miðað við samburð við aðrar þjóðir. Við ætlum að gera skólastjórnendur ábyrga fyrir að leysa úr eineltismálum í skólum borgarinnar og á þeim málum verður að taka af mikilli festu. Ljót eineltismál hafa líka komið upp síðustu ár á milli kennara og nemenda þar sem hagur nemandans hefur verið fyrir borð borinn. Við gerum þá kröfu til skólastarfs að nemandinn sé ávallt í fyrsta sæti því samkvæmt lögum hefur hann skólaskyldu.

Við lærum ekki fyrir skólann, við lærum fyrir lífið.

Vigdís Hauksdóttir

Silfur Egils í vikunni

Furða á kvennaframboði

Skiljanlega eru borgarmálin mikið í deiglu enda nálgast kosningar óðfluga. Egill telur að kosningarnar verði skrautlegar í ljósi fjölda framboða en nú þegar hafa 14 flokkar tilkynnt framboð sitt. „Það verður stuð í fjölmiðlunum þegar allt þetta fólk fer að takast á um fylgið.“ Allar líkur eru á að konur verði í miklum meirihluta í borgarstjórn, 15 á móti 8 körlum miðað við nýjustu kannanir og konur eru nú þegar í meirihluta fulltrúa. Egill taldi því athyglisvert að nýtt kvennaframboð væri að koma fram. „Það hljóta nefnilega að vera málefni og mál-efnaágreiningur sem ráða för fremur en óánægja með hlutfall kvenna í borgarstjórninni.“

Rapp og ofbeldi

Egill velti fyrir sér áhrifum svokallaðrar „drill“-tónlistar í Bretlandi og hvort hún magnaði upp þá ofbeldishrinu sem gengur yfir Lundúnaborg. Bendir hann á að morðtíðni hafi aukist mikið í borginni, aðallega vegna hnífaárása, og sé nú orðin hærri en í New York. Vitnar Egill í tónlistarritstjóra The Guardian sem kom með þá kenningu að drill-tónlist, þar sem textarnir fjalla oft um ofbeldi og hrottaskap, hvetji til gengjameningar og sé beinlínis hættuleg. Flestir í athugasemdum virtust ósamála þessari greiningu líkt og þegar Egill beintengdi ofbeldisverk og tölvuleiki á sínum tíma.

Hörundsár Dagur og svikinn Eypór

Það er að hitna verulega í kolunum milli oddvitanna í borginni og baráttan að verða persónulegri. Dagur kvartaði yfir framsetningu Fréttablaðsins á skoðanakönnun en þar var því slegið upp að yfir 40 prósent borgarbúa væru óánægð með hann. Egill bendir á að Fréttablaðið sé „geysilega áhrifamikill fjölmiðill“ sem borinn sé ókeypis í hvert hús. Hafi stuðningsmenn meirihlutans áhyggjur af því að Hildur Björnsdóttir, framboðandi Sjálfstæðisflokksins, sé tengdadóttir ritstjórans. Þá nefnir Egill einnig fund Eypórs Arnalds og Dóru Bjartar Guðjónsdóttur um mögulegt samstarf Sjálfstæðisflokksins og Pírata sem Píratar voru fljótir að skjóta niður. Birtist þar mynd af Eypóri með „rýting í baki“.



Heyrst hefur...

Áð eitt af heitustu þörum bæjarins, **Ellý Ármanns**, fréttar-, spá- og sjálfsköpuð listakona, og **Hlynur Jakobsson**, plötusnúður og einn af eigendum Hornsins, hafi tekið næsta skref í sambandi sínu. Þau keyptu forlata ruslatunnu í Costco. Systir Hlyns bað um að DV yrði látið vita, sem að sjálfsgöðu deilir þessu þarfa, en oft misskilda skrefi, í hverju sambandi áfram. Munum að flokka!




Áð starfsmannafélag Fjármálaeftirlitsins hélt röð örfyrirlestra, sem haldnir voru af starfsmönnum, í hádeginu alla síðustu viku í tilefni ársráttar fyrirtækisins. Hugmyndin að baki fyrirlestraröðinni var að fræðast en jafnframt að gefa starfsmönnum tækifæri til að deila alls konar sögum um bakgrunn, reynslu og fleiri leynda hæfileika og áhugamál. Víða var komið við í fyrirlestrunum, enda fólk með ýmsan bakgrunn sem starfar hjá FME: Förðun og Smink - Skyggingar (contour), Listin að baka úr súrdeigi, Að alast upp í Mið-Austurlöndum, Reynslusaga frá Ólympíuleikunum, Ræðumenska og framkoma í ræðustól, Reynsla mín sem fangavörður og svo að sjálfsgöðu Hver vinnur Eurovision 2018?

Árshátíðin var síðan haldin síðastliðinn laugardag í sal Ferðafélagsins í Mörkinni og mættu starfsmenn glæsilegir til fara, enda búinir að læra allt um „contour“ í vikunni, og skemmtu sér konunglega meðal annars við tóna eldri Eurovision-laga í meðförum Ingós veðurguðs og féлага.

Áð nýjasta bók glæpasagnahöfundarins **Stefáns Mána** fáist ekki keypt, né heldur verði hún aðgengileg fyrir einstaklinga eldri en 16 ára. Bókin Náttfírdildi er gefin út af Menntamálastofnun og um er að ræða glæpasögu/morðgátu sem Stefán Máni skrifaði sérstaklega fyrir stofnunina og er ætluð börnum og unglíngum á miðstigi grunnskóla. Foreldrar barna á grunnskólaaldri verða því að hvetja börnin til að fara á safnið, fá bókina að láni og lesa hana eftir að þau eru sofnuð. Við hin sem eigum ekki börn á grunnskólaaldri verðum líklega að hringja í vin!



Áð **Margrét Friðriksdóttir** hafi tekið sumarhreiðinguna snemma og auglýsi nú hina ýmsu muni í hinum frábæra hóp Brask og brall á Facebook, þar sem eins og nafnið gefur til kynna má braska með alls konar. Á meðal þess sem Margrét leitast við að losa sig við er útskorið Victorian-borðstofuborð og 4-6 stólar í stíl en settið var flutt inn frá Ítalíu á sínum tíma og antik staup, sem eingöngu hafa verið notuð til skrauts. Kannski þau eignist nýjan eiganda sem notar settið til drykkjar.



Áð hjartaknúsarinn og sex barna faðirinn **Brad Pitt** hafi fundið ástina á ný í örmum prófessorsins **Neri Oxman**, sem kennir við MIT-háskólann í Massachusetts. Þau hafa verið að hittast síðan í nóvember í fyrra og hefur margoft sést til Pitt koma í íbúð hennar að kvöldlagi og yfirgefa hana að morgni eftir að Oxman er farin af stað til kennslu. Pitt er meira að segja kominn með eigin lykíl, mikilvægt sambandsskref!

Pitt, sem er 54 ára, hefur verið einhleypur síðan hann skildi við Angelínu Jolie í september árið 2016. Nýja kærastan eldar ekki og hefur Pitt séð um þá deild í sambandinu eða séð um að panta uppáhaldsrétti hennar frá nærliggjandi veitingastöðum. Þau hafa einnig ferðast saman og í febrúar fylgdi Pitt henni á ráðstefnu í Suður-Afríku þar sem Oxman var einn fyrirlesara.

Samkvæmt heimildum heilluðu þau hvort annað upp úr skónum strax við fyrstu kynni og Oxman sem var þá í sambandi með öðrum manni „dömpaði“ honum um án tafa fyrir Pitt.



Áð hjónin **Sigmar Vilhjálmsson**, einn eigenda Hamborgarafabrickunar, og **Bryndís Björg Einarsdóttir** séu skilin eftir 20 ára samband, en þau búa nú hvort á sínum staðnum í Mosfellsbæ. Á sama tíma fagnar „barn“ Sigmars og féлага, Fabrikkan, átta ára afmæli sínu.

FÓR ÚT AÐ SKOKKA OG MISSTI BOTNLANGANN

Fjölmíðlakonan góðkunnna Kolbrún Björnsdóttir mun líklega halda sig heima þann 9. apríl á næsta ári. Kolbrún slasaðist illa í hjólaslysi 9. apríl 2016 sem setti tilveruna á hvolf. Kolbrún var staðráðin í að njóta 9. apríl með vinkonum sínum en í stað þess að hjóla var ákveðið að skokka og fara í sjósund á eftir. Kolbrún sagði á Facebook: „Þið vitið, búa til jákvæðar og góðar minningar á þessum degi.“

Það fór ekki betur en svo að Kolbrún fékk botnlangakast og endaði á bráðamóttöku. Kolbrún horfir hins vegar á björtu hliðarnar eins og vanalega og segir á léttu nótonum að eiginmaður hennar hafi beðið hana að fljúga aldrei á þessum degi. Hafa vinkonur Kolbrúnar ákveðið að pakka henni inn í bómull þegar þennan mánaðardag ber upp á næsta ári. „Ég get útilokað að lenda í botnlangak-



asti þegar ég dvel í ríflega mánuð í Nepal í haust,“ segir Kolbrún og bætir við: „Ég er því þegar öllu er á botninn hvolft ein heppin þía.“

Hélt að blaðberi væri innbrotspjófur

Gísli Örn Garðarsson varaði við innbrotspjófi á Nesvegi í vikunni en hann tjáði sig í Facebook-hópnum Vesturbærinn. „Hér neðst á Nesvegi gengu menn um með höfuðlukt og reyndu að finna sér leið inn í nærliggjandi hús klukkan 2 í nótt: Tékkuðu á gluggum og hurðum.

Lögreglunni var gert viðvart án teljanlegra viðbragða. Nágranni sem varð vitni lét okkur vita rétt í þessu.“

Fljótlega kom í ljós að blaðberi Fréttablaðsins fer snemma af stað eða rétt eftir miðnætti og leystist gátan þegar greint var frá því að blaðberinn væri ávallt með höfuðljós.



Bryndís og Gísli kaupa 300 fermetra glæsihýsi

Metið á rúmlega 110 milljónir ■ Skammt frá Ríkisútvarpinu

Fyrirsætan Bryndís Gyða Michelsen hefur, ásamt eiginmanni sínum Gísla Kr. Katrínarsyni, fest kaup á 300 fermetra einbýlishúsi að Viðjugerði 10. Gísli starfar sem verkefna- og vörustjóri skjálausna hjá Advania en Bryndís Gyða er í lagánámi í Háskólanum í Reykjavík. Bryndís er afburðanemandi og hefur í þriggja árin verið veitt viðurkenning fyrir framúrskarandi námsárangur. Bryndís er með efnilegri nemendum sem hafa stundað nám í lagadeildinni og mun án efa láta mikið að sér kveða þegar hún útskrifast.

Bryndís vakti fyrst athygli fyrir að sitja fyrir, seinna stofnaði hún, ásamt Krístrínu Ösp Barkardóttur og Kiddu Svarfdal, kvennavefinn hun.is. Náði sá vefur strax miklu flugi en Bryndís sagði skilið við vefinn og minna fer fyrir honum í dag. Bryndís var áberandi í íslenskum



fjölmíðlum og var vinsæll pistlahöfundur en hefur haldið sig til hlés síðustu ár og einbeitt sér að náminu.

Húsið sem Bryndís og Gísli festu kaup á er í fallettgrötu sem árið 1998 var kosin sú fallettagasta í Reykjavík. Húsið stendur skammt frá Ríkisútvarpinu og er um 300 fermetrar. Á neðri hæðinni eru þrjú herbergi, stórt rými og bað-

herbergi. Á efri hæðinni er eldhúsið, rúmleg stofa með kaminu, borðstofa, baðherbergi, hjónaherbergi og tvö minni herbergi. Bílskúrinn er tvöfaldur. Úti er stór sólpallur, garður og garðhús. Samkvæmt Procura er húsið metið 113 milljónir króna. Húsið er teiknað af Kjartani Sveinssyni og byggt árið 1974. Frá húsinu er fallett útsýni. ■



et
EHF.

VERSLUN

**FRÁBÆRT ÚRVAL
DÍÓÐU (LED)
VÖRUBÍLA OG KERRU-
LJÓSA Á GÓÐU VERÐI**

Klettagörðum 11 • 104 Reykjavík
S: 5682130 • Fax: 5680844 • www.et.is



Búdapest Ungverska höfuðborgin er sívinsæll áfangastaður Íslendinga



4 staðir til að heimsækja í Búdapest og 1 til að sleppa

Íslendingar hafa tekið því fagnandi að ungverska laggjaldaflugfélagið Wizz Air hóf að fljúga beint milli Reykjavíkur og Búdapest fyrir einmitt tveimur árum. Flogið er tvisvar í viku og fargjöldin eru afar hagstæð. Borgin er þess vegna feikivinsæll áfangastaður og virðist ekkert lát á. Fyrir ári brá blaðakonan Steingerður Sonja Þórisdóttir sér til ungversku höfuðborgarinnar í nokkra daga til þess að njóta lífsins. Í ferðagrein þessa helgarblaðs rifjar hún upp þá fjóra staði sem enn eru greypfir í minni hennar eftir ferðina og auk þess sem varað er við frægri túristagildru. Þá fylgja með góð ráð og nokkur léleg ráð. ■

steingerdur@dv.is



Central Market Hall

Vamhaz korut 1-3, Búdapest 1093

Stærsti innanhússmarkaðurinn í Búdapest er rétt við bakka Dónár og vel þess virði að skoða þrátt fyrir að verðið sé þónokkuð hærra en maður á að venjast. Þarna er hægt að kaupa minjavöru og alls konar matvæli sem eru ólík því sem finnst í verslunum heima. Ég nýtti sjálf tækifærið og keypti þarna ársbirgðir af reyktu paprikukryddi í ungversku gúlassúpurnar sem ég hét að gera minnst vikulega eftir heimsóknina. Kryddið er vissulega nánast ósnert en fyrir aðra er þetta góður staður til að nálgast það, nú eða bara að heyra í mér. Ég á nóg. Á efri hæð markaðarins er hægt að tylla sér niður og smakka ýmsa rétti frá mismunandi básum eða fá sér kaldan bjór. Svo er kjörið að heimsækja markaðinn þótt það sé bara til að upplifa stemninguna.

Lélegt ráð: Kaupa kíló af paprikukryddi fyrir súpur sem verða aldrei eldaðar.

Gott ráð: Láta umrætt paprikukrydd í traustar umbúðir. Það var ekki skemmtileg sjón sem blasti við þegar ég opnaði ferðatöskuna. Hún var allavega mjög rauð.

Skemmtistaðurinn Szimpla Kert

Kazinczy u. 14, Búdapest 1075

Staðurinn var stofnaður um síðustu aldamót og er byggður í rústum frá seinni heimsstyrjöld, en margar byggingarnar grotnuðu niður ónýttar í kjölfar stríðsins. Nú eru barir í rústum sem þessum aðaltískan í nætulífi borgarinnar. En Szimpla Kert var fyrstur af þeim settur á laggirnar og er alveg risastór. Að sama skapi er þetta einn af fáum skemmtistöðum í borginni þar sem maður lendir í röð. Við fórum seint á sunnudegi en samt var allt troðið og varla fannst sæti í húsinu. Hver salur bauð upp á mismunandi stemningu, nokkur herbergi voru í rólegri, og meira svona í „hverfisbars“ gírnum en svo voru rokkónleikar í næsta sal. Áfengið var ódýrt, eins og alls staðar í Búdapest, og þetta var ótrúlega skemmtileg og öðruvísi upplifun fyrir Íslending sem er vanur að hanga bara á smábörum á hliðargötum Laugavegarins og sitja sem fastast. Svo var líka skemmtilegt að allir veggir voru útkrotadír og nokkrum sinnum sáum við íslensk og jafnvel kunnugleg nöfn. Mér var farið að finnast vængir sjálfstæðisfálkans breiða sig furðu víða þegar ég tók eftir X-D um alla veggir en eflaust stóð það fyrir eitthvað annað.



Gott ráð: Mæli með að fólk pissi áður, klósettin eru ógeðsleg. Finn enn þá lyktina þegar ég loka augunum undir rokkónlist.

Lélegt ráð: Það getur verið órlítið troðið og ungverskir barþjónar skenkja órlátt. Ágætis hugmynd að vera ekki í sparikjólum.



Veitingastaðurinn Soul Food

Kazinczy u. 32, Búdapest 1075,

Hræðdýr staður með blöndu af kreólsku og öðru sálarfæði sem er vinsælt í Suðurríkjum Bandaríkjanna. Réttirnir kosta flestir undir þúsund krónum íslenskum og þegar ég var stödd þarna var bjórinn á 65 krónum og rauðvínsglasíð á 150 krónum. Sem sagt á Soul food getur þú fengið tíu glös á verði eins héra á Ísland, sem mér fannst þá hálfgerð skylda að gera. Hagstætt verð virðist þó ekkert bitna á gæðunum en svo er líka bara svo skemmtilegt að prófa eitthvað sem býðst ekki á Íslandi. Enginn veitingastaður hérlendis sérhæfir sig í þessari tegund matargerðar og það var einstaklega gaman að fá tækifæri til að prófa alvöru Jambalaya í fyrsta skipti.

Gott ráð: Staðurinn er frekar lítill svo gott er að fara ekki á háannatíma nema maður hafi svigrúm til að bíða.

Lélegt ráð: Að panta tíu rauðvínsglós bara af því þau eru svo ódýr.



Széchenyi-baðhúsið

Állatkerti krt. 9-11, Búdapest 1146

Búdapest er þekkt fyrir mikla baðhúsamenningu og vildu margir meina að það væri fásinna að taka sér ekki dag í að heimsækja eitt þeirra. Persónulega fannst mér þetta ekkert annað en ofmetin sundlaug sem rúkkar alltof mikið. Einn af ferðafélögum mínum hafði búið áður í borginni og ég sá það á honum að þessi æsingur okkar í að heimsækja eitt af þessum umtöluðu baðhúsum væri kannski ekki réttlætlanlegur. Við fórum í eitt þekktasta baðhúsið þar sem búningaklefararnir eru ekki kynjaskiptir. Ég er svo sem ekkert þekkt fyrir að vera spéhrædd almennt en það var furðuleg reynsla að deila þeirri nánun stund með fjörgömlum ungverskum pípara að afklæðast hlið við hlið. Reyndar voru einhverjir litlir klefar þarna sem eru víst hugsadír til fataskipta, en hver hefur tíma fyrir það. Allavega ekki ég eða vinur minn, ungverski píparinn. Sá ferðafélaganna sem hafði suðað í gegn baðhúsaheimsóknina reyndi að sannfæra okkur hin um að þetta væri stærsti heiti þottur í Evrópu. Arkitektúrinn var kannski aðeins meira smart en héra heima en ég hef aldrei fundið jafn marga plástra.

Gott ráð: Sleppa því að fara og skella sér frekar í Vesturbæjarlaugina.

Lélegt ráð: Borga fimm þúsund krónum fyrir sund.

SLEPPA

Sjómannavirkið og Matthíasarkirkja

Szentháromság tér, Búdapest 1014

Sjálf er ég ekki mikið fyrir hina klassísku túristastaði, arkitektúr eða aðra hámenningu enda ekki við öðru að búast frá manneskju sem hefur fimm sinnum farið til Benidorm en aldrei til London. En það það var mikilfengleg sjón, þinghúsið baðað ljósum á hlýri vörnóttu frá Fisherman-virkinu í Buda-hluta borgarinnar. Við eyddum mestöllum tíma okkar Pest megin Dónár en skruppum yfir til að skoða helstu túristastaðina. Fyrir um daginn höfðum við klifið Gellert Hill sem reyndist þrautin þyngri fyrir lofthædda manneskju eins og mig. Það var þó vel þess virði til að sjá borgina betur. Við virkið sá ég líka í fyrsta sinn Starbucks-stað í borginni, það er henni eflaust til hróss þótt ég setji spurningarmerki við að það hafi verið í þessu fornfræga sögulega virki í skjóli Matthíasarkirkju.



Lélegt ráð: Taka 400 myndir. Ég skil ekkert hvað ég var að pæla núna ári seinna. Fjórar hefðu verið nóg.

Gott ráð: Þegar þú finnur Matthíasarkirkju fyrir tilviljun þegar þú ætlaðir bara að fara á helsta Starbucks-staðinn, ljúðu að því hafi verið óflugt farið.

NÝ KYNSLÓÐ

MANITOU
HANDLING YOUR WORLD

skotbómulyftara

HANNAÐUR TIL AÐ

VINNA VERKIN

AG línan frá Manitou býður meðal annars upp á nýtt ökumannshús með góðu aðgengi og útsýni.



- Meira útsýni
- Þægilegra innstig
- DSB stjórnatakka
- JSM stýripinni í fjaðrandi armi
- Stýrð stjórnun og hraði á öllum glussahreyfingum
- Virk dempun á bómu
- Hnappur sem losar glussaþrýsting á tengjum
- Og margt fleira



Góð viðgerða- og varahlutabjónusta

Manitou er þarfasti þjónninn í dag

til lands og sveita



„ELSKU MAMMA HRINGDI Í ÁFALLI“

Allir meðlimir Kaleo ranglega sagðir glæpamenn

Kaleo arrested at Los Angeles Airport With 20Kg of Cocaine

Hjálmar Friðriksson
hjalmarmar@dv.is



Allir fjórir meðlimir íslensku rokkhljómsveitarinnar Kaleo hafa verið handteknir á alþjóðflugvelli Los Angeles fyrir tilraun til smygls á 20 kílógrömmum af kókaíni sem var falið í tveimur kaffipokum. Svo hljóðar inngangur „fréttar“ á vefnum fox-news24.com. Þar er fullyrt að fíkniefnin hafi fundist í fórum

Rubins Pollock gítarleikara en öll hljómsveitin hafi verið handtekin vegna rannsóknarhagsmuna.

Til allra lukku fyrir unnendur hljómsveitarinnar er þetta falsfrétt. Líkt og sjá má á Instagram-síðu hljómsveitarinnar ganga meðlimir hennar lausir, en myndinni hér fyrir neðan var deilt í gær. Síðan sem „fréttin“ birtist á er ótengd Fox News. Til marks um að hún dreifi falsfréttum þá er ekki hægt að deila slóð síðunnar í

skilaboðum á Facebook. Á vefsíðunni Factcheck.org er fox-news24 á lista yfir þekktar falsfréttamiðla.

Í stuttu skriflegu samtali var ekki að heyra á Rubin að falsfréttin hafi valdið honum áhyggjum. „Nei, mér fannst þetta mjög fyndið, en elsku mamma hringdi í mig í áfalli,“ sagði Rubin.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Íslendingur verður skotspónn falsfréttar. Grínistinn Helgi Steinar Gunnlaugsson varð fyrir því á

dögnum að falsfréttamiðillinn Global News greindi ranglega frá því að hann væri látinn. Í samtali við Vísi hafði Helgi húmor fyrir þessu og sagði: „Ég skil ekki hver hvatinn á bak við þetta er og get ekki séð hvernig þeir eiga að geta fengið peninga út úr þessu eins og í „Nígeríu-svindlum“ svokölluðum. Ef einhver úr fjölskyldu minni hefði séð



þetta þá hefði dugað að hringja í mig til að afsanna þetta.“ ■

„A dyslexic man walks into a bra“

Færeyski söngfuglinn Jógvan Hansen hefur svo sannarlega sjarmerað sig í hug og hjörtu landsmanna og er í dag einn af okkar vinsælustu söngvurum. Jógvan gaf sér tíma í æfingum fyrir tónleika Dean Martin og Frank Sinatra til að sýna lesendum DV á sér hina hliðina.

Ef þú þyrftir að breyta, hvað myndirðu vilja heita annað en Jógvan eða vera annað en söngvari? Ég mundi helst vilja vera húsasmiður.

Hverjum líkist þú mest? Systur minni, er mér alltaf sagt.

Í hverju finnst þér þú vera betri en aðrir? Ég hef aldrei fundið neitt!

Ef þú þyrftir að eyða 100 þúsund kalli á klukkutíma, í hvaða verslun færirðu? Blómabúð. Ég elska blóm.

Sex ára barn spyr þig hvort jólasveininn sé til. Hvernig svarar þú? Að hann sé til og verði það alltaf.

Ef þú mættir velja eitt lag sem yrði alltaf spilað um leið og þú gengir inn í herbergi allt þitt líf, hvaða lag myndirðu velja? Moon River.

Hvaða lag hefðir þú viljað hafa samið? My Heart Will Go On.

Hvaða lag skammastu þín mest fyrir að hafa haldið upp á? Eiginlega ekkert held ég.

Ef þú þyrftir að dansa til að bjarga lífinu, undir hvaða lagi myndirðu vilja dansa? Sway.

Hvað ætti ævisagan þín að heita? Set the Sails.

Hvaða bíómynd hefurðu séð oftast? 300.

Hvað var í tisku þegar þú varst yngri en er það ekki lengur? Turkish Lewis gallabuxur.

Yfir hverju getur þú alltaf hlegið? Prumpubröndurum frá systur minni.

Borðarðu mat sem er kominn fram yfir síðasta sölundag? ÖHHH ja!

Heilsarðu frægum Íslendingum úti á götu, þótt þú þekkir þá ekki persónulega? Já, ekki spurning.

Hvaða ósíd hefur þér reynst erfiðast að hætta? Nikótínnotkun.

Hverju laugstu síðast? Ég þori ekki að segja það hér.

Um hvað geta allir í heiminum verið sammála? Að lífið er stutt.

Hvað í hegðun hins kynsins ruglar þig mest? Guð, hvar á ég að byrja. Gæti skrifað heila bók um það.

Á hvern öskraðirðu síðast? Börnin mín í morgun, því miður.

HIN HLIÐIN



Hvaða einstakling finnst þér þú þekkja, þótt þú hafir aldrei hitt hann? Abraham Lincoln.

Hvað er það merkilegasta sem hefur gerst í heiminum á þínum líftíma? Turkish Lewis gallabuxur.

Hvaða hljóð fer mest í taugarnar á þér? Vekjaraklukkan.

Hvaða frægu persónu leistu upp til en sérd eftir því í dag? Bill Cosby.

Hvaða viðburð sérðu mest eftir að hafa misst af? Michael Jackson History tónleikunum í Kaupmannahöfn árið 1998. Átti miða en fór ekki.

Hver er lélegasti fimmaur sem þú hefur heyrt? A dyslexic man walks into a bra.

Hver er versta vinnan sem þú hefur unnið? Hnýta króka í taumana sem fara á línu.

Í hvaða íþróttagrein finnst þér að keppendur ættu að leika ólvaðir? Fótbolta ekki spurning.

Ef þú yrðir handtekinn án skýringa, hvað myndu vinir þínir og fjölskylda halda að þú hefðir gert af þér? Hvað varstu að gera af þér í þetta skiptið drengur?

Hvaða teiknimyndapersónu myndirðu vilja eiga sem vin? Andrés Önd.

Hvað ættu allir að prófa að minnsta kosti einu sinni í lífinu? Að búa í öðru landi. Það er svo hollt fyrir manneskju að upplifa hvernig það er að byggja sig upp.

Hvað myndirðu segja ef Guð hnerradi? Gaman að heyra í þér.

Ef þú myndir borða sjálfan þig, hvort myndirðu hverfa eða tvöfalda? Tvöfalda.

Ef þróunarkenningin er rétt, af hverju eru svin þá ekki með vængi? Þetta er náttúrulega bara spurning um tíma.

Nú labbar mörgæs með kúrekahatt inn um dyrnar hjá þér. Hvað segir hún og af hverju er hún þarna? Má ég bjóða þér að kaupa happdrættismiða? Við erum að safna fyrir utanlandsferð.

Ef þú værir ritstjóri dagblaðs og sama daginn myndi Lagarfljótsormurinn finnast, Frikki Dór vinna Eurovision fyrir Íslands hönd og Donald Trump vera myrtur. Hver væri stærsta fyrirsögnin í blaðinu þínu daginn eftir? Allt á uppleið.

Ef þú kæmir einn daginn heim úr vinnunni og þar væri enginn nema Geir Ólafsson í sturtu, myndirðu hringja í lögrelguna? Nei, ég mundi taka lagið með honum.

Hver er tilgangurinn með þessu jarðlífi? Ást.

Hvað er framundan um helgina? Dean Martin og Frank Sinatra tónleikar í Salnum Kópavogi.



Den Danske Kro

Kro Bodega Pub



* HAPPY HOUR FRÁ 16-19 ALLA DAGA *

* LIFANDI TÓNLIST ÖLL KVÖLD *



Hvað segir mamma?



Skagamaðurinn og knattspyrnuhettjan Ólafur Þórðarson hefur verið mikið milli tannanna á fólki eftir viðtal sem birtist í þættinum Návígi á fótolti.net. Þar gagnrýndi hann þjóðfélagið harkalega, sagði að það væri verið að „kellingavæða allt saman“, „femínisminn væri orðinn allsráðandi“ og verið væri að „ríta-líndópa börn frá unga aldri.“ Olli þetta miklum úlfafyri á samfélagsmiðlum og margir sögðu viðhorf Ólafs gamaldags og fordómfull en flestir sem til þekkinga í knattspyrnuheiminum og þekkinga Ólaf hafa verið hann. Ólafur sér ummælin hins vegar ekki þar sem hann er ekki sjálfur á samfélagsmiðlum.

Móðir Ólafs, Ester Teitsdóttir, er 85 ára gömul Skagamær og eldhress. Hún segir:

„Ólafur var ósköp jafnlyndur greið og alltaf kátur.“

Hvernig var hann sem barn?

„Hann var mjög athafnasamur sem barn. Við áttum heima á Sóleyjargötunni á Akranesi og þar fyrir framan er stórt tún sem er kallað Merkurtún. Þar var allur skarinn af Skaganum að leika sér í fótolta og allra handa leikjum og Ólafur var þar mikið. Ég kallaði á hann í mat og svo var farið út aftur og leikið sér fram á kvöld. Það var ekkert hang-ið í tölvum, en þær voru reyndar ekki til þá,“ segir Ester og hlær.

En þegar hann varð eldri?

„Hann var tekinn í vinnu og látinn hjálpa til. Pabbi hans var með bílaútgerð og Ólafur var látinn bera pakka og annað sem þurfti að gera þar.“

Bókin á náttborði Elizu



„Ég les núna „This Child Will be Great“, sjálfsævisögu Ellen Johnson Sirleaf. Hún var forseti Líberíu þar til fyrir skemmstu, fyrsta konan sem náði kjóri í það embætti í Afríkuríki og handhafi friðarverðlauna Nóbels árið 2011. Mér finnst bækur um stjórnsmál skemmtilegar, ekki síst um konur á þeim vettvangi. Saga Johnson Sirleaf er stórmerkileg, saga ótrúlegrar þrautseigju og viljastyrks,“ segir Eliza Reid forsetafrú.



Þetta er marklaust hjall!

Loki

„Þurfti nánast að veiða þær úr netinu eins og þorska“

Blóraböggull í tapi Skagamanna í undanúrslitum árið 1979 fundinn

Fátt vakti meiri athygli í vikunni en viðtal Guðlaugs Jónssonar við knattspyrnu-göðsögnina Ólaf Þórðarson í hlaðvarpsþættinum Návígi á fótolti.net. Það sést best á þessari baksíðu blaðsins sem tileinkuð er kappanum. Á unglingsárum sínum var Ólafur hluti af sigursælu ÍA-liði í yngri flokkum. Liðið landaði Íslandsmeistaratitli árið 1977 og aftur árið 1981. Í millitíðinni var liðið slegið út í undanúrslitum árið 1979 og í viðtalinu upplýsti Ólafur hver hefði verið blóraböggullinn að hans mati. Það var enginn

annar en verkalýðsleiðtoginn Vilhjálmur Birgisson, sem var markmaður liðsins.

„Villi Birgis verkalýðsforingi var bak við markið að reyna að höstla einhverjar stelpur og við fengum á okkur mark sem kostaði okkur að komast í úrslitaleikinn,“ sagði Ólafur. Tók hann sérstaklega fram að ekkert hafi komið út úr kvennafari Vilhjálms „frekar en fyrri daginn“.

DV bar þetta hitamál undir Vilhjálm sjálfan og hann vék sér ekki undan ábyrgð. „Það er mögulega sannleikskorn í þessu. Það kann að vera að ég hafi verið að veita ein-

hverjum stúlkum athygli og fengið á mig mark. Óli hefur ekki talað um annað í fjóra áratugi,“ segir Vilhjálmur. Hann vill þó meina að undirliggjandi ástæða reiði Ólafs sé ekki annálað keppnisskap hans heldur hrein og klár afbrýðisemi.

„Stelpurnar höfðu aldrei neinn áhuga á að fylgjast með honum á miðjunni. Þær voru alltaf bak við markið hjá mér, það þurfti nánast að veiða þær úr netinu eins og þorska eftir hvern einasta leik,“ segir Vilhjálmur léttur. ■



HJÓLUM INN Í SUMARIÐ



Frábært verð ár eftir ár!

Kven- og karlahjól
28" karla, 26" kvenhjól, 6 gira með brettum og körfu.

28.995

49620200-1



Barnahjól
Gult eða ljósblátt 16".

20.995

49620062A/3A

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndbrenngi. Tilboð gilda út 18. apríl eða á meðan birgðir endast.

VIÐ ERUM BYRJUÐ AÐ GRILLA

Broil King
Great Barbecues Every Time

Tilboðsverð

Royal 320
gasgrill, 8,8 kW, eldunarsvæði: 2130 cm². Mjög sterkar grillgrindur úr pottjárnri. Ryðfrítt Flave-R-Wave™ eldunarkerfi. Þrjár ryðfríir brennarar. Sure-Lite™ elektrónískt kveikikerfi. Fellanleg hliðarborð. Hitamælir í loki.

49.995

50657512

Almennt verð: 59.995

Komdu og skoðuðu úrvalið af grillum



TRAMPÓLÍNIN ERU KOMIN

NÝTT BLAÐ



Lestu blaðið á byko.is

Auðvelt að versla á byko.is

BYKO

GERUM PETTA SAMAN

25 ára afmælistilboð Hirzlan



ÓDÝRUSTU
RAFMAGNSBORÐIN
Á ÍSLANDI!

-45%

**PRIMA
RAFMAGNSBORÐ**
150x80cm

Áður 91.800 kr.
Nú 49.800 kr.

30% afsláttur af öllum vörum
... og meira af sumum allan afmælistímanninn!

MYNDFORM GRAFIK



-43%

SUPPORT

Áður 34.900 kr.
Nú 19.800 kr.



-50%

SITNESS HIGH BOB

Áður 39.900 kr.
Nú 19.950 kr.

ERT ÞÚ MEÐ
VERKEFNI?

Leitaðu tilboða því
við viljum allt fyrir þig
gera á afmælistíminu

Hirzlan <sup>25
ára</sup>

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN - MEÐ ÞÉR Í 25 ÁR

Síðumúla 37,
108 Reykjavík
Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is
www.hirzlan.is

ERT ÞÚ MEÐ BAKVERKI?

FAGADILAR MÆLA MEÐ WAGNER

MÁ BJÓÐA ÞÉR SÆTI Í HEILA VIKU?

Er erfitt að finna rétta
skrifborðsstólinn?
Komdu við í verslun okkar, fáðu
ráðgjöf og að lokum færð þú stól
að láni í heila viku!

wagner

EINU STÓLARNIR MEÐ



Dondola®

360°

VELTITÆKNI

WAGNER
ERGOMEDIC 100-2

-30%
afsláttur af
öllum vörum í apríl

FAGADILAR MÆLA MEÐ WAGNER



Elís Þór Rafnsson
sjúkrabjálfari



Hirzlan ^{25 ára}

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN - MEÐ ÞÉR Í 25 ÁR

Síðumúla 37, 108 Reykjavík. Sími: 564-5040. hirzlan@hirzlan.is. www.hirzlan.is